# Stjarna hennar skín enn skært

Billie Holiday hefði orðið níræð á fimmtudaginn var. Hún lést 44 ára gömul og tæplega hálfri öld eftir dauða sinn er hún enn frægasta djasssöngkona í heimi.

SÍÐA 16 ▶




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. apríl 2005 – 95. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


**SUNNUDAGUR**



**ÁSTAND SLÆMT Á SJÚKRAHÚSUM** Pálína Ásgeirsdóttir verður fyrst íslenskra hjúkrunarfræðinga til að setjast í stól yfirmanns spítalahjúkrunarþjónustu Alþjóða Rauða krossins í Genf um næstu mánaðamót. Hún starfaði við uppbyggingu í Afganistan. **Sjá síðu 2**

**SPRENGJA GRANDAR RÚTU** Jarðsprengja sprakk undir rútu í Nepal í gær með þeim afleiðingum að þrír menn fórust og 27 særðust. Rútunni var ekið í trássi við ellefu daga allsherjarverkfall sem uppreisnarmenn lýstu yfir um síðustu helgi **Sjá síðu 2**

**ÁRATUGA SAMBAND KÓRÓNAÐ** Allt gekk samkvæmt áætlun er Karl Bretaprins og Camilla Parker Bowles gengu í hjónaband í Windsor á Englandi í gær. **Sjá síðu 4**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING EÐA SLYDDA** norðaustan og austan til en skúrir annars staðar. Minnkandi úrkoma þegar líður á daginn. Hiti 0-7 stig mildast syðst. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í SALNUM** Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari halda útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi klukkan 20. Þær munu flytja verk eftir Leos Janácek, George Enescu, Zoltán Kodály og Bohuslav Martinú.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Bækur | 28 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 20 |
| Fólk | 34 | Sjónvarp | 32 |



**77%**

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Útrás frá hærri launum

**Forystumenn í verkalýðshreyfingunni velta fyrir sér hvort útrás íslenskra fyrirtækja sé í raun útrás eða kannski flótti frá íslenskum vinnumarkaði.**

**ATVINNUMÁL** Vangaveltur eru innan verkalýðshreyfingarinnar um það hvort útrás íslenskra fyrirtækja, til dæmis til baltnesku landanna, sé útrás eða flótti frá íslenskum vinnumarkaði þar sem starfsmenn hafa góð laun, njóta mikilla réttinda og verkalýðshreyfingin er sterk.

Verkalýðshreyfingin í baltnesku löndunum er veik. „Þar geta atvinnurekendur ráðið og rekið fólk eins og þeim sýnist. Á Norðurlöndunum er verkalýðshreyfingin sterk. Hér er ákveðin hefð fyrir samskiptum á vinnumarkaði sem ekki er fyrir hendi í baltnesku löndunum. Því spyrjum við: Er verið að misnota fólk. Starfsgreinasambandið ætlar að fjalla um þetta á málþingi 10. maí," segir Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

Félagsleg undirboð og straumur fólks á vinnumarkað án tilskilinna leyfa einkennir vinnumarkaðinn þessa dagana. Skúli segir að sama vandamál sé í öðrum ríkjum Evrópu en verkalýðshreyfingin styðji við bakið á verkalýðshreyfingunni í ríkjum gömlu Sovétríkjanna og Austur-Evrópu.

„Samkeppnisstaða fyrirtækja á markaði ræðst af því hvaða kostnað fyrirtækin hafa af sinni starfsemi. Þar er launaþátturinn mikilvægur. Sum fyrirtæki fara úr landi og hasla sér völl þar sem þau fá ódýrara vinnuafl. Það þýðir að verkalýðshreyfingin verður líka að hefja útrás," segir hann.

Jón Guðmann Pétursson, forstjóri Hampiðjunnar, er ósammála því að útrásin sé flótti. Margar ástæður séu fyrir því að hagkvæmara sé að hafa vissa þætti starfseminnar erlendis, til dæmis gengismál. Í því felist bara skynsemi og komi launum og réttindamálum ekkert við.

„Samkeppni frá Asíu fer vaxandi. Hér er hátt menntunarstig og mikil þekking en ég held að það styrki fyrirtækin í heild að geta verið með hluta starfseminnar í öðru umhverfi en þessu íslenska. Hampiðjan hefur aldrei verið með öflugri starfsemi á Íslandi en núna," segir hann. **- ghs**

## Samtök iðnaðarins: Spurning um líf eða dauða

**ATVINNUMÁL** Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, telur að útrás fyrirtækjanna sé ekki flótti frá íslenskum vinnumarkaði eða velferðarkerfi. Fyrirtækin séu í harðri samkeppni og flytji framleiðslu[-]una utan til að standast hana.

„Þetta getur verið spurning um líf eða dauða þegar fyrirtækin reyna að framleiða vöruna hér með þeim kostnaði sem hér er í samkeppni við vöru sem er framleidd með miklu minni tilkostnaði erlendis," segir hann. **-ghs**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BIKARINN Á LOFT Í STYKKISHÓLMI** Gunnar Einarsson, fyrirliði Keflvíkinga, sést hér lyfta Íslandsmeistarabikarnum í körfubolta á loft í Stykkishólmi í gær. Keflavík varð Íslandsmeistari þriðja árið í röð eftir tíu stiga sigur, 98–88, á Snæfelli í fjórða leik liðanna í lokaúrslitunum. **Sjá síðu 25**

## Mótmæli í Bagdad: Hernámið fordæmt

**ÍRAK, AP** Tugir þúsunda mótmælenda hrópuðu „Nei við Ameríku" á fjölmennustu mótmælasamkomu sem fram hefur farið í Bagdad frá því landið var hernumið af Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra. Upp á dag tveimur árum eftir að stór stytta af Saddam Hussein var felld af stalli á torgi í miðborg Bagdad söfnuðust fylgismenn róttæks leiðtoga sjíamúslima, Muqtata al-Sadr, þar saman í gær til að mótmæla hernáminu og felldu og brenndu líkneski af George W. Bush Bandaríkjaforseta, Tony Blair forsætisráðherra Bretlands og Saddam Hussein.



**BLAIR OG BUSH SMÁNAÐIR**
Íraki hamrar hælnum á skó sínum á líkneski af Tony Blair, sem síðan var brennt á sama torgi í Bagdad og stór Saddam-stytta var felld á fyrir réttum tveimur árum.

„Þessi stóra samkoma sýnir að íraska þjóðin hefur þann styrk og þá trú sem þarf til að verja land sitt og frelsa það undan hernáminu," hefur AP-fréttastofan eftir Ahmed Abed, 26 ára gömlum þátttakanda í mótmælafundinum.

Talsmenn bandaríska yfirvalda hafa ekki viljað festa neina dagsetningu á það hvenær hernáminu skuli ljúka, en hafa heitið því að bandarískir hermenn verði í Írak þar til eigin öryggissveitir og her nýrrar lýðræðislega kjörinnar Íraksstjórnar verði færar um að tryggja öryggi í landinu. ■

## Tékkland: Gross boðar afsögn

**TÉKKLAND, AP** Stanislav Gross, forsætisráðherra Tékklands, tilkynnti í gær að hann hygðist segja af sér og víkja úr vegi fyrir nýrri ríkisstjórn. Með þessu vonast Gross til að leysa pólitískan hnút sem skapaðist vegna hneykslis í kringum fjármögnun lúxusíbúðar hans.

Fyrst hélt hann því fram að hann hefði sjálfur fjármagnað íbúðina, en síðar kom í ljós að peningarnir komu frá blaðamanni.

Gross tilgreindi ekki nánar hvenær hann myndi víkja úr forsætisráðherrastólnum, að því er Jan Kohout, sendiherra Tékka hjá Evrópusambandinu í Brussel, greindi frá, en líklegast er talið að Jafnaðarmannaflokkur Gross muni tefla Kohout fram sem næsta forsætisráðherraefni. ■

**Enginn sunnudagur án messu**

Halldór Reynisson hjá Biskupsstofu ræðir um messu- og kirkjusókn Íslendinga.



**SÍÐUR 14 & 15** ▶

**Mun aldrei krefja hann um krónu**

Sæmi Rokk leyfir lesendum að skyggnast örlítið á bak við myndina af Bobby Fischer.



**SÍÐA 12** ▶



## SPURNING DAGSINS

*Eyrún, er félagið ekki að sligast af verkefnum þessa dagana?*

**„Jú, en við sinnum þessum skylduverkum af einskærum áhuga og gleði."**

Eyrún Ingadóttir er kammerjómfrú Hins konunglega fjelags. Mikið hefur verið um að vera hjá konungsfjölskyldum Evrópu upp á síðkastið.

Átök í Nepal:

# Tugir skæruliða felldir

**NEPAL, AP** Hermenn úr stjórnarher Nepals hrundu árás uppreisnarmanna á herstöð í fjallahéraði í norðvesturhluta landsins. Að minnsta kosti fimmtíu uppreisnarmenn voru felldir í bardaganum, að því er talsmenn hersins greindu frá í gær.

Hundruð skæruliða gerðu árás á herstöðina á fimmtudagskvöld. Bardaginn stóð í tólf tíma að því er herinn upplýsti. Átta hermenn hlutu misalvarleg sár og voru þeir fluttir í þyrlu á sjúkrahús.

Héraðið þar sem átökin urðu er að miklu leyti á valdi uppreisnarmanna sem segjast berjast í anda Maós formanns, en þeir vilja fella stjórn Gyandendras Nepalkonungs. Um síðustu helgi hvöttu uppreisnarmenn til allsherjarverkfalls í mótmælaskyni við að konungur skyldi hafa tekið sér alræðisvald 1. febrúar. Konungur hefur sagt að sér hafi verið nauðugur einn kostur að taka fram fyrir hendurnar á stjórnmálamönnunum, því þeim miðaði ekkert í að kveða niður uppreisnina. Um 500 manns sem mótmæltu alræðisvaldi konungs voru handtekin í borgum Nepals í gær, að sögn fólks sem fylgist með þróun mála í landinu. Yfir 10.000 manns hafa fallið í uppreisninni frá því að hún hófst árið 1996. ■



**GYANENDRA KONUNGUR**
Uppreisnarmenn í Nepal hafa í tæpan áratug háð vopnaða baráttu gegn konungsstjórninni.

Ísrael-Palestína:

# Drengir skotnir á Gaza

**PALESTÍNA, AP** Ísraelskir hermenn skutu á hóp palestínskra unglinga á sunnanverðu Gaza-svæðinu í gær, með þeim afleiðingum að þrír unglingar létu lífið. Þetta er mannskæðasta atvikið sem átt hefur sér stað á Gaza síðan lýst var yfir vopnahléi í átökum Ísraela og Palestínumanna fyrir tveimur mánuðum.

Atvikið varð í Rafah-flóttamannabúðunum, næst landamærunum að Egyptalandi. Það bætir á spennuna sem orsakast hefur af áformaðri göngu herskárra gyðinga á stað í Jerúsalem sem er helgur í augum trúaðra Palestínumanna. ■



Bílvelta í Kópavogi:

# Bíll hafnaði í húsagarði

**UMFERÐARSLYS** Árekstur varð á Hafnarfjarðarvegi laust eftir hádegi á laugardag með þeim afleiðingum að annar ökumannanna missti stjórn á bifreið sinni, sem þá rakst utan í nærliggjandi bíla áður en hún valt sjálf harkalega og hafnaði ofan í húsagarði við íbúðarhús á Ásbraut í Kópavogi.

Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Eftir skoðun var hann yfirheyrður af lögreglunni. Ökumann hinnar bifreiðarinnar er lenti í árekstinum sakaði ekki. Bifreiðin sem valt skemmdist mikið í veltunni og er talin ónýt. - þlg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SKEMMDARVERK Á AKRANESI** Keyrt var utan í kyrrstæðan glænýjan fólksbíl á mótum Kirkjubrautar og Merkigerðis á Akranesi á tímabilinu frá klukkan 21 á föstudagskvöld til 14.45 á laugardag, og stungið af frá verknaðinum. Bíllinn er talsvert skemmdur. Lögregla hvetur vitni til að hafa samband eða sökudólginn að gefa sig fram.

**HRAÐAKSTUR Í BORGARNESI** Alls voru sextán ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi frá því seint á föstudagskvöld og aðfaranótt laugardags. Sýndi hraðamælir flestra ökumannanna hátt í 120 kílómetra hraða, þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

# Ástand slæmt á sjúkrahúsum

**Pálína Ásgeirsdóttir verður fyrst íslenskra hjúkrunarfræðinga til að setjast í stól yfirmanns spítalahjúkrunarþjónustu Alþjóða Rauða krossins í Genf um næstu mánaðamót. Hún hefur starfað að uppbyggingu í Afganistan.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Pálína Ásgeirsdóttir verður fyrst íslenskra hjúkrunarfræðinga til að gegna starfi yfirmanns spítalahjúkrunarþjónustu Alþjóða Rauða krossins í Genf. Hún tekur við starfinu um næstu mánaðamót.

„Ég verð í samstarfi við aðra á skrifstofunni í Genf í spítalastjórnun og uppbyggingu Rauða krossins í þeim löndum þar sem hann aðstoðar sjúkrahús," sagði hún.

Pálína hefur starfað af og til á vegum Rauða krossins síðan 1986. Hún hefur unnið á sjúkrahúsum sem almennur hjúkrunarfræðingur, svæfingarhjúkrunarfræðingur og stjórnandi. Síðustu tvö ár hefur hún verið í Afganistan, þar sem hún vann við sjúkrahús sem Rauði krossinn aðstoðar. Jafnframt starfaði hún fyrir hönd Rauða krossins með Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, svo og stórum styrktaraðilum sem styrkt hafa uppbyggingu hjúkrunarþjónustu í Afganistan.

„Starfið í Afganistan hefur verið mjög áhugavert," sagði Pálína. „Það hefur verið mjög gott samstarf milli þeirra sem unnið hafa að þessu verkefni. Við höfum verið að aðstoða heilbrigðisráðuneytið þar við að byggja upp stefnumótun í sjúkrahúsþjónustu fyrir allt landið."

Pálína sagði að ástandið í sjúkrahúsmálum í Afganistan væri ekki gott. Skiljanlega hefðu fjármunirnir fremur farið í að byggja upp heilsugæslu. Spítalarnir hefðu orðið útundan. Unnið hefði verið að því að byggja upp spítalaþjónustu sem væri hagkvæm og góð miðað við þær aðstæður sem væru í landinu. Þær væru bágbornar hvað varðaði húsnæði, allan tækjabúnað og menntun heilbrigðisstarfsmanna. Allt væri þetta í uppbyggingu, en ekki væri fyrirséð hvort nægilegir peningar fengjust í lágmarkshjúkrunarþjónustu.

„Nú söðla ég um," sagði Pálína. „Ég verð hinum megin við borðið en ekki lengur í viðkomandi löndum. Ég verð í stuðnings- og mótunarhlutverki í Genf. Vissulega mun ég sakna þess í bland að starfa ekki úti á vettvangi, en ég mun heimsækja þau lönd sem Rauði krossinn styður í þessum málaflokki."

jss@frettabladid.is



**PÁLÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR**
Hefur störf um mánaðamótin.

Íran og Ísrael:

# Neitar handabandi

**ÍRAN, AP** Mohammad Khatami Íransforseti harðneitaði því í gær að hann hefði tekist í hendur og spjallað við Moshe Katsav Ísraelsforseta við jarðarför Jóhannesar Páls II páfa í Róm á föstudag.

Eftir útförina hafði Katsav látið hafa eftir sér að hann hefði hitt og skipst á nokkrum orðum við Khatami og Bashar Assad, forseta Sýrlands, en Íran og Sýrland eru erkióvinir Ísraelsríkis. En í írönskum ríkisfjölmiðlum var í gær haft eftir Khatami að þótt Íran viðurkenndi „sið- og rökfræðilega" ekki Ísraelsríki myndi Íran ekki hafa afskipti af friðarsamningaferli Ísraela og Palestínumanna.

Ísrael og Íran hafa ekki haft nein diplómatísk samskipti síðan fyrir klerkabyltinguna árið 1979 og ýmis herská samtök andstæðinga Ísraels hafa lengi notið stuðnings frá Íran. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÖLVAÐIR REYKVÍKINGAR** Mikill erill var í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt laugardags. Sex ökumenn voru teknir ölvaðir við aksturinn þegar morgnaði.

**BÖRN Á PLAYERS** Lögreglunni í Kópavogi barst kvörtun í gær um að börn, allt niður í tíu ára gömul, sætu innanum reyk og bjórdrykkju á vínveitingastaðnum Players. Samkvæmt lögum mega börn ekki fara inn á vínveitingahús í fylgd með fullorðnum nema þau séu orðin fimmtán ára gömul. Lögreglan fór á staðinn og vísaði börnunum út.

## LOTTÓ

Lottótölurnar sem dregnar voru út í gær voru 2 – 3 – 13 – 27 – 32. Bónustalan var 17. Einn heppinn var með allar tölurnar fimm réttar og fékk 11,3 milljónir.




Hreiðar Eiríksson:

# Gætir friðar í Líberíu

**FRIÐARGÆSLA** Hreiðar Eiríksson, rannsóknarlögreglumaður á Akureyri, er á leið til Afríkuríkisins Líberíu til að sinna friðargæslustörfum. Stefnt er að því að hann fari nú um næstu mánaðamót.

„Þetta er sex mánaða samningur og veit ekki alveg í hverju starfið felst," segir Hreiðar. Hann hefur áður komið nálægt friðargæslu, en árið 2002 var hann við störf í Bosníu þar sem hann starfaði í teymi gegn mansali. Þessu er þó ólíku saman að bera. Bæði var hann þá að starfa á vegum íslensku lögreglunnar, en nú verður hann heyra beint undir friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Þá segir Hreiðar að ekki sé hægt að líkja saman Bosníu fyrir þremur árum og Líberíu nú. Bæði sé menning landanna svo ólík, en einnig deilurnar.

Hann verður ekki eini Íslendingurinn á svæðinu, því þegar starfar Snorri Magnússon lögreglumaður við friðargæslu í Líberíu. Þá er Steinar Berg Björnsson nýlega farinn frá svæðinu, en hann hefur verið einn af æðstu stjórnendum friðargæslu Sameinuðu þjóðanna þar.

Hreiðar segist ekki óttast það að vera að fara á ófriðarsvæði. „Eðli málsins samkvæmt er ekki friðargæsla á friðsamlegum svæðum. En ég lít á þetta eins og hvert annað starf. Ég er núna að lesa mér til um hvað hefur verið að gerast þarna." - ss



**HREIÐAR EIRÍKSSON**
Er nú að fara til Líberíu til að sinna friðargæslu. Hann hefur áður starfað í Bosníu.



NEW YORK. Sumir borga mik…

# Borgaðu sjálfum þér fyrst

## Hugmyndir Davids Bachs fara sigurför um heiminn

**SPARNAÐUR** David Bach er bandarískur sérfræðingur í fjárfestingum sem hefur skrifað fjölda bóka og haldið fyrirlestra um hvernig allir geta orðið efnaðir – óháð því hvað þeir eru með í laun. Samkvæmt kenningum Davids Bachs er grund…

…okkar að eyða því sem við höfum, 10-20% til eða frá skipta ekki meginmáli.

Til þess að hafa sparnaðinn eins sársaukalausan og mögulegt er þarf hann að eiga sér stað sjálfkrafa en ekki með fyrirhöfn. Með einu símtali við þjónustufulltrúa í bankanum getur sparnaðurinn orðið sjálfvirkur, annars er hætta á því að menn gleymi því viljandi að leggja fyrir í einstök skipti. Hver og einn ákveður sjálfur hversu mikið hann vill spara og hversu ört og ef svo ber undir er hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn …ar við á.

…Davids Bachs og borga …álfum sér fyrst.






# Fermingarbörn eyði í sparnað

## Landsbankinn veitir fræðslu og mótframlag

**FERMINGAR** Fátt er ungu fólki jafn hollt og fjármálaráðgjöf. Landsbankinn hvetur alla sem fermast til að eyða hluta af fermingarpeningunum í sparnað og býður upp á ráðgjöf í þeim efnum. Bankinn hvetur fermingarbörnin og forráðamenn þeirra til að panta tíma í ráðgjöf á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Þau fermingarbörn sem þiggja boð um fræðslu fá í kjölfarið 2.000 kr. mótframlag í formi inneignar á Framtíðargrunni frá Landsbankanum.

# …ekk… að spar…

## Ný könnun sýnir að flestir gætu sparað meira en þeir gera

**FJÖLSKYLDUTEKJUR** Næstum helmingur fólks, sem er með hærri fjölskyldutekjur en 550 þúsund krónur á mánuði, leggur ekkert fyrir í reglubundinn sparnað og 17% þeirra eiga ekki krónu í varasjóði til að mæta óvæntum útgjöldum. Niðurstöður nýjustu neyslukönnunar Gallups sýna ennfremur að tekjur virðast ekki skipta öllu máli varðandi sparnað því þriðjungur þeirra sem eru með fjölskyldutekjur undir 250 þúsundum á mánuði sparar reglulega á meðan 44% þeirra sem eru með tekjur yfir 550 þúsundum á mánuði telja sig ekki hafa efni á því að spara. 31% fólks á ekki krónu í sparifé en hins vegar hafa rúm 19% þeirra sem eru með 250 þúsund eða minna í fjölskyldutekjur á mánuði safnað sér varasjóði sem nemur einni milljón króna eða meira.

Lengd menntunar og fjöldi þeirra sem leggja reglulega fyrir virðast haldast í hendur. Þannig spara 38% þeirra sem eru með grunnskólapróf, 48% þeirra sem eru með framhaldsskólamenntun og 50% þeirra sem hafa lokið háskólaprófi. Sú niðurstaða, að með hækkandi tekjum fjölgi hlutfallslega þeim sem spara reglulega, kemur kannski ekki á óvart, heldur frekar sú staðreynd að 47% aðspurðra telja sig geta sparað reglulega, en aðeins 43,8% spara í raun reglulega. Það vekur upp spurningar um hvað hin rúmlega 56% sem ekki spara geta gert til að bregðast við fjárhagslegum áföllum eða öðrum útgjöldum, s.s. fjölskyldufríi, nýjum sófa, bíl o.s.frv.

Landsbankinn telur að fleiri geti sparað reglulega. „Auðvitað verður fólk að sníða sér stakk eftir vexti, en við erum þess fullviss að ráðgjafar okkar geti hjálpað næstum öllum að spara. Orðatiltækið „margt smátt gerir eitt stórt" á við í þessu sem og svo mörgu öðru."



FJÁRFESTINGAR. Það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 8.4.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,27 | 61,57 |
| Sterlingspund | GBP | 114,57 | 115,13 |
| Evra | EUR | 78,62 | 79,06 |
| Dönsk króna | DKK | 10,55 | 10,62 |
| Norsk króna | NOK | 9,62 | 9,68 |
| Sænsk króna | SEK | 8,59 | 8,64 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,57 |
| SDR | XDR | 91,94 | 92,48 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**108,56 -0,07%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Stórsameining á Eyjafjarðarsvæðinu:

# Grenvíkingar óttast að gleymast

**SAMEINING** Í kosningum um sameiningu sveitarfélaga í haust verður meðal annars kosið um sameiningu allra sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu nema Grímseyjarhrepps. Samkvæmt viðhorfskönnun Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri nýtur stórsameining á Eyjafjarðarsvæðinu mest fylgis á meðal íbúa Akureyrar og Siglufjarðar en einungis einn fimmti íbúa Grýtubakkahrepps er hlynntur slíkri sameiningu.

Í Grýtubakkahreppi búa tæplega 400 manns og þar af búa um 300 á Grenivík. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri segir að íbúarnir óttist að við sameiningu muni þjónustan skerðast og sveitarfélagið missa forræði yfir aflaheimildum sem hreppurinn á. „Við teljum hættu á að við myndum gleymast þegar hreppurinn yrði jaðarsvæði í sameinuðu sveitarfélagi, þjónusta myndi minnka og grunnskólanum hugsanlega verða lokað. Við njótum nú þegar góðs af þeirri fjölbreyttu þjónustu, verslun og afþreyingu sem í boði er á Akureyri og sú þjónusta mun ekki aukast við sameiningu,“ segir sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

- kk



**GRENIVÍK**
Grýtubakkahreppur á rúmlega 90 prósent í Sænesi og segir sveitarstjórinn að hrein eign félagsins í formi aflaheimilda sé metin á 500 til 600 milljónir króna.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**REIÐI VEGNA KENNSLUBÓKA**
Kínverskir námsmenn lýstu reiði í garð Japans í mótmælagöngu í Peking í gær.

Mótmæli í Kína:

# Reiði í garð Japana

**KÍNA, AP** Um eitt þúsund æstir mótmælendur köstuðu steinum, eggjum og flöskum að japanska sendiráðinu í kínversku höfuðborginni Peking í gær. Þangað hafði múgur safnast eftir háværa kröfugöngu um götur Peking, þar sem Kínverjar voru hvattir til að sniðganga japanskar vörur. Tilefni reiði göngumanna er nýjar japanskar kennslubækur, en gagnrýnendur segja að í þeim sé gert of lítið úr voðaverkum Japana í síðari heimsstyrjöld. Mótmælagangan hófst í háskólahverfi í norðvesturhluta Peking. Þar var japanski þjóðfáninn brenndur. Þetta eru mestu mótmælaaðgerðir í kínversku höfuðborginni frá því árið 1999, þegar það olli mikilli reiði að kínverska sendiráðið í Belgrad hefði orðið fyrir sprengjum NATO-flugvéla. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VINNUSLYS Á REYÐARFIRÐI** Lögreglunni á Eskifirði var snemma á föstudagskvöld tilkynnt um vinnuslys á svokölluðu Bechtelsvæði þar sem nýja álverið mun rísa. Stálbiti hafði fallið á fót starfsmanns og í fyrstu var talið að hann væri fótbrotinn. Betur fór en á horfðist og við nánari læknisskoðun reyndist maðurinn óbrotinn.

# Áratuga samband loksins krónað

Allt gekk samkvæmt áætlun er Karl Bretaprins og Camilla Parker Bowles gengu í hjónaband í Windsor á Englandi í gær.

**BRETLAND, AP** Karl Bretaprins gekk í gær að eiga heitkonu sína Camillu Parker Bowles í borgaralegri hjónavígslu í ráðhúsi Windsorbæjar vestur af Lundúnum. Þar með var krónað áratugalangt samband þeirra, sem hefur staðið af sér ansi margt, svo sem aðgangsharða hnýsni gulu pressunnar, hneykslismál og hjónaband Karls og Díönu prinsessu.

Brúðhjónin gengu hönd í hönd út úr ráðhúsinu að vígslunni lokinni en fagnandi mannfjöldinn sem þar var saman kominn fékk ekki að sjá neinn opinberan brúðarkoss. Þá var hinu nýgifta pari ekið í viðhafnarbifreið af Rolls-Royce-gerð í kapellu Windsorkastala þar rétt hjá. Þar blessaði erkibiskupinn af Kantaraborg, Rowan Williams, brúðhjónin við hátíðlega en hófstillta athöfn. Loks fór fram brúðkaupsveisla í boði Elísabetar Englandsdrottningar í salarkynnum Windsorkastala.

Við hina kirkjulegu blessunarathöfn játuðu brúðhjónin „syndir og misgjörðir“ sínar og sóru að vera hvort öðru trú í hjónabandinu. Elísabet drottning var viðstödd athöfnina og 800 boðsgestir, þar á meðal Tony Blair forsætisráðherra.

Við giftinguna tekur Camilla formlega við fyrra hlutverki Díönu sem prinsessan af Wales, en hún hefur lýst því yfir að hún hyggist ekki nota þann titil. Hún hefur þess í stað valið titilinn hertogaynjan af Cornwall.

Sjónvarpað var beint frá blessunarathöfninni, þar á meðal hingað til lands. Ólíku var saman að jafna, hinni látlausu hjónavígslu Karls og Camillu nú eða íburðarmiklu brúðkaupi Karls og Díönu árið 1981. Díana vann hug og hjörtu Breta og almennings víða um heim, en missti ást eiginmannsins. Hún lést í bílslysi í París árið 1997.

Hjónin nýgiftu hyggjast eyða hveitibrauðsdögunum í veiðihúsi í Skotlandi sem áður tilheyrði langömmu Karls. Þau munu þó þurfa að gera hlé á þeim til að vera við útför Rainiers Mónakófursta á föstudaginn. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HJÓNASÆLA**
Karl Bretaprins og Camilla, hertogaynja af Cornwall, heilsa fólki sem fagnaði þeim fyrir utan kapellu Windsor-kastala í gær.

Kínaför forseta:

# Fullbókað í ferð

**VIÐSKIPTI** Fulltrúar 95 fyrirtækja, tæplega 200 manns, munu fylgja forseta Íslands í opinbera heimsókn til Kína 15.-22. maí. Þetta verður viðskiptasendinefndin, en Útflutningsráð stendur að skipulagningu hennar í samstarfi við skrifstofu forsetans, utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands í Kína. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í slíkri viðskiptanefnd.

Vilhjálmur Guðmundsson hjá Útflutningsráði segir að efnt verði til margvíslegra atburða á meðan á heimsókninni standi, til dæmis verði haldinn viðskiptadagur í Peking, auk viðburða í tveimur öðrum borgum, Shanghai og Qingdao.

- ss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA Í BLÖNDUHLÍÐ** Lögreglan á Sauðárkróki fékk tilkynningu um bílveltu á Norðurlandsvegi í Blönduhlíð klukkan tæplega níu á laugardagsmorgun. Ökumaður með tvo farþega hafði misst stjórn á bíl sínum, sem hafnaði í skurði um tíu metra frá veginum. Ökumaður og farþegar voru flutt ir á sjúkrahús til aðhlynningar. Bíllinn er mikið skemmdur.

**TEKINN Á 144 KM HRAÐA** Lögreglan á Blönduósi stöðvaði sex ökumenn fyrir hraðakstur um miðjan daginn á laugardag. Þar af var ökumaður á Hrútafjarðarhálsi á með fullan bíl af farþegum. Hraðamælir sýndi 144 kílómetra hraða og var ökumaður sviptur ökuréttindum í mánuð.

**TEKINN Á 160 KM HRAÐA** Lögreglan á Selfossi stöðvaði tvo stúta við stýri aðfaranótt laugardags, auk ökuníðings á Hellisheiði sem æddi um heiðina á 160 kílómetra hraða. Þá var ökumaður tekinn á laugardagsmorgun í Ölfusi á 134 kílómetra hraða, vel við skál undir stýri.

Alltaf ódýrt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

## Veðrið

**MESTA ÚRKOMAN FYRIR AUSTAN** Og því má búast við að þar verði einna leiðinlegast að vera sé tekið mið af veðri. **BEST Í BORGINNI** Þó ekki sé að treysta á þurrk í henni Reykjavík í dag benda spárnar þó til þess að þar verði einna þurrast og hlýjast. Því má vel segja að veðrið verði best í höfuðstaðnum. **EFTIR ELLEFU DAGA** hefst sumarið skv. dagatalinu. Í spánum er að sjá að hitinn verði nokkuð flöktandi upp og niður fram að því. Alvöru sumartíð lætur því bíða svolítið eftir sér!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Yfirleitt hæg breytileg átt.

### Þriðjudagur




Allhvasst austan til, annars hægari. Kólnandi veður.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skýjað | París | 12°C alskýjað | Míilanó | 10°C skýjað |
| Osló | 6°C alskýjað | Berlín | 10°C skýjað | New York | 14°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 11°C skýjað | Amsterdam | 10°C léttskýjað | San Fransisco | 19°C léttskýjað |
| London | 14°C léttskýjað | Madrid | 14°C léttskýjað | Orlando | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

www.volkswagen.is




## Frumsýnum nýjan og glæsilegan Passat um helgina

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 3024

Við kynnum nýjan og gerbreyttan Volkswagen Passat. Bíllinn hefur verið endurhannaður frá grunni, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni. Hann er stærri og rúmbetri en áður og er nú sá stærsti í sínum flokki.

Volkswagen Passat býðst nú með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

**Opið um helgina kl. 12–16**

## Verð 2.275.000 kr.

**1600 FSI® 6 gíra beinskiptur**

**NÝR PASSAT**

Sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100
HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fylgjast með brúðkaupi Karls Bretaprins og Kamillu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 23,28% |
| Nei | 76,72% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er Hemmi Gunn að standa sig í nýja sjónvarpsþættinum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Víkingahátíðir á Akureyri og í Hafnarfirði:

# Bæjarstjórinn á Akureyri fær víkingatign

**SKEMMTUN** Einstaklingar á Akureyri hafa hug á að halda fjölþjóðlega víkingahátíð í bænum í júní, svo fremi að fjármögnun gangi eftir. Kostnaðurinn er um fimm milljónir króna og hefur bæjarráð Akureyrar ákveðið að styrkja hátíðina með 400 þúsund króna framlagi. Stefnt er á að 50 til 60 víkingar, innlendir og erlendir, komi til Akureyrar og efni til bardaga að fornum hætti, auk þess sem þeir munu sýna járn- og silfursmíði.

Hugmyndin er að Víkingahátíðin á Akureyri verði haldin helgina eftir að Hafnfirðingar blása til sinnar árlegu víkingahátíðar. Jóhannes Viðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjörukráarinnar í Hafnarfirði, segist vona að Akureyringar nái að tryggja fjármögnun svo hægt verði að halda hátíðina á Akureyri. „Gangi það eftir munu hátíðarnar styrkja hvor aðra í framtíðinni og fjármögnun beggja verður auðveldari. Á Sólstöðuhátíð Víkinga í Hafnarfirði í sumar ætla ég að gera bæjarstjórann á Akureyri að heiðursvíkingi, enda eru Akureyringar og Hafnfirðingar í góðu vinabæjarsambandi,“ segir Jóhannes. **- kk**




FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**EINI VÍKINGURINN Á AKUREYRI**
Á Jónsmessunni í sumar fjölgar víkingum á Akureyri en þá verður Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri gerður að heiðursvíkingi í Hafnarfirði.

sbki

Hefur þú áhuga á kraftmiklum fjarstýrðum bílum?

Keppni og sýning verður haldin sunnudaginn 10.april í íþróttahúsinu við Varmárskóla í Mosfellsbæ.
Húsið verður opið öllum frá **10:00 - 17:00**.
Söluaðilar verða á staðnum að sýna og kynna vörurnar sýnar.

HÉR er Varmárskóli við skólabraut

ATH. FRÍTT INN !

Smábílaklúbbur Íslands - www.sbki.is

Svo fara allir á KFC

ICELANDAIR · MasterCard · IH ICELANDAIRHOTELS · Talstöðin FM 90,9

Veislan er hafin

Reykjavík-Keflavík-Akureyri-Selfoss

7. - 30. apríl 2005

Iceland International Film Festival

iiff

www.icelandfilmfestival.is

JÓNSSON & LE'MACKS

NET SÓL

Takmarkað framboð bókaðu strax

Mallorca

8.000 kr. aukaafsláttur á mann.

15. júní, 29. júní, 6. júlí og 17. ágúst á Marina Plaza eða Cala Millor Park.

Verð frá:

38.578* kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherb. á Cala Millor Park í 7 nætur 29. júní

Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð og kynntu þér frábær tilboð til Krítar, Costa del Sol eða Portúgals á www.urvalutsyn.is

*Innifalið: Flug gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð m.v. að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.

www.urvalutsyn.is

Bókaðu á netinu, það borgar sig.

# Skrúfað fyrir fjölmiðlaviðtöl

**Kardinálar kaþólsku kirkjunnar sem saman eru komnir í Páfagarði hafa ákveðið að tjá sig ekki opinberlega fyrr en nýr páfi hefur verið kjörinn.**

**PÁFAGARÐUR, AP** Kardinálaráð kaþólsku kirkjunnar ákvað í gær að meðlimir þess skyldu hætta þegar í stað að veita nokkur fjölmiðlaviðtöl eða tjá sig opinberlega. Gildir bannið uns kardinálarnir hafa komist að niðurstöðu um það hver úr þeirra röðum muni setjast næstur á páfastól, að Jóhannesi Páli II gengnum.

Kardinálarnir 130, sem saman eru komnir í Páfagarði, samþykktu einróma að skrúfa fyrir öll frekari fjölmiðlaviðtöl uns kjörfundur hefst að baki luktum dyrum Sixtínsku kapellunnar hinn 18. apríl, það er á mánudaginn eftir viku.

Að sögn Joaquins Navarro-Valls, talsmanns Páfagarðs, er ákvörðunin „aðgerð í nafni skynseminnar“. Hann kynnti ákvörðunina í gær sem beiðni til fjölmiðlamanna að láta vera að biðja kardinálana um viðtöl.

Í ítölskum fjölmiðlum voru í gær líkur leiddar að því að Joseph Ratzinger, oddviti kardinálaráðsins, sem hélt líkræðu Jóhannesar Páls og hefur verið nefndur sem hugsanlegur arftaki hans, hefði átt frumkvæði að fjölmiðlabanninu.

Að kardinálarnir skuli ekki veita nein viðtöl næstu daga mun þó ábyggilega ekki slá neitt á vangaveltur í fjölmiðlum um það hvernig kardinálarnir meta hvern annan og hver þeirra sé líklegastur til að hljóta stuðning hinna til páfadóms. Strangt til tekið er hver einasti fullorðinn kaþólskur karlmaður til þess bær að vera kjörinn páfi, en aldalöng hefð er fyrir því að kardinálarnir velji einn úr sínum hópi.

Heimsathyglin beinist ekki síst að meintri togstreitu milli íhaldssamra og frjálslyndari hreyfinga innan kirkjunnar og að því hvort kardináli frá Rómönsku Ameríku eða Afríku eigi möguleika á því nú að vera útnefndur páfi.

Navarro-Valls sagði að 115 kardinálar myndu sitja kjörfundinn. Tveir kardinálar sem rétt hafa til þátttöku hafa boðað forföll, en það eru Jaime L. Sin frá Filippseyjum og Alfonso Antonia Suarez Rivera frá Mexíkó. Rétt til þátttöku í kjöri páfa hafa allir kardinálar sem ekki hafa náð 80 ára aldri. **- aa**




MYND/AP

**KARDINÁLAR**
Nokkrir kardinálanna 115 sem kjósa munu nýjan páfa.

Þrjátíu foreldrar ræddu stöðuna í grunnskólum borgarinnar:

# Þokkalega sáttir

**SKÓLAMÁL** Þeir þrjátíu foreldrar grunnskólabarna, sem mættu á fund SAMFOKS og formanns menntaráðs eru þokkalega sáttir við aðgerðir grunnskóla og borgaryfirvalda sem bæta eiga grunnskólabörnum sjö vikna verkfall grunnskólakennara, segir Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOKS. Það þýði ekki að þeir séu ánægðir en óánægja sé heldur ekki mikil.

„Foreldrarnir gerðu sér allir grein fyrir því að það væri ekki auðvelt að keyra stífa áætlun til að bæta börnunum þá kennslu sem þau urðu af. Bæði þurfti að taka tillit til vilja kennara og þeirra fjármuna sem settir voru í verkefnið,“ segir Bergþóra: „Það er alveg ljóst að það er ekki hægt að bæta að fullu þann skaða sem verkfallið olli en tilraunir hafa verið gerðar til að gera hið besta úr þessu.“

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, segir foreldra á fundinum hafa verið jákvæða á hvernig til hafi tekist í grunnskólum borgarinnar. Foreldrar vilji flestir gleyma verkfallinu. Þeir horfi fram á veginn. **- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**BERGÞÓRA VALSDÓTTIR**
Bergþóra Valsdóttir segir þrjátíu þúsund foreldra standa að grunnskólabörnum. Skoðanir þeirra séu mjög misjafnar. Sumir telji að börn þeirra hafi átt að fá kennslu í fríum og á laugardögum. Aðrir vilji ekki sleppa frítíma fjölskyldunnar.

# Er þetta þinn dagur?




## Ávaxtaðu sparifé þitt áfram með öryggi!

Stór hópur Íslendinga á **spariskírteini** á gjalddaga 10. apríl. Við hjá Sparisjóðnum hvetjum fólk til að fjárfesta í **Skuldabréfasjóði Sparisjóðsins** og tryggja þar með áframhaldandi örugga ávöxtun.

**Skuldabréfasjóður Sparisjóðsins – engin þóknun til 1. maí**

- Fjárfestir eingöngu í ríkistryggðum verðbréfum
- Kjörinn fyrir þá sem vilja halda áfram að ávaxta fé sitt á öruggan og einfaldan hátt
- Góð langtímaávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði
- Enginn binditími
- Meiri áhættudreifing en þegar fjárfest er í einstökum verðbréfum

Taktu ekki óþarfa áhættu með sparifé þitt. Ávaxtaðu með öryggi hjá **Skuldabréfasjóði Sparisjóðsins**, þar sem ánægðustu viðskiptavinir bankakerfisins eru.

**Það er auðvelt að skrá sig í áskrift á sjóðnum á www.spar.is eða í síma 550-2800**

Fíton/SÍA FI012684

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Veitingamenn hafa gert tillögu um bann við reykingum á stöðum sínum eftir tvö ár.

## Burt með reykinn

Margir hafa oft sett samasemmerki á milli reykinga og veitingastaða, og það hafi einhvern veginn tilheyrt heimsókn á veitingastað að reykja. Reykjarkófið þar hefur líka oft verið yfirþyrmandi og starfsfólkinu vorkunn að þurfa að vinna í slíku lofti, hvort sem um veitingastarfsmenn, tónlistarmenn eða aðra starfsmenn veitingastaða hefur verið að ræða. Á undanförnum árum hefur heldur rofað til á veitingastöðunum og á sumum þeirra er nú orðið hreint og frískt loft. Þetta á við veitingahús bæði hér á landi og erlendis. Reyndar eru sumar þjóðir komnar það langt að þar hafa reykingar verið bannaðar með öllu um nokkurn tíma og er ekki vitað annað en að það bann hafi verið virt.

> **Þetta er mjög virðingarverð tillaga veitingamanna um þetta mál og eftirtektarvert að hún skuli koma frá þeim. Þegar grannt er skoðað þarf það þó ekki að vera, því vandinn brennur fyrst og fremst á starfsfólki þeirra, og líklega hafa þeir margir hverjir sorgleg dæmi um hvaða áhrif reykingar geta haft, bæði beinar og óbeinar.**

Nú hafa Samtök ferðaþjónustunnar hér á landi lagt fram tillögu um að reykingar verði bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum hér á landi eftir rúm tvö ár. Þetta er mjög virðingarvert framtak og eftirtektarvert að tillagan skuli koma frá veitingamönnum. Þegar grannt er skoðað kemur það þó ekki á óvart, því vandinn brennur fyrst og fremst á starfsfólki þeirra og líklega hafa þeir margir hverjir sorgleg dæmi um hvaða áhrif reykingar geta haft, bæði beinar og óbeinar.

Erlendis hefur bann við reykingum verið í gildi í nokkrum löndum á undanförnum misserum og ekki vitað annað en að það hafi gengið eftir. Reykingabann hefur verið í gildi á veitingastöðum í Kaliforníu frá því 1998. Fyrir réttum tveimur árum tók slíkt bann síðan gildi í New York. Þetta frumkvæði Bandaríkjamanna á áreiðanlega rætur að rekja til mikillar umræðu og málaferla þar í landi við tóbaksframleiðslufyrirtækin. Þar hafa miklir hagsmunir verið í húfi, en hvað sem fyrirtækin segja má rekja mikinn fjölda dauðsfalla á ári hverju til reykinga. Það hafa læknavísindin sýnt fram á. Írar og Norðmenn bönnuðu reykingar á öllum veitinga- og skemmtistöðum á síðasta ári og ekki er annað vitað en bannið hafi náð tilgangi sínum

Hér á landi voru fyrst sett lög um bann við reykingum árið 1985 og síðan hafa þau lög nokkrum sinnum verið hert. Siv Friðleifsdóttir og þrír aðrir þingmenn hafa lagt fram fumvarp um bann við reykingum á veitingastöðum og víðar, og er það nú til meðferðar á Alþingi. Áður hafði heilbrigðisráðerra lýst áhuga sínum á slíku frumvarpi, en ákveðið að fresta því um sinn meðan reynsla nágrannaþjóða okkar væri metin. Nú virðist liggja í augum uppi að þeir þingmenn sem fylgjandi eru banni við reykingum á veitingastöðum samþykki frumvarp Sivjar, og það er vonandi meirihluti þingmanna. Það er ekki eftir neinu að bíða, og bannið ætti að koma til framkvæmda sem allra fyrst, það er óþarfi að bíða í tvö ár. ■

Framköllunartilboð !
gríptu tækifærið.....
2 fyrir 1
vikuna 11. - 16. apríl.
Gildir fyrir eins margar 35mm eða APS filmur og þú vilt.
LÁTTU FAGFÓLK UM FILMURNAR ÞÍNAR. ÞAÐ BORGAR SIG.
Kodak Royal pappír
FILMAN
GÆÐAFRAMKÖLLUN.
MIÐBÆ V/HÁALEITISBRAUT 58-60 s.557 6699

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að haldast á starfsmönnum



Sagt var í fréttum í gær að þrír starfsmenn Tryggingamiðstöðvarinnar hefðu sagt upp störfum, þar á meðal Ágúst Ögmundsson aðstoðarforstjóri. Kemur þetta í kjölfar skipulagsbreytinga innan félagsins sem kynntar voru í byrjun mánaðar eftir að Óskar Magnússon tók við sem forstjóri þann 11. mars af Gunnari Felixssyni. Gunnar hafði þá verið forstjóri í tæp 45 ár og því kannski ekki við öðru að búast en að einhverjar breytingar yrðu. Stjórnarformaður Tryggingamiðstöðvarinnar er Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, sem einnig er formaður útvarpsráðs. Vandamál í starfsmannahaldi virðast því elta Gunnlaug Sævar uppi þessa dagana.

### Sömu línur í varaformanninn?

Kosningabarátta Össurar og Ingibjargar Sólrúnar virðist vera að harðna. Það má til dæmis sjá á ummælum og auknum fjölda lesendabréfa til styrktar öðru hvoru þeirra. Enginn vill enn opinberlega gefa það upp að varaformannsslagurinn sé hafinn, sérstaklega þar sem enginn vill opinberlega bjóða sig fram. Þó er það farið að spyrjast út að hvor formannsblokkin fyrir sig sé búin að finna sér kandidat í varaformanninn; að Björgvin G. Sigurðsson verði fulltrúi Össurarliðsins og að Lúðvík Bergvinsson verði fulltrúi Ingibjargarliðsins. Báðir koma þeir úr sama kjördæmi, Suðurlandi, og ekki óvanir smá innbyrðisátökum. Í síðustu alþingiskosningum áttu Lúðvík og Margrét Frímannsdóttir ekki alltaf skap saman, en Björgvin hefur verið stuðningsmaður Margrétar. Ef þetta verða línurnar í varaformannsslagnum er þó eftir meiru að slægjast en að vera varaformaður flokksins. Talið er að sá sem sigri geti tryggt sér efsta sæti flokksins í kjördæminu næstu áratugina, enda báðir tiltölulega ungir menn.

svanborg@frettabladid.is

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

## Vistarbönd nútímans

Sú var tíðin að vistarbönd voru við lýði hér á landi – öld fram af öld. Allmörg rök hníga að því að böndin a tarna hafi staðið íslensku samfélagi fyrir þrifum; haldið samfélaginu inni í moldarkofunum, tafið framfarir og hagvöxt. Fólk fékk einfaldlega ekki tækifæri til að sækja fram.

Vistarböndin gerðu ráð fyrir því að vinnufólk væri bundið húsum og húsbændum; það mátti hvorki ferðast né finna sér betra starf, hvorki gifta sig né safna auði. Með öðrum orðum; það bjó við kyrr kjör.

Líklega má rekja stöðnun íslensks samfélags á fyrri öldum til þessa furðulega kerfis sem var einkum ætlað að koma í veg fyrir flakk og lausamennsku. Vandinn var hins vegar sá að ráðamenn þessara tíma áttuðu sig ekki á því að flakk og lausamennska er líklega ein af forsendum þess að samfélag nái að dafna. Hvatinn til að auka tekjur sínar var nákvæmlega enginn fyrir stóran hluta vinnuafls í landinu.




TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

Íslensk saga er að stórum hluta baráttusaga bænda. Og þar voru engin vopn í hendi önnur en léleg amboð. Baráttan snerist um það að komast af; metta mann og annan. Íslendingum, sem lifa nýja neyslutíma, finnst stundum við hæfi að gleyma fátækt og basli þessara gömlu tíma. Og svo sem ekki að undra; þeim hefur oftast verið haldið neðanmáls í sjálfri Íslandssögunni. Það vill gleymast að tæknistig þjóðarinnar stóð nánast í stað eða fór hreinlega aftur allt frá landnámsöld og langt fram eftir nítjándu öld. Það eru ótal margir mannsaldrar. Alltof margir. Og það vill líka gleymast að öldum saman bjó langtum stærri hluti þjóðarinnar í ófrjálsu einlífi vinnumennskunnar en almennt þekktist í löndunum í kring – að jafnaði um fjórðungur landsmanna. Þessu Evrópumeti er sjaldnast haldið á lofti í sögubókum. Nánast aldrei. Og eins vill það gleymast að samfélag okkar var svo lélegt á þessum löngu köflum sögunnar að ráðamenn lögðu sig í líma við að koma í veg fyrir barneignir mikils hluta landsmanna enda var landsframleiðslan lengi vel minni en magamál þjóðarinnar.

Þetta vill sumsé gleymast.

Enda nýir tímar merkilegri.

Nútíminn er kostulegur og snýst að mestu um að ýta undir hagvöxt.

Og hagvaxtarfylleríið tekur á sig alls kyns myndir. Margar broslegar. Svo sem fimm hundruð gramma hambogarann sem býðst nú í einu lagi á Íslandi. Við borðum meira en við getum, eigum meira en við þurfum, gerum meira en við erum.

> **Ég veit ekki hvort við yrkjum nokkurn tíma ljóð og sögur um Filippseyinginn, Tyrkjann og Lettann sem komust til Íslands á árþúsundaskiptunum og byrjuðu að vinna hér, byggja sér hús, fjölga sér – og fíla frelsið. Ég veit það ekki. Samt er þetta fólk að gera nákvæmlega það sama og forfeður okkar sem reyndu að sækja fram, flýja fátækt og staðnað kerfi.**

Þetta er nútíminn.

Fitusoginn og fríkkaður.

Fríkaður.

Skekkjan í þessari mynd er krafan um vistarbönd samtímans. Á sama tíma og við fordæmum, eða í besta falli brosum að vistarböndunum sem héldu aftur af íslenskri þjóð í gamla daga, nálgumst við óðfluga kröfuna um önnur bönd á fólk. Þetta er krafan um heftan innflutning útlendinga.

Heimurinn er að skreppa saman – og vinnumaður nútímans er ef til vill fæddur á Filippseyjum, kannski í Tyrklandi, mjög líklega í Lettlandi. Og það eru margir sem vilja hneppa þetta fólk í bönd; takmarka líkur þess á að komast óheft á milli landa. Þetta er tímanna tákn. Og þetta er líklega eitt stærsta úrlausnarefni efnaðri samfélaga á seinni tímum. Á sama hátt og vel stæðir húsbændur gamla Íslands gátu haldið aftur af þeirra tíma vinnufólki, vilja húsbændur samtímans herða reglur um sína vinnumenn. Og fyrst og síðast takmarka frjálst flæði þeirra. Þetta eru vistarbönd nútímans.

Til eru glæsilegar sögur af íslenskum vinnumönnum sem reyndu að brjótast út úr vistarböndum miðalda. Við elskum þetta fólk, horfum til þess sem fyrirmyndar; sjálfstæðisþrá þess, kraftur og áræði er okkur innblástur í ljóð og sögur. Það sigraði rugluð kerfi og hristi upp í stöðnuðu samfélagi. Að minnsta kosti um stund.

Ég veit ekki hvort við yrkjum nokkurn tíma ljóð og sögur um Filippseyinginn, Tyrkjann og Lettann sem komust til Íslands á árþúsundaskiptunum og byrjuðu að vinna hér, byggja sér hús, fjölga sér – og fíla frelsið. Og auka hagvöxt okkar. Ég veit það ekki. Samt er þetta fólk að gera nákvæmlega það sama og forfeður okkar sem reyndu að sækja fram, flýja fátækt og algerlega staðnað kerfi.

Hvatinn að bjarga sér er mannlegur. Sammannlegur. Það hlýtur að vera hverjum manni áskorun að leita þangað sem honum líður betur; í öryggið, tækifærin og frelsið.

Á Íslandi er að finna að mörgu leyti heillandi samfélagsgerð. Ef til vill eina þá bestu í heimi. Vinnumaður heimsins hlýtur að horfa þangað löngunaraugum, rétt eins og vinnuhjúin horfðu á verin í denn. Annað væri í sjálfu sér óeðlilegt – og gæti flokkast undir leti, liðleskjuhátt og lélega sjálfsmynd. Og það er náttúrlega ekki í lagi.

Íslensk þjóð er að vakna upp við það að vistarbönd eru að slitna. Hún hefur gert það einu sinni áður. Þá fagnaði hún. Og þá horfði hún undir dagsbrún mesta framfaraskeiðs í sögu lands og þjóðar. Þessi sama þjóð verður að spyrja sig hvort hún vill koma þessum böndum aftur á. Og sitja þannig ein að auð sínum og frelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


Það eina sem er erfitt við að kaupa nýjan bíl . . .
. . . er að velja vegi við hæfi
Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip
Þú velur hvort þú leigir bílinn með einkaleigu eða eignast hann með bílasamningi eða bílaláni. Veldu bíl sem hentar þínum þörfum og ræddu svo við ráðgjafa Lýsingar eða sölumenn bílaumboðanna sem aðstoða þig við að útbúa umsókn og ganga frá fjármögnun. Bílaumboðin eru beintengd Lýsingu í gegnum Netið þannig að svar við umsókn kemur á augabragði. Þú metur það svo í rólegheitum hvaða vegi þú vilt aka bílnum þínum.
Notaðu reiknivélina á www.lysing.is og skoðaðu hvernig þitt dæmi kemur út.
BÍLASAMNINGUR ▪ BÍLALÁN ▪ REKSTRARLEIGA ▪ EINKALEIGA
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

**OMAR SHARIF (1932-)**
á afmæli í dag.



*„Frekar vil ég spila bridds en leika í lélegri kvikmynd.“*

***Briddsfíkn Sharifs er kunn um gjörvalla veröld en hann spilaði meðal annars bridds á Hótel Loftleiðum um árið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Zapata ráðinn af dögum*

Þennan dag árið 1919 var mexíkóski byltingarforinginn Emiliano Zapata ráðinn af dögum. Zapata fór fyrir kotbændum og indjánum í mexíkósku byltingunni. Hann fæddist árið 1879, sonur kotbænda. Árið 1908 var hann neyddur til að ganga í herinn eftir að hafa reynt að endurheimta þorpslendur sem óðalsbóndi hafði slegið eign sinni á. Árið 1910 braust út uppreisn og Zapata safnaði saman bændaher í Morelos í suðurhluta Mexíkó undir slagorðinu land og frelsi. Zapata og skæruliðar hans börðust gegn ríkisstjórninni í Mexíkóborg og kröfðust umbóta í landbúnaði. Þeir náðu ekki að steypa stjórninni en þeir aðstoðuðu bændur á þeim svæðum sem þeir náðu yfirráðum á og útdeildu landskikum sem þeir höfðu gert upptæka frá stórbændum. Þá gerði hann allt land í eigu útlendinga upptækt.
Hinn 10. apríl árið 1912 var Zapata boðaður á fund með hershöfðingja í stjórnarhernum sem sagðist vilja ganga til liðs við uppreisnarmenn. Fundurinn reyndist vera fyrirsát og stjórnarherinn króaði Zapata af í Morales og var skotinn til bana. Áhrif hans ná enn í dag út fyrir gröf og dauða. Umbótastefna í landbúnaði sem margir Mexíkóar fylkja sér bak við er kennd við Zapata og árið 1994 hóf skæruliðahópur sem kallar sig Zapatistas uppreisn í Chiapas í suðurhluta Mexíkó.



**EMILIANO ZAPATA**

## MERKISATBURÐIR

**1912** Farþegaskipið Titanic lætur úr höfn í Southampton á Englandi.

**1940** Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni meðferð konungsvaldsins eftir innrás Þjóðverja í Danmörku. Utanríkisþjónusta Íslands verður til.

**1941** Bandaríkin hernema Grænland.

**1956** Friðrik IX Danakonungur og Ingiríður drottning koma í opinbera heimsókn til Íslands.

**1967** Verkfall lyfjafræðinga hefst; bannað með bráðabirgðalögum 10. maí.

**1970** Paul McCartney lýsir því yfir að Bítlarnir séu hættir.

**1982** Frumsýnd er kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar Rokk í Reykjavík.




†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Hreinn Árnason (Bassi)**

Kirkjuvegi 14, Keflavík,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 6. apríl. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 15. apríl klukkan 14.00.

**Sigríður Kristjana Kristjánsdóttir**
**Björgvin Guðmundsson** **Líney Hauksdóttir,**
**Víðir Guðmundsson** **Ólöf Ásdís Baldvinsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Margréti Jónsdóttur**

Kelduhvammi 16, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Deildar 28 Hátúni 10.

**Sólveig M. Magnúsdóttir** **Stefán Karl Harðarson**
**Jón Ölver Magnússon**
**Víðir Þór Magnússon** **Helena Richter**
**Björk Magnúsdóttir** **Úlfar Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubarn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Hákonar Valtýssonar**

Safamýri 41.

Vinátta ykkar er ómetanleg á þessum erfiðu tímum.
Fyrir hönd aðstandenda og vina,

**Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir,**
**Ingvar Andri og Valtýr Már.**

**Valtýr Guðmundsson, Sigmunda Hákonardóttir, Guðrún Valtýsdóttir, Þórir Karl Jónsson, Anna María Valtýsdóttir, Jón Hermannsson, Inga Jónsdóttir.**



†

*Þökkum hlýhug og vinarþel við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu*

**Ernu Sigurðardóttur**

Sjávargrund 6a, Garðabæ,

Sérstakar þakkir eru færðar Sr. Braga Skúlasyni og starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítala við Hringbraut. Stuðningur þeirra var fjölskyldunni ómetanlegur.

**Jón Ívarsson, Ívar Þór Jónsson, Þóra Sigríður Karlsdóttir, Eva Rut Jónsdóttir, Ómar Örn Jónsson, Elfa Dögg S. Leifsdóttir og ömmubörn.**


TÍMAMÓT: SILFUR EGILS SEX ÁRA

# Viðtöl við skákmeistara standa upp úr á ferlinum

Í dag eru liðin sex ár frá því að sjónvarpsþáttur Egils Helgasonar, Silfur Egils, hóf göngu sína. „Þetta var algjör tilviljun,“ rifjar Egill upp. „Ég hitti menn í partíi og við vorum sammála um að íslensk stjórnmálaumræða væri ofboðslega leiðinleg. Þessir menn voru í tengslum við nýstofnaða sjónvarpsstöð, Skjá einn, sem sýndi aðallega gamla Dallas-þætti, og við ákváðum að kýla á þetta.“

Fyrir fyrsta þáttinn voru keyptir stólar í Ikea og pálmatré komið fyrir í sviðsmyndinni en Egill segir að strax hafi myndast góð stemmning. „Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson voru meðal gesta og þeir voru nánast góðglaðir man ég; héldu sjálfsagt að það væri enginn að horfa á þetta. Þegar áhorfið var mælt kom í ljós að það var heil átta prósent, sem var heilmikið fyrir svona litla sjónvarpsstöð. Það vildi hins vegar enginn auglýsa til að byrja með nema Framsóknarflokkurinn,“ segir Egill hlæjandi.

Síðan Þá hefur Egill gert hátt í þrjú hundruð þætti og kveðst nokkuð sáttur við þróunina. „Draumurinn væri auðvitað að hafa meira fé á milli handanna og hafa fólk í vinnu hjá mér til að vinna efni en ég er mjög sáttur núna því ég hef loksins fengið vinnufrið. Undir lokin á Skjá einum voru komnir nýir eigendur og ég var í stöðugum útistöðum við þá. Á Stöð tvö hef ég fengið að gera þetta með mínum hætti og þetta er búið að vera þægilegt, enda er þátturinn á góðri siglingu í ár.“



**EGILL HELGASON** Hefur gert hátt í þrjú hundruð þætti á þeim sex árum sem liðin eru síðan Silfur Egils fór fyrst í loftið.

Þótt Egill stjórni vinsælasta stjórnmálaþætti landsins segir hann eftirminnilegustu viðtölin ekki hafa verið verið við pólitíkusa, heldur skákmenn. „Ég held að viðtalið við Bobby Fischer um árið standi upp úr. Ég talaði líka við Gary Kasparov og hef því rætt við tvo bestu skákmenn allra tíma.“ Mest þykir honum þó um þær breytingar sem hafa orðið á pólitískri umræðu á undangengnum sex árum. „Stjórnmálamenn hafa flestir áttað sig á að það skiptir máli hvernig þeir koma fram. Þeir hafa minna svigrúm þegar við beinum að þeim kastljósinu og það er gott; við eigum að takmarka vald pólitíkusa eins og við getum.“ ■

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1829** William Booth, stofnandi Hjálpræðishersins.

**1847** Joseph Pulitzer, blaðamaður og útgefandi.

**1870** Vladimír Iljitsj Uljanov, Lenín, leiðtogi Sovétríkjanna.





**1915** Harry Morgan, leikari.

**1929** Max von Sydow, leikari.





**1932** Omar Sharif, leikari.



**1951** Steven Seagal, leikari.

**1964** Alan „Reni“ Wren, trommuleikari Stone Roses.

**1965** Tim „Herb“ Alexander, trommuleikari Primus.

**1988** Haley Joel Osment, leikari.

## AFMÆLI



Jónas Kristjánsson handritafræðingur er 81 árs í dag.

Sveinn Hlífar Skúlason forstjóri Hrafnistu er 61 árs í dag.





Kristín Þorsteinsdóttir fréttamaður er fimmtug í dag.

Tryggvi Hansen listamaður er 49 ára í dag.





Erling Jóhannesson leikstjóri er 42 ára í dag.



Ásta Henriksdóttir dansari er 41 árs í dag.

## ANDLÁT

**Ingólfur G. Gústavsson**, húsasmíðameistari, Hraunbæ 1, lést miðvikudaginn 6. apríl.

**Sveinn Jónsson**, Hásteinsvegi 31, Vestmannaeyjum, lést miðvikudaginn 6. apríl.

**Hugrún Stefánsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, áður Víðilundi 24, Akureyri, lést fimmtudaginn 7. apríl.

**Sigurður Guðmundsson**, fyrrverandi símamaður, Norðurbrún 1, Reykjavík, lést fimmtudaginn 7. apríl.

**Elínborg Guðmundsdóttir**, frá Kringlu, lést föstudaginn 8. apríl.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




## Frankfurt – München – Berlín

Icelandair býður flug og bíl til þriggja áfangastaða í Þýskalandi í sumar. Nú er tækifærið til að láta drauminn rætast og eiga ógleymanlega sumarleyfisdaga á eigin vegum um fegurstu slóðir Evrópu.

Flug og bíll
**Verð frá 29.478 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bíl í A-flokki í eina viku. Berlín 6.-13. júní. (Verð frá 38.990 kr. m.v. 2 fullorðna).

**Þetta flug gefur 3600 Vildarpunkta.**

VR orlofsávísun
Munið ferða-ávísunina

Icelandair tekur við MasterCard ferðaávísun í allt flug, þ.m.t. netflug

### Gaman að skoða

- „Rómantíska leiðin" frá Würzburg suður til Alpafjalla og til Füssen, um fagrar sveitir og stórbrotin fjallahéruð, kastalaslóðir, hlýleg þorp og sögufræga bæi.
- Stórbrotin náttúrufegurð í Bayern og Alpadölum suður af München.
- Rínardalur, frá Koblenz suður til Bingen.
- Neckardalur með Heilbronn, Eberbach og Heidelberg.
- Bodenvatn og Svartiskógur, Freiburg, Karlsruhe og Darmstadt.
- Köln, Strassborg, Trier, Stuttgart, Nürnberg.
- Dresden, Leipzig og Harzfjöll.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27933 4/2005

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Mun aldrei krefja hann um krónu

Sæmundur Pálsson, eða Sæmi rokk eins og hann er gjarnan kallaður, fékk það viðurnefni vegna dansfimi sinnar á árum áður þegar hann rokkaði með elegans. Yngra fólk kannast þó kannski fyrst og fremst við Sæma sem sérlegan einkavin skákmeistarans Bobby Fischer. Í samtali við *Sigurð Þór Salvarsson* leyfir Sæmi okkur að skyggnast örlítið á bak við þá mynd sem við okkur blasir opinberlega af heimsmeistaranum fyrrverandi.

Sæmi kynntist Fischer upphaflega 1972 en þá starfaði hann í lögreglunni og var falið að gæta húss inni í Fossvogi þar sem Fischer dvaldi framan af heimsmeistaraeinvíginu í Laugardalshöllinni. Mál æxluðust á þann veg að Sæmi fór að keyra Fischer og aðstoða hann á ýmsan hátt og með þeim tókst góð vinátta.

„Þetta var ljómandi góður drengur, en auðvitað setti spennan sem var í loftinu á þessum tíma sitt mark á hann,“ segir Sæmundur og brosir hlýlega þegar hann rifjar upp þessa frægðardaga þegar kastljós heimsins beindist að litla Íslandi á alþjóðavísu í fyrsta sinn.

Vegna anna við að sinna Fischer var Sæmundur tekinn af vöktum hjá lögreglunni enda var allur sólarhringurinn meira og minna undirlagður. Það fórst hins vegar fyrir að ganga frá því hver átti að greiða Sæma kaup fyrir alla vinnuna.

„Svona eftir á að hyggja hefði ég átt að semja betur við mína yfirmenn um launakjör“, segir hann. „Það var svolítill misskilningur í þessu öllu, mér var sagt að ég væri á föstum launum þegar ég fór að vinna fyrir Fischer en það voru bara dagvinnulaun. Mér var svo sagt að Skáksambandið, sem fékk styrk frá ríkinu vegna einvígisins, myndi borga mér aukavinnuna, en það gekk ekki eftir, sambandið neitaði einfaldlega að bera ábyrgð á þessu.“

### Hefur ekki fengið einn dollara frá Fischer

Sæmundur segir að það hafi aldrei komið til greina af sinni hálfu að krefja Fischer um þetta kaup. Hann hafi haft mikla ánægju af þessu stússi öllu og gert þetta fyrir vináttu sakir en ekki vegna peninga.

„Lögfræðingur Fischers sagði mér að hann hefði nefnt það við Fischer á sínum tíma að hann greiddi mér eitt prósent af verðlaunafénu sem hann fékk fyrir einvígið hér í Reykjavík, en hann svaraði því til að hann vildi ekki móðga mig: Sæmi, he's my best friend, he will be offended, á Fischer að hafa sagt“, segir Sæmundur og brosir.

Og sjálfum hefur Sæmundi aldrei dottið í hug að rukka Fischer fyrir öll þau útgjöld sem hann hefur haft af samskiptum sínum við meistarann.

„Ég hef aldrei beðið hann um krónu og mun aldrei gera, ég geri ekki mannorð mitt að féþúfu,“ segir hann fastmæltur. „Fischer hefur aldrei borgað mér einn dollara, hvorki fyrr né síðar, ekki einu sinni núna í öllum þessum ferðum, ekki einu sinni stöðumælasektir, hvað þá meira. En þetta er bara Fischer, hann er fæddur svona, hann hefur greinilega ekki tileinkað sér orð hinnar helgu bókar: Sælla er að gefa en þiggja,“ bætir hann við góðlátlega.

Með stöðumælasektinni er Sæmi að vísa til þess að hann og Fischer fóru á dögunum niður í miðbæ Reykjavíkur að huga að húsnæðismálum Fischers en Sæmi telur að betra væri fyrir Fischer að vera nær miðbænum en hann er nú.

Sæmi lagði bílnum við stöðumæli og greiddi í hann eins og lög gera ráð fyrir. Þeir töfðust hins vegar eitthvað í erindagjörðum sínum og var kominn sektarmiði á bílinn þegar þeir komu aftur.

„Ég bölvaði þessu auðvitað og Fischer tók undir það og sagði þetta fáránlega háa sekt. Ég borgaði þetta svo og gerði ekkert meira úr því,“ segir Sæmi og skellihlær.

**SÆMI ROKK Í HNOTSKURN**

**Fæddur:** 1936
**Menntun:** Hefur lokið prófi sem húsasmíðameistari og lauk einnig prófum frá Lögregluskólanum.
**Starf:** Eftirlaunaþegi.
**Fjölskylduhagir:** Kvæntur Ásgerði Ásgeirsdóttur og eiga þau fjögur uppkomin börn, þrjár stúlkur og einn dreng.
**Áhugamál:** Dansmennt, bridge, golf, skák, kórsöngur og ferðalög.

### Vill vita hvað hlutirnir kosta

Sæmundur segist ekki erfa þetta við Fischer, því hann hafi fyrir löngu áttað sig á því að Fischer er að sumu leyti fastheldinn á peninga þótt hann velti peningamálum ekki fyrir sér dagsdaglega. Fischer er ekki á flæðiskeri staddur með um 200 milljónir króna á bankareikningi í Sviss en hann veltir því gjarnan fyrir sér hvað hlutirnir kosta. Sæmundur segir það hins vegar eiga við um Fischer líkt og marga þá sem hafa rúm auraráð að oft spara þeir eyrinn en kasta krónunni.

Þannig segist hann hafa bent Fischer á að gistingin á Loftleiðum kostaði hann allt of mikið, það væri miklu skynsamlegra fyrir hann að leigja sér íbúð eða hreinlega kaupa sér íbúð, sem hann gæti síðan selt þegar hann væri búinn að gera það upp við sig hvað hann ætlaði að gera.

„Hann vill ekkert hlusta á þetta, miklar þetta allt fyrir sér og talar bara um alla þá pappírsvinnu sem fylgir þessu“, segir Sæmundur og hristir höfuðið. „Ég leyfi honum alveg að ráða þessu en er tilbúinn að vera honum til aðstoðar í þessum efnum sem öðrum, ef hann þarf á því að halda,“ bætir hann við.

### Ómetanlegur stuðningur fjölskyldunnar

Þannig hefur það verið gegnum árin að Sæmundur hefur ávallt verið tilbúinn að aðstoða vin sinn Fischer þegar hann hefur þurft á aðstoð að halda. Hann segir þá hafa haldið símasambandi í um það bil tíu ár eftir einvígið góða 1972, en síðan rofnaði sambandið og hann heyrði ekkert frá Fischer í 20 ár. En það sást hins vegar að Fischer var alls ekki búinn að gleyma sínum góða vin Sæmundi Pálssyni, því nokkrum dögum eftir að Fischer var handtekinn í Japan hringdi hann í Sæmund.

„Og ég var síðan nánast í daglegu símasambandi við hann eftir það og það má segja að ég hafi verið í fullu starfi við að sinna þessum málum hans síðustu níu mánuðina,“ segir Sæmundur.

Allt hefur þetta verið launalaus vinna og viðurkennir Sæmundur að útgjöld síðustu mánaða hafi vissulega komið við pyngjuna enda hann kominn á eftirlaun og þau geri ekki ráð fyrir miklum óvæntum útgjöldum. Hann segist þó mega til með að þakka Skeljungi fyrir fjárhagsstuðninginn vegna ferðarinnar til Japans á dögunum.

„Þeir eiga mikinn heiður skilinn fyrir það, án þessa stuðnings hefði ég aldrei getað farið til Japan að hitta Bobby,“ segir hann. Og hann vill líka þakka fjölskyldu sinni fyrir alla þolinmæðina sem hún hefur sýnt honum í öllu þessu umstangi og þá sérstaklega konunni sinni.

„Hún á sérstakan heiður skilinn fyrir stuðninginn,“ segir hann með væntumþykju í röddinni, „þó stundum hafi hún fengið nóg; það er sérstaklega allt ónæðið vegna símhringinga hvenær sem er, á nóttu sem degi. Svo er fólk líka að koma heim, blaðamenn héðan og þaðan úr heiminum og vilja að ég aðstoði þá við að tala við Fischer, þannig að þetta er búinn að vera mikill erill.“

### Kaldhæðni örlaganna

Margir hafa gagnrýnt Fischer fyrir þær yfirlýsingar sem hann hefur látið frá sér fara um Bandaríkjamenn og gyðinga og hafa komið fram kröfur um að réttast væri að lögsækja hann fyrir þessi ummæli. Sæmundur leggur mikla áherslu á það að hann sé gjörsamlega ósammála þessum gífuryrðum Fischers og sé meinilla við þau.

„Ég hef margsagt við hann að hann geti ekki haldið þessum yfirlýsingum áfram. Þetta sé algjörlega óásættanlegt, því þetta kemur bara niður á honum sjálfum og þeim sem eru að hjálpa honum,“ segir Sæmi og er greinilega ekki skemmt.

Hann segir Fischer þó ekki alveg tilbúinn að viðurkenna þetta því hann sé svo einbeittur, stífur og þrjóskur.

„Honum finnst einhvern veginn sem hann þurfi að hreinsa þetta út, allt þetta hatur sem búið er að grafa um sig innra með honum undanfarin misseri,“ segir Sæmi dapur í bragði.

Hann segir það bera vitni um kaldhæðnisleg örlög þessa mikla manns að hann sé Bandaríkjamaður en hati Bandaríkjamenn og svo sé hann gyðingur en hati gyðinga.

„Ég hætti samt ekkert að vera vinur hans þrátt fyrir þessar yfirlýsingar hans,“ segir Sæmundur, „maður þarf ekki endilega að vera sammmála vinum sínum í einu og öllu, maður reynir bara að hjálpa þeim. Sá er vinur sem er vinur í raun,“ segir Sæmundur Pálsson og það fer ekki á milli mála að í honum á Bobby Fischer sannan vin í raun. ■



**SÆMUNDUR PÁLSSON**
Sæmi rokk þekkir Bobby Fischer betur en flestir Íslendingar og hann segir Fischer ljúfan dreng inni við beinið þrátt fyrir að yfirborðið virki oft á tíðum hrjúft.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
11,2%*
Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.03.2005 - 31.03.2005 á ársgrundvelli


# Hágæða rúm

## á vaxtalausu tilboði í Hagkaupum Smáralind og Akureyri




**Vaxtalaust 20 mán. TILBOÐ**

| TOLEDO leður | á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| Rúm 180 x 200 | 9.999 kr.* | 199.980.- |
| Náttborð | 799 kr.* | 15.980.- |
| Kommóða | 1.999 kr.* | 39.980.- |



**Vaxtalaust 20 mán. TILBOÐ**

| SANDRA | á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| Rúm 150 x 200 | 7.999 kr.* | 159.980.- |
| Náttborð | 799 kr.* | 15.980.- |
| Kommóða | 1.999 kr.* | 39.980.- |



**Vaxtalaust 20 mán. TILBOÐ**

| LAURA | á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| Rúm 180 x 200 | 8.999 kr.* | 179.980.- |
| Náttborð | 899 kr.* | 17.980.- |
| Kommóða | 1.749 kr.* | 34.980.- |



**Vaxtalaust 20 mán. TILBOÐ**

| ROSA | á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| Rúm 150 x 200 | 6.499 kr.* | 129.980.- |



**Vaxtalaust 20 mán. TILBOÐ**

| MARIA | á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| Rúm 150 x 200 | 9.999 kr.* | 199.980.- |
| Náttborð | 799 kr.* | 15.980.- |
| Kommóða | 1.999 kr.* | 39.980.- |

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Enginn sunnudagur án messu

Það er sunnudagur og fuglarnir löngu vaknaðir. Sem fyrr á undan kirkjuklukkunum. Þannig hefur það alltaf verið á Íslandi, þótt stemmningin sé orðin allt önnur. Ekki er lengur gefið að lambahryggur kraumi í ofninum meðan útvarpsmessan kemur heimilisfólkinu í sunnudagsskap. Hvað þá að kjarnafjölskyldan tygi sig í hverfiskirkjuna til að hlusta á sóknarprestinn flytja boðskap Krists.

***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** **ræddi við séra Halldór Reynisson** hjá Biskupsstofu um messu- og kirkjusókn Íslendinga í nútíma.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÉRA HALLDÓR REYNISSON Á BISKUPSSTOFU** „Þegar við stöndum frammi fyrir dauðanum verðum við jafn lítil og hver annar, nema kannski enn minni, því við höfum ekki ræktað trúna eins vel með sjálfum okkur og fyrri kynslóðir."

Að taka út messusókn eina og sér er hæpinn mælikvarði í dag," segir séra Halldór Reynisson, verkefnisstjóri fræðslumála hjá Biskupsstofu, þegar hann er spurður hve margir sæki sunnudagsmessur á Íslandi í dag.

„Það væri nær að spyrja um aðsókn í kirkjustarf á vikulegum grundvelli, því víða eru messur og sunnudagaskólastarf orðin sameiginleg, auk þess sem margar kirkjur bjóða upp á dagskrá alla daga vikunnar í formi barna- og æskulýðsstarfs, klúbbastarfs, öldrunarstarfs, fræðslustarfs og námskeiða. Aðsókn í kirkjurnar er gríðarleg á haustin og fram eftir vetri, á aðventu og jólum, margir koma um páska og við fermingar eru flestar kirkjur of litlar."

## Klæðskerar kirkjunnar

Messusókn er í lágmarki yfir sumartímann á höfuðborgarsvæðinu, þegar lifnar yfir henni á landsbyggðinni. Þá sækja ferðamenn og sumarbústaðafólk sveitakirkjur og margir sem fara aldrei í kirkju í þéttbýlinu fara ávallt í messu þegar þeir koma í sína heimasveit.

„Menn hanga dálítið í því að messan sé milli klukkan ellefu og tólf, eins og tíðkaðist fyrir fimmtíu árum, en kirkjustarf er allt öðruvísi í dag. Til að draga upp sannfærandi mynd þarf að taka allt til og kirkja þarf í eðli sínu að vera með eitthvað á boðstólum fyrir alla aldurshópa. Hefðbundinn messutími er enn klukkan ellefu á sunnudagsmorgnum og nokkrar kirkjur messa klukkan tvö. Hins vegar bjóða æ fleiri kirkjur upp á messur á sunnudagskvöldum, sem meira líkjast kvöldvökum. Þær messur eru í allt öðrum takti og tónum, stundum þjóðlagamessur eða æðruleysismessur, og yfirbragðið frjálslegra og óhefðbundnara. Því gildir um kirkjustarf eins og annað að verið er að klæðskerasauma tilboð að þörfum ólíkra hópa, enda ólíkar langanir hjá fertugum karlmanni og áttræðri konu. Sú gamla færi í hefðbundna messu, meðan sá fertugi vill óhefðbundna tónlist og frjálslegri samkomu."

## Lifandi messur

Á elliheimilum vill gamla fólkið messuna sem mest gamaldags með gömlum, íslenskum sálmum, rétt eins og tíðkaðist í þeirra ungdæmi. Að sögn séra Halldórs heldur fólk almennt lengst í þær hefðir sem það vandist í bernsku.

„Mörgum finnst enginn sunnudagur nema heyra útvarpsmessuna, en hún mælist með góða hlustun enn í dag. Hlusti fimm prósent þjóðarinnar á messuna heima í stað þess að sækja hana í kirkju er það ekki lítill söfnuður; fimmtán þúsund manns."

Að sögn Halldórs hefur messusókn aukist jafnt og þétt, auk þess sem þátttaka í altarisgöngu hefur stóraukist í messum.

„Virk þátttaka í messuhaldi fellur fólki í geð, því flestum hugnast betur að taka þátt í iðkun sem nær til alls líkamans í stað þess að sitja kyrrt og hlusta. Í lifandi messum finnst sóknarbörnum þau fá tækifæri í kirkjulegu starfi, í stað þess þegar messuhald er stirðbusalegt og presturinn einn í sviðsljósinu allan tímann. Komið hefur fram að mörgum fannst helgihald of þungt, en fleirum finnst felast í því tækifæri, sem segir okkur að helgihald er mismunandi í kirkjunum, enda hver prestur með sinn stíl."

## Prestar og hégómi

Sumir prestar verða vinsælli en aðrir. Setið er um ákveðna presta í brúðkaupsathafnir, sem og jarðarfarir. Og víst trekkja sumir prestar meira þegar kemur að almennri kirkjusókn. Séra Halldór segir vinsældakeppni ekki standast siðfræði kirkjunnar.

„Prestsskapur snýst ekki um að koma sjálfum sér á framfæri, heldur boðskapi Krists. Prestar eiga ekki að sækjast eftir vinsældum heldur því að þjóna fólki. Sumir freistast og sjá embættið sem leið til að öðlast vinsældir, en hégómi er kennd sem allir þurfa að berjast við. Starf kirkjunnar byggir ekki á, né stendur og fellur, með starfi prestsins eins; hann er leiðtogi í safnaðarstarfinu. Gott kirkjustarf gengur út á að prestur geti byggt upp góðan liðsanda og fengið aðra til að vinna safnaðarstarf sem mætir þörfum ólíkra hópa, ekki síst í sjálfboðastarfi, en þess má geta að yfir þúsund manns eru í sóknarnefndum á landsvísu og fleiri en 2000 í kirkjukórum landsins, flestir án þess að taka krónu fyrir."

## Guð í harðindum

Séra Halldór segir Íslendinga sækja messur til að nálgast Guð og hið heilaga.

„Messuhald eflir andlegt og trúarlegt líf okkar, því þegar í harðbakkann slær á hvað treysta menn þá? Nútímamaðurinn er ekkert öðruvísi en amma og afi með það. Þegar við stöndum frammi fyrir dauðanum verðum við jafn lítil og hver annar, nema kannski enn minni, því við höfum ekki ræktað trúna eins vel með sjálfum okkur og fyrri kynslóðir."



Félagsvísindi í þágu framfara
Spennandi kostir í framhaldsnámi
GÓÐAR AÐSTÆÐUR TIL NÁMS.
FJÖLBREYTNI OG SVEIGJANLEIKI.
STARFSTENGT RANNSÓKNARNÁM.
NÁM STUTT RANNSÓKNUM KENNARA.
NÁM MEÐ STARFI.
Allar upplýsingar: www.felags.is
Umsóknarfrestur er til 15. apríl
Félagsvísindadeild Háskóla Íslands
HORN / Haukur 1881



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afstaða til guðsþjónustunnar

Trúarlíf Íslendinga var rannsakað í Gallup-könnun árið 2004 fyrir Þjóðkirkjuna og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Könnunin náði til aldurshópsins 13 til 75 ára og úrtakið var 1500 manns. Svörun var 60,4 prósent.

Í könnun Gallup kom fram að tíu prósent landsmanna sækja guðsþjónustu einu sinni í mánuði eða oftar, sem er sambærilegt við önnur Norðurlönd, þótt Íslendingar búi við þá sérstöðu að ekki er messað mánaðarlega í öllum kirkjum landsins.

**Hversu oft ferð þú í kirkju til að vera við almenna guðsþjónustu?**

| | |
|---|---|
| 43% | Aldrei |
| 15,9% | Einu sinni á ári |
| 17,4% | 2 til 3 sinnum á ári |
| 13,8% | 4 til 11 sinnum á ári |
| 10% | Mánaðarlega eða oftar |

Marktækur munur er á konum og körlum, sem og á aldurshópum.

**Hvernig höfðar tónlistin í almennum guðsþjónustum til þín?**

| | |
|---|---|
| 27,5% | Mjög vel |
| 32% | Frekar vel |
| 32% | Hvorki vel né illa |
| 15,8% | Illa |
| 12,3% | Tóku ekki afstöðu |

Marktækur munur á aldurshópum.

# Vinsælar kirkjur

Biskupsstofa heldur ekki utan um kirkjusókn í einstaka kirkjum né það hvaða prestar eru vinsælastir hverju sinni. Vinsældakeppni á því sviði vinnur gegn vinnusiðfræði kirkjunnar. Íslendingar velja presta til persónulegra athafna á tímamótum, oftar en ekki vegna fjölskyldutengsla, en í heildina njóta ekki þeir sömu vinsælda við gleðileg og sorglegri tilefni. Athafnir eru einnig mistengdar sóknarkirkjunni; fermingar eru þar nær alltaf, á meðan brúðkaup og giftingar veljast í kirkjur sem fólkið hefur dálæti á.

Telja má Hallgrímskirkju vinsælustu kirkju lýðveldisins, en þar er unnið öflugt helgistarf, auk þess sem þar starfa bestu kórar landsins. Þar er ekki óalgengt að fleiri hundruð manns sæki sunnudagsmessur. Kirkjusókn er sömuleiðis góð í Neskirkju, Bústaðakirkju, Digraneskirkju, Áskirkju, Grafarvogskirkju, Seljakirkju og Landakotskirkju.

Jarðarfarir eru mest gerðar út frá Hallgrímskirkju, Dómkirkjunni, Langholtskirkju, Bústaðakirkju og Fossvogskirkju, sem er sérstök jarðarfararkirkja. Þá eru Dómkirkjan og Háteigskirkja einkar vinsælar til brúðkaupsvígslna.

Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson í Áskirkju hefur sum síðustu ár verið með flestar útfarir á ári, ásamt sjúkrahúsprestum sem fylgja mörgum sjúklingum síðasta spölinn. Þá er Pálmi Matthíasson enn geysivinsæll við giftingar.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Væntingar til prestsstarfs

Í könnun Gallup kom skýrt fram að Íslendingar telja sálgæslu mikilvægasta starfssvið presta, en sá þáttur prestsstarfsins er bæði fyrirferðarmikill og vaxandi í íslensku nútímasamfélagi.


FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**Hvert er mikilvægasta hlutverk presta?**

Fjöldi svara:

| | |
|---|---|
| 322 | Sálgæsla |
| 121 | Boðun |
| 109 | Sinna helgihaldi |
| 82 | Góðir eiginleikar |

**Hversu mikilvægan eða lítilvægan telur þú sóknarprest þinn og starfsfólk kirkjunnar vera fyrir það samfélag sem þú býrð í?**

| | |
|---|---|
| 34,1% | Mjög mikilvægan |
| 31,6% | Frekar mikilvægan |
| 8,2% | Hvorki né |
| 6,4% | Frekar lítilvægan |
| 5,5% | Mjög lítilvægan |
| 14,3% | Tóku ekki afstöðu |

# Kristnifræðikennsla

Í könnun Gallup kom fram að barnastarf í íslenskum kirkjum er geysilega sterkt, en allt að 20 þúsund manns sækja barnastarf kirkjunnar á hverjum vetri, meðan 82 prósent þjóðarinnar hafa reynslu af barna- og unglingastarfinu og rúmlega 70 prósent aðspurðra telja Þjóðkirkjuna sinna barnastarfinu vel.

Ef miðað er við dreifingu fræðsluefnis sem börn þiggja í sunnudagaskóla má búast við að níu þúsund börn taki þátt í sunnudagaskóla kirkjunnar yfir vetrartímann, mörg í fylgd foreldra. Við það bætist fjölbreytt starf fyrir börn upp að tólf ára aldri, auk þess sem starf æskulýðsfélaga unglinga hefur eflst mjög á síðari árum.



**Er kristnifræðikennsla í grunnskólum of mikil, hæfileg eða of lítil?**

| | |
|---|---|
| 56,7% | Hæfileg |
| 14,8% | Of lítil |
| 7,2% | Of mikil |
| 21,2% | Tóku ekki afstöðu |

**Ert þú sammála eða ósammála því að kristnar trúarathafnir ættu að vera liður í uppeldi barna á dagvistarstofnunum?**

| | |
|---|---|
| 28,1% | Mjög sammála |
| 24,6% | Frekar sammála |
| 5,6% | Hvorki né |
| 22,0% | Frekar ósammála |
| 19,5% | Mjög ósammála |

**Vilt þú meira, minna eða jafn mikið af trúarlegu efni í útvarpi og sjónvarpi og verið hefur?**

| | |
|---|---|
| 62,9% | Jafn mikið |
| 15,0% | Minna |
| 13,1% | Meira |
| 9,0% | Tóku ekki afstöðu |





**Náðu þér í alþjóðlega menntun eins og:**

**Margmiðlunarhönnun, Markaðshagfræði eða Tölvufræði**

Í Viðskiptaháskólanum í Esbjerg, færðu alþjóðlega menntun í háum gæðaflokki. Þú lærir í alþjóðlegu umhverfi, þar sem áhersla er lögð á framþróun á þínum hæfileikum.

**Margmiðlunarhönnun**
- Nám þar sem áhersla er lögð á hönnun, forritun og samskipti.

**Markaðshagfræði**
- Nám með áherslu á alþjóðlega markaðssetningu, alþjóðahagfræði og fjármál.

**Tölvufræði**
- Í þessu námi er áherslan á kerfisþróun, forritun og stjórnun.

Þessar 3 námsleiðir er hægt að læra á ensku og dönsku.

Allt nám í skólanum er til 2ja ára.

Lestu meira um námið á **www.eavest.dk** eða hafðu samband við Lise Lotte, lka@eavest.dk eða hringdu í tlf. +45 7613 3200
Einnig er hægt að hafa samband, á íslensku, við Sigurð, sb2085@eavest.dk eða í síma +45 30227990

**Námsval á dönsku**
Þú getur einnig valið á milli 10 mismunandi námsgreina, á dönsku, í:
- **Stjórnsýsluhagfræði,**
- **Fjármálahagfræði,**
- **Byggingaiðnfræði,**
- **Framleiðsluiðnfræði,**
- **Meinatækni eða**
- **Rekstariðnfræði**

Read more at www.**eavest.dk**

BUSINESS ACADEMY WEST

**Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, eavest@eavest.dk**

Business Academy West skólinn er í Esbjerg, fimmtu stærstu borg Danmerkur með um 85.000 íbúa. Esbjerg er stundum nefnd "hliðið til vesturs" í Danmörku, vegna legu sinnar að Norðursjónum og margra innlendra sem erlendra iðnfyrirtækja þar í kring. Það er tiltölulega auðvelt að fá húsnæði í Esbjerg hvort heldur það er fyrir einstaklinga eða fjölskyldufólk. Esbjerg býður upp á alla nauðsynlega þjónustu og starfsemi fyrir innlenda og erlenda námsmenn, svo sem bókasöfn, stúdentaheimili. íþróttaaðstöðu, menningarstarfsemi, klúbba og kaffihús, kvikmyndahús, leikhús og strandir sem eru með þeim bestu í Danmörku. www.esbjerg.dk / www.studiebyenesbjerg.dk/





*Eitt af hlutverkum Íbúðalánasjóð er að stuðla að tækninýjungum og umbótum í byggingariðnaði.*

*Í lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál kveður á um að eitt af hlutverkum Íbúðalánasjóðs sé að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja.*

**Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði**

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttingar byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.
Sá sem óskar eftir láni eða styrk skal skila inn umsókn til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði, um verkefni það er vinna skal.
Umsóknina skal leggja fyrir stjórn sjóðsins til ákvörðunar með greinargerð og tillögu um afgreiðslu.

Fjárhæð láns eða styrks og lánstíma, skal ákveða hverju sinni af stjórn Íbúðalánasjóðs með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

Ef um lán er að ræða skulu þau tryggð með fullnægjandi veði í fasteign að mati Íbúðalánasjóðs samkvæmt almennum reglum Íbúðalánasjóðs um veðrými.

**Rafræn umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is**

Nánari upplýsingar veitir Helga Arngrímsdóttir á þjónustusviði lána Íbúðalánasjóðs, Borgartúni 21 í síma 569 6986.

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2005**

FABRIKAN

www.ils.is | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800 | Íbúðalánasjóður

# Stjarna hennar skín enn skært

Hún fæddist þann 7. apríl árið 1915 í Fíladelfíu og var skírð Eleanora Fagan Gough. Hún hefði orðið níræð á fimmtudaginn var ef hún hefði ekki látist 44 ára gömul, og nær hálfri öld eftir dauða sinn er **Billie Holiday** enn frægasta jazzsöngkona í heimi. Hún var ekki með mikla rödd en hún söng með slíkri tilfinningu og trega að hún lét og lætur enn engan áheyranda ósnortinn.



**SÖNGKONAN BILLIE** Nær hálfri öld eftir dauða sinn er Billie enn frægasta jazzsöngkona í heimi.



**ÁRITUÐ MYND** Þessi mynd sem hefur verið árituð af sjálfri Billie Holiday er seld á netinu fyrir um 250 þúsund króna.

**Það er röng aðferð að herma eftir einhverjum, því ef það er gert þá er unnið án nokkurrar tilfinningar. Engar tvær manneskjur á jörðinni eru eins og þannig er það líka með tónlist. Annars er það ekki tónlist.**

### Erfiðleikarnir byrjuðu snemma

Treginn í röddinni var enginn uppspuni hjá Billie því nóg var af erfiðleikum í lífi hennar, sem skorti stöðugleika. Faðir hennar, Clarence Holiday, var jazzgítarleikari ungur að árum sem og banjóleikari og spilaði seinna með hljómsveitinni Fletcher Henderson's Orchestra. Hann giftist aldrei móður hennar, Sadie Fagan, og yfirgaf fjölskylduna snemma.

Móðir Billie var aðeins þrettán ára þegar hún átti hana og skildi hana ósjaldan eftir hjá óumhyggjusömum ættingjum. Afi Billie var einn af 17 börnum sem ólust upp sem þrælar í Virginíu hjá hvítum írskum plantekrueiganda og setti þetta mark sitt á tilfinningalegt jafnvægi fjölskyldunnar. Billie var dæmd til þess að fara í kaþólskan skóla þegar hún játaði að hafa verið nauðgað aðeins tíu ára gömul. Þó svo að hún væri dæmd til að vera í skólanum þangað til hún teldist fullorðin slapp hún út eftir tvö ár með aðstoð frá vini fjölskyldunnar. Billie ólst upp einmana og ástarþurfi og í framhaldi af því þróaði hún með sér mikið óöryggi. Hún flutti árið 1927 með móður sinni til New York, þar sem hún neyddist meðal annars til að vinna fyrir sér sem vændiskona í nokkurn tíma. Óhjákvæmilega leið henni illa og fannst hún lítilsmegnug og ómerkileg og leiddi þessi mikla vanlíðan til þess að hún tók mikla og afdrifaríka áhættu í lífi sínu síðar meir.

### Nafn úr þöglu kvikmyndunum

Sviðsnafnið Billie fékk hún lánað frá Billie Dove, stjörnu þöglu kvikmyndanna sem hún dáði. Hún var fljótt uppgötvuð af upptökustjóranum John Hammond og fékk hann hana til þess að taka upp nokkur lög með Benny Goodman árið 1933. Þrátt fyrir að titlarnir hafi ekki orðið mjög vinsælir var þetta byrjun ferils hennar. Tveimur árum seinna söng hún með hljómsveit sem Teddy Wilson stýrði og sú blanda virtist vera gullin. Á árunum 1935-42 gerði hún sumar bestu upptökur ferils síns. Þetta voru jazzlög þar sem heitustu stjörnurnar í jazzheiminum tóku lagið með henni. Billie hreifst af tónlist Bessie Smith og Louis Armstrong og reyndi að blanda saman þeirra hljómi. Útkoman var hennar eigin ferski og nýi hljómur.

### Stjarnan skein skært

Hún þurfti að þola mikið kynþáttahatur á ferli sínum, ekki einungis þegar hún ferðaðist um suðurríkin heldur einnig í New York. Árið 1939 tók hún upp lagið Strange Fruit, sem er líklega hennar frægasta lag. Lagið inniheldur afar myndrænan texta og harða ádeilu á kynþáttahatrið sem fólk þurfti að þola á þessum tímum. John Hammond neitaði að stjórna upptökum á laginu vegna þess hversu óhugnanlegt myndmál textans var. Á árunum 1940-42 fóru meðspilendur hennar smátt og smátt að verða eins konar bakgrunnur fyrir stórsöngkonuna Billie Holiday, sem skein svo skært á sviðinu að aðrir hlutu að falla í skuggann.

### Fíkniefnaneyslan tók völdin

Þrátt fyrir óstöðugleika í einkalífinu var rödd Billie í sínu besta formi á því tímabili sem hún var hjá Decca plötuútgáfunni, á árunum 1944-49. Hún hafði þá áður gert lögin „Fine and Mellow" (1939) og „God Bless the Child" (1941) en hjá Decca tók hún í fyrsta skipti upp lagið „Lover Man" sem var hennar vinsælasti smellur. Einnig tók hún upp lögin „Don't Explain," „Good Morning Heartache" og hennar útgáfur af lögunum „Ain't Nobody's Business If I Do," „Them There Eyes" og „Crazy He Calls Me". Billie hafði átt í vandræðum með drykkju á þessum árum auk þess sem hún reykti maríjúana. Þarna fór hún að reykja ópíum ofan á allt þegar hún kynntist fyrsta eiginmanni sínum, Johnnie Monroe. Hjónabandið entist ekki en fljótt eftir að því lauk giftist hún trompetleikaranum Joe Guy og skipti yfir í heróínneyslu. Móðir hennar lést á þessum árum og hafði það djúp áhrif á hana. Hún var handtekin árið 1947 fyrir að hafa heróín í fórum sínum og dæmd til þess að afplána átta mánuði í fangelsi. Vegna allrar fjölmiðlaathyglarinnar í sambandi við þetta varð hún fljótt gríðarlega fræg og aðdáendum fjölgaði.

### Sorglegur lokakafli

Árið 1946 lék Billie í Hollywoodmynd og þrátt fyrir þá staðreynd að hana hryllti við þeirri tilhugsun að þurfa að leika þjónustustúlku samþykkti hún að leika í myndinni New Orleans aðeins til þess að fá að leika við hlið Louis Armstrong. Lífið gerðist þó ekkert auðveldara á hennar síðustu árum og saga hennar frá árinu 1950 er ekki svo falleg. Þrátt fyrir að upptökur hennar fyrir Norman Granz, sem hófust árið 1952, skipuðu henni á meðal stærstu jazzista í heimi fór rödd hennar hratt hrakandi. Óhamingjan í samböndum hennar olli því að hún átti erfitt með að einbeita sér og árið 1956 var hún langt fyrir neðan upphaflega getu sína.

Hún söng lagið „Fine and Mellow" árið 1957 í sjónvarpsþættinum The Sound of Jazz og var það hennar síðasta stund í sviðsljósinu. Á plötunni Lady In Satin sem kom út árið 1958 hljómaði söngkonan eins og hún væri 73 ára þó hún væri í raun þrjátíu árum yngri, og árið eftir það upplifði hún lokakafla lífs síns. Hún lést árið 1959 úr hjarta- og lifrarbilum og eins sorglega og það hljómar var Billie sakfelld fyrir að hafa heróín í fórum sínum á meðan hún lá banaleguna. Þrátt fyrir að hafa dáið aðeins 44 ára gömul átti hún gífurlegan fjölda af yndislegum lögum að baki sem gera það að verkum að enn fjölgar í hópi þeirra sem hrífast af tregafullum og fallegum söng hennar. Það er mikil viðurkenning fyrir konuna sem lifði svo grýttu lífi að nú, tæplega hálfri öld eftir dauða hennar, eru upptökur hennar jafn ferskar og þær voru þá og næstum allar eru þær auðfáanlegar.

hilda@frettabladid.is

### STRANGE FRUIT

*Southern trees bear strange fruit,*
*Blood on the leaves and*
*blood at the root,*
*Black bodies swinging in*
*the southern breeze,*
*Strange fruit hangin from*
*the poplar trees.*

*Pastoral scene of the gallant south,*
*The bulging eyes and*
*the twisted mouth,*
*Scent of magnolias, sweet and fresh,*
*Then the sudden smell*
*of burning flesh.*

*Here is fruit for the crows to pluck,*
*For the rain to gather,*
*for the wind to suck,*
*For the sun to rot, for the trees to drop,*
*Here is a strange and bitter crop.*



**UNG OG GLÆSILEG** Hún var aðeins 32 ára þegar hún sat í fangelsi í átta mánuði fyrir að hafa heróín í fórum sínum. Þrátt fyrir óheilsusamlegt líferni var söngkonan ávallt glæsileg.

Tveir fyrir einn til
Barcelona
17. apríl
frá kr. 19.990

Síðustu sætin

Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessar einstöku á frábærum kjörum. Beint flug til Barcelona. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Fjölbreyttir gistivalkostir í boði í hjarta Barcelona.

Verð kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. Út 17. apríl og heim 21. apríl. Netverð.

Gisting frá kr. 4.240
Gisting á mann pr. nótt með morgunmat, m.v. 2 í herbergi á Hotel NH Condor. Netverð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is

# MÁ BJÓÐA ÞÉR Í AFMÆLI?

VIÐ ERUM TVEGGJA ÁRA

KOMIÐ OG FAGNIÐ MEÐ OKKUR
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN
GJAFAKORT FYRIR HEPPNA VIÐSKIPTAVINI

NEXT

KRINGLUNNI
551 3200

## SMS-GÁTAN: Hvað veist þú um Óskarsverðlaunin?

**Hver eftirtalinna leikara hefur oftast fengið Óskarsverðlaun?**
S) Jack Nicholson E) Ingrid Bergman M) Katharine Hepburn

**Ein af eftirtöldum myndum vann ellefu Óskarsverðlaun árið 1998. Hver þeirra?**
O) Titanic P) L.A. Confidential Q) Good Will Hunting

**Vestri með Kevin Costner vann Óskarinn árið 1991. Hvað heitir hann?**
N) Dansar við úlfa O) Geronimo P) Thunderheart

**Danska kvikmyndin Babettes gæstebud fékk Óskar árið 1987. Hver leikstýrði myndinni?**
R) Bille August K) Susanne Bier A) Gabriel Axel

**Hver af eftirtöldum leikurum hefur ekki unnið Óskarinn fyrir bestan leik í aðalhlutverki?**
I) Sidney Poitier J) Louis Gossett Jr. K) Denzel Washington

**Hvaða mynd var framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna árið 1997?**
S) Englar alheimsins O) Blossi E) Börn náttúrunnar

**LEYSTU GÁTUNA!** Þú gætir unnið AC/DC – Family Jewels DVD disk sem spannar sögu AC/DC frá 1975-1993
SMS skeytið kostar 99 krónur.

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.
**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.


Birta er komin út!




Einkaviðtal við Svövu Johansen

**Annað efni:**

- 16 síðna sérblað um tísku
- Íslenskir skuldafíklar
- Persónuleikapróf og stjörnuspá
- Öflugasta sjónvarpsdagskrá landsins

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS



# Prag

14. apríl

Frá kr. 29.990

## 4 nætur - örfá sæti laus

Prag er einn ástsælasti áfangastaður Íslendinga. Vorið í Prag er einstaklega fagurt og veðrið milt og landið heillandi, allur gróður í blóma og landið skartar sínu fegursta. Heimsferðir bjóða ferðir til Prag í vor á hreint ótrúlegu verði. Í boði eru góð 3 og 4 stjörnu hótel og spennandi kynnisferðir með íslenskumælandi fararstjórum.

kr. 29.990
Flugsæti með sköttum. Netbókun.

kr. 39.990
Flug, skattar og hótel með morgunverði í 4 nætur, m.v. 2 í herbergi á Hotel ILF. Netbókun.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is


# Saga af... næturgagni

Hér fyrr á árum, þegar fé var slátrað í sláturhúsi Kaupfélags Strandamanna í Norðurfirði og samgöngur innansveitar í Árneshreppi voru erfiðar, gisti sláturhússfólkið á staðnum en fór heim um helgar.

Guðmundur hreppstjóri Jónsson á Munaðarnesi, þá ungur maður, var herbergisfélagi þess skemmtilega heiðursmanns Guðmundar P. Guðmundssonar á Melum í Trékyllisvík. Guðmundur hafði náttpott undir rúmi sínu svo sem venja var lengi.

Helgi eina héldu menn heim til sín, þar á meðal Guðmundur á Melum, en nokkrir ungir menn, ásamt Guðmundi á Munaðarnesi, urðu eftir í verbúðinni. Höfðu þeir ákveðið að efna til samsætis, sem nú á dögum myndi verða nefnt partí. Lokkuðu þeir félagar nokkrar heimasætur til sín í herbergi þeirra Guðmundanna og eftir samsætið gistu einhverjar þeirra um nóttina. Í herberginu var gamall kolaofn til upphitunar. Til að heimasætunum liði vel ákváðu strákarnir að kveikja upp í ofninum. Þá vantaði olíu til uppkveikjunnar. Guðmundur fór því í eldhúsið og stal olíuflösku frá ráðskonunni. Þegar kveikja átti upp reyndist vera smurolía á flöskunni og sennilega hefur sá sem sótti olíuna fyrir ráðskonuna tappað á hana úr rangri tunnu. Nú þurfti að sækja gasolíu en áður þurfti að losa gula smurolíuna úr flöskunni. Losaði Guðmundur flöskuna í hlandkopp nafna síns. Kveikt var og átti unga fólkið notalega nótt og fara ekki sögur af því frekar.

Á sunnudagskvöldið komu svo þeir sem höfðu farið. Fyrsta verk Guðmundar á Melum á hverjum morgni var að fara með koppinn út og losa hann. Á mánudagsmorgun brá svo við að illa gekk að hella úr koppnum. Sagði sjónarvottur að Guðmundur hefði að minnsta kosti þríhellt og þó hefði verið eftir í koppnum.

Þegar Guðmundur strunsaði inn aftur og með koppinn heyrðist hann tauta:

„Helvíti er það nú magnað úr þeim.“

Sagan er fengin úr einni bóka Gísla Hjartarsonar á Ísafirði; Hundrað og ein ný vestfirsk þjóðsaga. ■



NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR
*með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 8 | 4 | 23 | | 7 | 32 | 4 | 24 | 13 | 17 | 4 | 2 | |
| 16 | | 25 | | 5 | | 31 | | 12 | | 31 | | 20 | | 2 |
| 8 | 25 | 1 | 25 | 23 | | 8 | 25 | 19 | 24 | 32 | 15 | 15 | 25 | 4 |
| 22 | | 22 | | 8 | 25 | 4 | | 25 | | 4 | | 15 | | 32 |
| 30 | 22 | 27 | 4 | | | 2 | 3 | 4 | 15 | | 29 | 21 | 19 | 21 |
| 3 | | 24 | | 32 | 22 | 8 | 4 | | 18 | | 26 | | | |
| 14 | 4 | 21 | 23 | 24 | | | 2 | | 24 | 15 | 21 | 2 | 8 | 23 |
| 14 | | 23 | | 8 | 22 | 8 | 25 | 19 | 8 | 4 | | 3 | | 28 |
| 8 | 23 | 1 | 8 | 19 | 21 | | 13 | | | 5 | 15 | 24 | 3 | 1 |
| | | | 2 | | 24 | | 18 | 24 | 15 | 8 | | 15 | | 21 |
| 13 | 6 | 24 | 8 | | 15 | 5 Ú | 22 | 8 | | | 10 | 25 | 11 | 22 |
| 3 | | 2 | | 24 | | 15 T | | 25 | 23 | 8 | | 22 | | 29 |
| 2 | 16 | 8 | 4 | 15 | 8 | 23 N | 21 | 4 | | 24 | 2 | 29 | 1 | 1 |
| 8 | | 11 | | 8 | | 29 E | | 1 | | 2 | | 1 | | 8 |
| | 2 | 22 | 32 | 11 | 29 | 24 S | 15 | 8 | | 8 | 11 | 8 | 4 | |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er S til dæmis í reit merktum 24 og fer þá S í alla aðra reiti með því númeri, N er í reit númer 23 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 23 o.s.fr.v.. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c,z,q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 22-18-4-25-24 (í þessari röð).*



Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið geisladiskinn Femin.

**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:**
**Guðbjörg Karlsdóttir**

**Lausnarorð**

| 22 | 18 | 4 | 25 | 24 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS skeyti í númerið 1900. Dæmi um það, hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**
SMS skeytið kostar 99 krónur.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MIÐVIKUDÖGUM
birta

Ný reynsla á hverjum degi bls. 2
Vaktavinna og heilsufar bls. 2
Lyfjatæknar bls. bls. 2
Bifröst breytti lífi mínu bls. 8


# allt - atvinna

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.13 | 13.29 | 20.47 |
| AKUREYRI | 7.50 | 13.23 | 18.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ


*Góðan dag!*

**Í dag er sunnudagur 10. apríl, 100. dagur ársins 2005.**

## STÖRF Í BOÐI

- Rafmagnsverkfræðingur
- Leikskólastjóri
- Æskulýðs- og íþróttafulltrúi
- kennarar
- Mjólkurfræðingur
- Barþjónar
- Ræstingastjóri
- Sumarstörf
- Verkamenn
- Störf í vöruhóteli
- Snyrtifræðingur
- Verkstjóri
- Sölufulltrúar
- Rafmagnsfræðingur
- Ræstingar
- Rekstrarfulltrúi
- Lagermaður
- Verkefnastjóri
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Störf í mötuneyti
- Sölumaður
- Skólastjórar
- Ráðgjafar
- Bókari


**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**



**Smáauglýsingar** *byrja í dag á bls. 20*


**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**



„Búningarnir í Dínamíti verða næstum ósýnilegir en þó órjúfanlegur hluti af heildinni, eins og grunnstef í tónverki," segir Filippía.

# Búningahönnun er baktería

***Filippía Ingibjörg Elísdóttir er fatahönnuður sem síðustu tíu árin hefur eingöngu fengist við gerð leikbúninga. Hún segir leikhúsið vera bakteríu og búningahönnun líka.***

Filippía er á verkstæði Þjóðleikhússins þegar hún er ónáðuð. Hún er að skapa búninga fyrir leikrit Birgis Sigurðssonar, Dínamít, sem er kraftmikið nýtt verk og verður frumsýnt um aðra helgi. „Við ákváðum að velja fremur látlausa leið í búningum að þessu sinni," segir hún. „Aðalatriði við þá eru form og litir en ekkert óþarfa skraut. Næstum án smáatriða. – Dofnuð minning – ákveðinn tómleiki."

Það er ýmislegt sem kveikir hugmyndirnar hjá Filippíu. „Ég byrja oftast að vinna út frá tónlist og er oft með sömu tónlistina á, út allt ferlið, bara fyrir mig. Þessi vinna er eins og púsluspil. Maður byrjar einhvers staðar og heldur svo áfram að raða."

Hún kveðst vinna náið með leikstjóra og sviðsmyndahönnuði og líka vera í góðu sambandi við leikarana. „Það er ekkert yndislegra en að sjá leikara blása lífi í karakterinn og vera hluti af því kraftaverki," segir hún.

Auk vinnunnar fyrir Dínamít er Filippía að undirbúa verkefni á eigin vegum fyrir opnun Listahátíðar. „Þetta er óður til kindarinnar sem verður frumsýndur við opnunina og á svo eftir að þróast í margar aðrar áttir." segir hún býsna dularfull. Að lokum er hún spurð hvort hún geti skilið vinnuna við sig. „Nei, maður er náttúrlega alltaf með hugann við þetta. Ég væri samt ekkert í þessu nema af því að ég elska þessa vinnu. Þetta er ástríða."

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í atvinnu*

**Veiðieftirlit Fiskistofu** verður að stórum hluta flutt út á land. Stofnuð verða fjögur ný útibú; í Vestmannaeyjum, á Höfn, í Stykkishólmi og Grindavík, og bætt við fjórum nýjum stöðugildum. Þeir sem starfa við eftirlitið eru nú 35 og búa á höfuðborgarsvæðinu.

**Ferðaþjónustan** hér á landi er heldur á uppleið yfir háveturinn. Að minnsta kosti fjölgaði gistinóttum á hótelum í febrúar um 2,5% frá sama mánuði í fyrra, eða úr 53.650 í 55.010. Mest fjölgaði gistinóttunum á Norðurlandi eða um 28% en á Austurlandi fækkaði þeim um 56% og það er ekki alveg í takt við framkvæmdafjörið í þeim landshluta.



**Ferðaþjónustubændur** bera sig vel ef marka má fréttir af aðalfundi þeirra sem haldinn var nýlega á Hótel Heklu á Skeiðum. Þeir segja útlitið gott fyrir sumarið og ferðamannatímabilið alltaf að lengjast fram á vorið og fram eftir hausti.

**Félagsmenn Samtaka iðnaðarins** eru almennt svartsýnni á framvindu í efnhagslífinu fyrir iðnaðinn í landinu en þeir voru fyrir ári síðan ef marka má niðurstöðu Gallup-könnunar sem gerð var meðal þeirra í febrúar í ár og í febrúar í fyrra.

*atvinna@frettabladid.is*

Ævintýraland Kringlunnar

**Rekstrarfulltrúi**

Ævintýraland Kringlunnar óskar eftir rekstrarfulltrúa. Um er að ræða 100% starf sem felur í sér starfsmannaumráð og daglegan rekstur. Ráðið verður í starfið sem allra fyrst. Menntun í uppeldisfræðum er æskileg. Upplýsingar um menntun og starfsferil ásamt mynd sendist til:

Rekstrarfélags Kringlunnar
b.t. Ævintýraland
Kringlunni 4–12
103 Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

Kringlan – MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Verkefnastjórnun**

**Enex hf. vill ráða öflugan verkefnastjóra til starfa til að hafa umsjón með einu eða fleiri af verkefnum félagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en mögulegt er að vera í hlutastarfi fram að hausti.**

**Starfslýsing:**
- Utanumhald verkefna (gerð raforkuvera og hitaveitna)
- Innkaup á þjónustu og búnaði v/verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði, eða tæknifræði
- Þekking á varma-, orku- eða rafmagnstækni kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun nauðsynleg
- Reynsla af störfum erlendis kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði, þýska og spænska mikill kostur.
- Sjálfstæð vinnubrögð og jákvætt viðmót

enex

Enex hf. er útrásarfyrirtæki í eigu allra helstu aðila á sviði jarðvarma á Íslandi, sjá nánar á heimasíðu félagsins www.enex.is. Enex hf. aflar eigin virkjanaverkefna með kaupum á virkjanarétti auk þess að selja ráðgjöf og búnað tengdum orkuiðnaði erlendis. Enex er nú með starfsemi í tveimur löndum utan Íslands, Þýskalandi og Bandaríkjum og vinnur nú að jarðvarmaverkefnum í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Ungverjalandi og El Salvador.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

**Vinnuaðstaða**
Mikilvægt getur verið að halda vinnuaðstöðunni hreinni, sérstaklega ef þú deilir henni með einhverjum öðrum. Ágætt getur verið að ganga alltaf frá öllu áður en vinnudegi lýkur þannig að komið sé að hreinu borði næsta dag.



*Hvernig verður maður*

# Lyfjatæknir?

Lyfjatæknar starfa aðallega við afgreiðslu í apótekum eða lyfjaverslunum. Þeir starfa einnig í lyfjabúrum sjúkrahúsa og í lyfjaverksmiðjum. Lyfjatæknar eru lyfjafræðingum til aðstoðar og vinna ýmis verk undir þeirra leiðsögn, svo sem við blöndun lyfja og afgreiðslu lyfja skv. lyfseðli. Starfsheiti lyfjatækna er lögverndað.

**NÁMIÐ**
Námið tekur fjögur ár og er um 140 einingar. Náminu má skipta í þrennt; aðfararnám, nám á lyfjatæknibraut og starfsþjálfun í apóteki í tíu mánuði á námstímanum. Að loknu námi og starfsþjálfun útskrifast nemendur og fá sérstaka löggildingu frá heilbrigðisráðherra. Þeir mega þá kalla sig lyfjatækna.

**HELSTU NÁMSGREINAR**
Í aðfararnáminu eru kenndar almennar greinar á borð við íslensku, tjáningu, ensku, dönsku, sálarfræði, efnafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði og stærðfræði. Aðfararnámið tekur tvö ár. Að aðfararnámi loknu taka sérgreinar við; svo sem afgreiðslutækni, almenn lyfjafræði, hjúkrunarvörur og sjúkragögn, lyfhrifafræði, lyfjahvarfafræði, lyfjagerð og sjúkdómafræði. Sérgreinina er einungis hægt að læra í lyfjatæknibraut Fjölbrautaskólans við Ármúla.

**INNTÖKUSKILYRÐI**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut geta hafið nám í sérgreinum lyfjatæknibrautar.
Mögulegt er að bæta við lyfjatækninámið og ljúka stúdentsprófi á starfsmenntabraut.

**TIL FRÓÐLEIKS**
Lyfjatækniskóli Íslands tók til starfa haustið 1974. Frá árinu 1960 hafði Apótekarafélag Íslands boðið upp á kvöldnámskeið fyrir starfsfólk apótekanna. Konur sem sóttu námskeiðin kölluðust defektrísur. Það var ekki fyrr en með stofnun Lyfjatækniskólans að lyfjatæknir varð starfsheiti.
Vorið 1992 var Lyfjatækniskólinn lagður niður en endurreistur í sama mund sem námsbraut í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Haustið 2004 var síðan tekin í notkun ný námsskrá í lyfjatækni og námið lengdist úr 140 einingum í 162 einingar.



Lyfjatæknar starfa einkum við afgreiðslu í apótekum.

# Vaktavinna getur haft áhrif á heilsuna

***Fyrirlestur á vegum VR um vaktavinnu og það hvernig fólk sem vinnur slíka vinnu getur dregið úr neikvæðum áhrifum.***

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur býður upp á klukkutíma hádegisfyrirlestra um þessar mundir þar sem sérfræðingar segja frá nýjum bókum, rannsóknum eða sérþekkingu sinni á hinum ýmsu atriðum sem varða vinnu, vinnuumhverfi og vinnulag.
Fyrirlestrarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis. Fyrsti fyrirlesturinn verður haldinn næstkomandi fimmtudag, 14. apríl, um vaktavinnu og heilsu. Fjallað verður um áhrif vaktavinnu á líkamlega og andlega heilsu og rætt um þær leiðir sem hægt er að fara til að lágmarka neikvæð áhrif slíks vinnufyrirkomulags. Fyrirlesari er Halla Jónsdóttir, M. Sc. í vinnusálfræði og ráðgjafi hjá IMG Deloitte.




Starfsfólk í matvöruverslunum vinnur margt vaktavinnu.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Georg Erlingsson stuðningsfulltrúi segir starf sitt gefandi og spennandi.

# Hver dagur býður upp á nýja reynslu

***Georg Erlingsson starfar sem stuðningsfulltrúi við Háteigsskóla en starf hans felst í að sinna börnum í skólanum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda við námið og lífið í skólanum.***

„Starfið er mjög skemmtilegt og gefandi, og vinna með börnum býður upp á eitthvað nýtt á hverjum degi og maður veit aldrei hvort maður kemur heim í lok dags með bros á vör eða ekki," segir Georg Lárusson stuðningsfulltrúi og brosir lítið eitt. Hann starfar við Háteigsskóla þar sem hann er að mestu í bekkjarstofunni með umsjónarkennara og aðstoðar þá nemendur sem hafa þörf á stuðningi við námið.
„Yfirleitt er maður settur á vissa einstaklinga og geta þetta verið til dæmis verið börn með athyglisbrest eða ofvirkni, en það er ekki algilt," segir Georg. Hann segist oft sjá mikla framför hjá börnunum og sé það sérstaklega gefandi. „Ég aðstoða þau ekki bara í bekkjarstofunni, heldur einnig í allri útivist, leikfimi, sundi og í öllum sérgreinum," segir Georg, sem kynnist börnunum oft afar vel. Hann segir líka oft erfitt að kveðja börnin þegar þau hafa vaxið upp og lokið skólanum.
„Ég hef verið í þessu starfi í ein sex ár en mér bauðst starfið eftir að hafa starfað hér sem skólaliði í eitt ár," segir Georg, sem segist ekki sjá eftir því að hafa þegið starfið. „Það er gaman að fara í vinnuna á morgnana þó að stundum sé maður andlega þreyttur eftir daginn, því maður skilur vinnuna ekki beint eftir," segir Georg. „Það eina sem er erfitt við starfið er að lifa af laununum," segir Georg. ■

# Konum enn mismunað

Í BRETLANDI ER ÁSTANDI Á VINNUMARKAÐINUM EKKI NÓGU GOTT FYRIR KONUR.



Konur í Bretlandi eru fjölmennastar í láglaunastörfum eins og ræstingum. *Mynd er úr safni.*

Mismunun kvenna á vinnustöðum í Bretlandi er enn við lýði eins og kemur fram í skýrslu ríkisstjórnar Bretlands sem skýrt er frá á fréttasíðu BBC. Margar konur standa frammi fyrir fjöldanum öllum af hindrunum á leiðinni á toppinn.
Konur í fullu starfi þéna að meðaltali átján prósentum minna en karlmenn á sama tíma og konur í hlutastarfi þéna fjörutíu prósent meira en hitt kynið. Í kjölfar skýrslunnar mun ríkisstjórnin endurskoða hvort sérstök lög þurfi og láta fara fram launakönnun til þess að kanna hvernig megi bæta stöðu kvenna.
Flestar konur vinna láglaunastörf eins og ræstingar, við veisluþjónustu, umönnunarstörf og gjaldkerastörf. Aðeins 32 prósent forstjóra og yfirmanna í Bretlandi eru konur.
Gerð skýrslunnar hófst í september á síðasta ári og munu lokaniðurstöður fást í haust.

# Mikið um þunglyndi og kvíða

***Margir Bretar sækja um bætur vegna langvinnra veikinda.***



Þunglyndi og kvíði eru algengustu ástæður fyrir því að fólk sækir um bætur vegna langtímaveikinda, samkvæmt rannsókn í Kingháskólanum í London í Bretlandi
Greint er frá rannsóknum þeirra á fréttasíðu BBC og þessar bætur kosta ríkisstjórnina 13 milljarða punda á ári. Rannsakendurnir hafa einnig áætlað að 176 milljónir vinnudaga töpuðust árið 2003 og tæplega tíu milljónir daga árið áður.
Langtímaveikindi eru þau veikindi sem standa yfir lengur en hálft ár og að þeim tíma loknum getur fólk sótt um bætur vegna þeirra.



# Topp tíu listinn

YFIR ÞAÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI LÁTA ÚT ÚR ÞÉR Í ATVINNUVIÐTALI.

1. Vá, hvað þú ert með stóra vöðva/brjóst/nef og svo framvegis.
2. Get ég fengið ísskáp á skrifborðið mitt til að geyma bjór í?
3. Nær sjúkrakostnaður yfir ímyndaða maka?
4. Hmmm...síðasti yfirmaður minn getur ekki mælt með mér, því hann týndist á dularfullan hátt þegar ég var rekin/n.
5. Afsakaðu – geturðu togað í puttann á mér?
6. Hver í fyrirtækinu sér um að leysa starfsmenn út úr fangelsi?
7. Ég er rosalega spennt(ur) yfir því að prófa nýju lyfin sem ég þarf að panta inn í þessu starfi.
8. Ég hef mikinn áhuga á eldi.
9. Ég verð að fá aðganga að internetinu – ég skrifa reglulega dálka í Playboy.
10. Ég veit að ég er í buxum núna en ég klæðist þeim ekki dagsdaglega.

# Verkefnastjórnun

**Enex hf. vill ráða öflugan verkefnastjóra til starfa til að hafa umsjón með einu eða fleiri af verkefnum félagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en mögulegt er að vera í hlutastarfi fram að hausti.**

**Starfslýsing:**
- Utanumhald verkefna (gerð raforkuvera og hitaveitna)
- Innkaup á þjónustu og búnaði v/verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði, eða tæknifræði
- Þekking á varma-, orku- eða rafmagnstækni kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun nauðsynleg
- Reynsla af störfum erlendis kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði, þýska og spænska mikill kostur.
- Sjálfstæð vinnubrögð og jákvætt viðmót

enex

Enex hf. er útrásarfyrirtæki í eigu allra helstu aðila á sviði jarðvarma á Íslandi, sjá nánar á heimasíðu félagsins www.enex.is. Enex hf. aflar eigin virkjanaverkefna með kaupum á virkjanarétti auk þess að selja ráðgjöf og búnað tengdum orkuiðnaði erlendis. Enex er nú með starfsemi í tveimur löndum utan Íslands, Þýskalandi og Bandaríkjum og vinnur nú að jarðvarmaverkefnum í Þýskalandi, Bandaríkjunum, Ungverjalandi og El Salvador.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# Starfsmaður á lager

**Öflugt og vaxandi fyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan starfsmann á lager. Vinnutími er virka daga milli 8 og 17. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.**

**Starfssvið:**
- Vörumóttaka og vörusendingar
- Tiltekt vörupantana og pökkun vöru
- Útkeyrsla vöru
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af lagerstarfi skilyrði
- Almenn tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og metnaður í starfi

**Umsjón með starfinu hefur Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

# LAUSAR STÖÐUR KENNARA
## OG AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA AKURSKÓLA

*Akurskóli er nýr grunnskóli í Tjarnahverfi í Innri Njarðvík, Reykjanesbæ. Fyrsti áfangi þessa nýja grunnskóla verður tekinn í notkun á komandi hausti 2005. Í skólanum verða nemendur í 1. – 6. árgangi, en síðan bætist við einn árgangur árlega þar til heildstæðum skóla hefur verið náð. Við hönnun Akurskóla er leitast við að búa nemendum námsumhverfi sem kemur til móts við ólíkar þarfir nemenda.*

**AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI**
Reykjanesbær auglýsir lausa stöðu aðstoðarskólastjóra við Akurskóla.
Kennaramenntun er skilyrði og æskilegt að umsækjandi búi yfir menntun og/eða reynslu af stjórnun.
Næsti yfirmaður aðstoðarskólastjóra er skólastjóri.

**KENNARAR VIÐ AKURSKÓLA**
Reykjanesbær auglýsir einnig lausar stöður kennara við Akurskóla í öllum greinum 1.- 6. bekkjar.
Mikilvægt er að umsækjendur um ofangreind störf séu tilbúnir að taka þátt í að þróa skólastarf í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegra kennsluhátta.

Nánari upplýsingar gefur **Jónína Ágústsdóttir skólastjóri** í síma 421 6700 og 690 6130, **netfang: jonina.agustsdottir@reykjanesbaer.is.**

*Reykjanesbær hefur áhuga á að ná samkomulagi við Launanefnd sveitarfélaga og KÍ um gerð tilraunasamnings við kennara á grundvelli bókunar 5 í gildandi kjarasamningi.*

**LAUSAR STÖÐUR KENNARA**
Einnig eru lausar til umsóknar staða kennara í samfélagsgreinum á unglingastigi og staða handmenntakennara í **Holtaskóla.** *Nánari upplýsingar veitir Jónína Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 421 1135.*
Í **Myllubakkaskóla** er laus staða íslenskukennara á unglingastigi. *Nánari upplýsingar veitir Brynja Árnadóttir skólastjóri í síma 420 1450.*

*Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og K. Í.* Umsóknir skulu berast Starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 -Reykjanesbæ fyrir 25. apríl nk. merktar viðkomandi starfi. Einnig er er hægt að nálgast rafræn umsóknareyðublöð á upplýsingavef Reykjanesbæjar: **reykjanesbaer.is.**

**Starfsþróunarstjóri.**



**Fræðslusvið** ••• reykjanesbaer.is

IGS GROUND SERVICES



*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum FL GROUP. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.*

# Laus störf í mötuneyti IGS

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk í lítið mötuneyti á Reykjavíkurflugvelli. Um er að ræða mötuneyti með að jafnaði 30-40 manns í mat á daginn en færri á kvöldin.
Vinnufyrirkomulag er dagvinna og vaktarvinna.

**Helstu verkefni:**
- Bera fram og sjá um heita rétti, súpu/brauð og salatbar í starfsmannamötuneyti.
- Þrif á matsal, áhöldum og snyrtiaðstöðu sem fylgir mötuneytinu.
- Taka á móti flugvélamat, utanumhald og gera matarvagna tilbúna fyrir flug.
- Tvær máltíðir á dag. Hádegismatur og kvöldmatur alla daga vikunnar.

Áhersla er lögð á snyrtimennsku, þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu okkar, **www.igs.is**. Nánari upplýsingar fást hjá starfsmannaþjónustu IGS í síma 425 0230. Einnig veitir deildarstjóri flugeldhúss upplýsingar í síma 864 7161.
**Umsóknir berist ekki síðar en 19. apríl.**

# Ertu í leit að föstu starfi eða aukavinnu





Við leitum eftir fólki í eftirfarandi störf við ræstingar:

**Dagvinna í verslunarmiðstöð á svæði 103 - vinnuhlutfall 91,25%.**
Unnið er í viku og frí í viku. Vinnutími er eftirfarandi: mánudaga - miðvikudaga og laugardaga frá klukkan 08:00 - 19:00, fimmtudaga frá klukkan 08:00 - 21:30, föstudaga frá klukkan 08:00 - 20:00 og sunnudaga frá klukkan 08:00 - 18:00.

**Dagvinna á svæði 112**
Starf á líkamsræktarstöð alla virka daga frá klukkan 11:00 -18:00 og laugardaga frá klukkan 10:00 -14:00.

**Dagvinna á svæði 108 - vinnuhlutfall 100%**
Ræstingar og mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 07:30 - 15:30.

**Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50%**
Vinnutími er frá klukkan 08:30 - 14:30.

**Seinnipartsvinna á svæði 101 - vinnuhlutfall 29,5%**
Störf við ræstingar og býtibúrsvinnu á heilbrigðisstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 16:00 - 19:00 fimm daga vikunnar og aðra hverja helgi.

**Helgarvinna á svæði 101, 200 og 220**
Ræstinga- og býtibúrsvinna á heilbrigðisstofnunum þar sem vinnutími er frá klukkan 16:00 - 19:00 aðra hverja helgi á svæði 101 og 08:00 - 15:00 aðra hverja helgi á svæði 220. Á svæði 200 er unnið aðra hverja helgi frá klukkan 08:00 - 14:00 og 10:00 -16:00 í verslunarmiðstöð.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.**
Dag- og kvöldvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar er fjölbreytt og góð laun í boði. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

ISS ÍSLAND

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

***ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, s.s. ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***

---

Ævintýraland Kringlunnar

# Ævintýraland Kringlunnar

## Rekstrarfulltrúi

Ævintýraland Kringlunnar óskar eftir rekstrarfulltrúa. Um er að ræða 100% starf sem felur í sér starfsmannaumráð og daglegan rekstur. Ráðið verður í starfið sem allra fyrst. Menntun í uppeldisfræðum er æskileg. Upplýsingar um menntun og starfsferil ásamt mynd sendist til:

Rekstrarfélags Kringlunnar
b.t. Ævintýraland
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

---

## Verslun og varahlutir B&L...
## ...leitar að sölumanni



**Starfssvið**
Sérhæfð sala á varahlutum
Sala til einstaklinga
Fyrirtækjaþjónusta
Sala á aukahlutum

**Hæfniskröfur**
Staðgóð þekking á bifreiðum
Tölvukunnátta
Frumkvæði í starfi
Enskukunnátta
Sjálfstæð vinnubrögð
Þola vel álag
Hæfni í mannlegum samskiptum
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 18. apríl nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

**B&L** er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og Arctic Cat vélsleða og er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

B&L
Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

**Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Arctic Cat - Renault Trucks - Irisbus**

---

OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

# Vilt þú vera með frá upphafi?

Erum að leita að hressu og ábyrgu starfsfólki í framtíðarstörf / hlutastörf á nýju veitingahúsi/bar sem opnar á Laugavegi 20 í maí.

Stöður sem enn á eftir að fylla:
- Barþjónar
- Starfsfólk í eldhús
- Starfsfólk í sal
- Kaffibarþjónar
- Dyraverðir

Starfsskilyrði eru að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri tungu, eigi gott með mannleg samskipti, hafi metnað fyrir starfi sínu og sé brosmilt.

Starfsfólk verður sent á kaffinámskeið, léttvínsnámskeið ofl.

Áhugasamir, vinsamlegast komið við á Laugavegi 20 milli 14:00 og 16:00 eða hringið í Arnar í síma 821-8500 og mælið ykkur mót.

Erum með stórt útiborðasvæði þannig að þetta er líka útivinna í sólinni í sumar!!!

---

SKÓGARBÆR

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga og er til húsa að Árskógum 2, í Mjódd / Breiðholti.

## Starfsfólk óskast til sumarafleysinga.

| | |
|---|---|
| **Aðhlynning:** | Vaktavinna, starfshlutfall samkomulagsatriði. |
| **Eldhús:** | 90% vaktavinna og 50% dagvinna. |
| **Vinnustofa:** | 80% dagvinna. |

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 510-2100 og forstöðumaður eldhúss í síma 510-2145, alla virka daga kl. 10.00 – 14.00.

---

## Skólastjórar og kennarar

Í Mývatnssveit er vel búinn grunnskóli.
Vinnuaðstaða kennara er mjög góð.
Skólinn er einsetinn með mötuneyti.
Á næsta skólaári verða nemendur rúmlega 70 í 1. – 10. bekk. Íþróttahús með tækjasal og sundlaug er við skólann.

**Okkur vantar skólastjóra og kennara.**
Helstu kennslugreinar eru raungreinar á unglingastigi, tónmennt, hönnun og smíði og almenn kennsla á öllum skólastigum. Mývatnssveit er náttúruperla sem á sér enga líka jafnt að vetri sem sumri.

**Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2005.**

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Guðmundsdóttir skólastjóri í símum 464-4379, 464-4375 og 868-1862.

---

## Aðstoðarskólastjóri – kennari

Laus er staða aðstoðarskólastjóra við skólann næsta skólaár vegna námsleyfis jafnframt leitum við að áhugasömum kennara í kennslu á miðstigi, og sérkennslu.

Heimasíða skólans er http://gsm.ismennt.is

Nánari upplýsingar gefa :
Skólastjóri Kolbrún Hjörleifsdóttir í síma 487 1242.
netfang: *kolbrun@ismennt.is*
Sveitarstjóri Sveinn Pálsson í síma 487 1210

**Umsóknarfrestur er til 8.maí**

Yfirlit yfir nám og störf auk meðmæla skulu fylgja umsókn.

# Rafmagnsverk- eða rafmagnstæknifræðingur

**Löggildingarstofa óskar að ráða rafmagnsverk- eða rafmagnstæknifræðing á háspennusviði.**

LÖGGILDINGARSTOFA

*Löggildingarstofa veitir fyrirtækjum þjónustu á sviði faggildingar og mælifræði í samræmi við sameiginlegar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá annast stofnunin markaðsgæslu og rafmagnsöryggismál í þeim tilgangi að tryggja öryggi og hagsmuni neytenda.*

*Löggildingarstofa er í forsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi í þeim málaflokkum sem henni tilheyra og gegnir lykilhlutverki við samræmingu krafna milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

*Stofnunin er til húsa að Borgartúni 21 og þar starfa 16 starfsmenn í fimm deildum, rafmagnsöryggisdeild, markaðsgæsludeild, mælifræðideild, þróunardeild og á faggildingarsviði. Sjá nánari upplýsingar á vef stofnunarinnar:* ***www.ls.is***

**Helstu verkefni** eru eftirlit með innri öryggisstjórnun raforkufyrirtækja, eftirlit með skoðunarstofum á rafmagnssviði, samning og túlkun reglna á sviði rafmagnsöryggis, upplýsingagjöf og fræðsla um rafmagnsöryggismál, úrvinnsla upplýsinga um slys og tjón af völdum rafmagns, þátttaka í samstarfi við erlendar og innlendar stofnanir og fyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
- Verkfræði- eða tæknifræðimenntun á rafmagnssviði.
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni og frumkvæði í starfi
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Norðurlandamál og enska.

**Í boði er** krefjandi starf hjá stofnun sem veitir starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun, ásamt þátttöku í erlendu samstarfi. Góð vinnuaðstaða er í boði.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 25. apríl nk. Númer starfs er **4431**.

Upplýsingar veita Ari Eyberg og Katrín S. Óladóttir. Netföng: ari@hagvangur.is, katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík**
**Sími 520 4700 • Fax 520 4701**
**www.hagvangur.is**

# Ræstingar

**Við leitum að starfsmanni til að sjá um þrif á húsnæði Biskupsstofu.**

Um er að ræða hlutastarf, vinnutími er frá kl. 14.00-18.00, eða eftir samkomulagi. Hentugt fyrir tvær manneskjur sem gætu verið í samstarfi.

Starfið er laust frá og með 2. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 18. apríl nk. Númer starfs er **4390**.

Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir.
Netfang: gudny@hagvangur.is

ÞJÓÐKIRKJAN

*Biskupsstofa er embættisskrifstofa Biskups Íslands og skrifstofa Kirkjuráðs og kirkjuþings. Biskupsstofa er til húsa í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31 í Reykjavík.*
*www.kirkjan.is*

HAGVANGUR
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700**
**Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is**

# AKUREYRI
# Sumarafleysingar

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar á Akureyri. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf. Æskilegt er að viðkomandi sé með ADR-réttindi, en það er ekki skilyrði.

Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

Starfssvið: Afgreiðsla og dreifing á fljótandi eldsneyti og öðrum vörum.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Jóhann Guðjónsson í síma 461-4070

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

# HLÍÐASKÓLI

Hlíðaskóli óskar að ráða eftirtalda starfsmenn skólaárið 2005-2006:

**Kennara í textílmennt**
**Kennara á yngsta stig. Táknmálskunnátta nauðsynleg**
**Táknmálstúlk**

Upplýsingar gefa Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 552 5080 netfang *kgg@hlidaskoli.is* og Ingibjörg Möller aðstoðarskólastjóri í síma 552 5080 netfang: *imoll@hlidaskoli.is*

# Lausar stöður á Kirkjubæjarklaustri

## Staða æskulýðs- og íþróttafulltrúa

Skaftárhreppur er að leita að metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingi með íþróttakennarapróf. Starfið felst í uppbyggingu á æskulýðs- og íþróttastarfi, umsjón með rekstri íþróttahúss og sundlaugar ásamt þjálfarastörfum og íþróttakennslu.

## Staða grunnskólakennara

Við leitum að áhugasömum kennara í almenna bekkjarkennslu næsta skólaár. Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Kirkjubæjarskóli á Síðu er grunnskóli með um 70 nemendur. Við skólann er gott og samhent 18 manna starfslið. Aðbúnaður nemenda er starfsfólks er góður. Við skólann er m.a. vel búið tölvuver, sérlega vel búið bókasafn, gott mötuneyti og þar er starfræktur tónlistarskóli og heilsdagsskóli.

Upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í síma 487–4633 eða 865-7440. Upplýsingar um Skaftárhrepp og Kirkjubæjarskóla eru á www.klaustur.is og http://www.kbs.is
Umsóknarfrestur er til 22. apríl.
Umsóknir má senda á netfang skólans kbs@ismennt.is eða Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur.

Félagsþjónustan í Reykjavík

# GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN

Félagsþjónustan í Reykjavík óskar eftir fjölskyldu í Reykjavík sem er tilbúin til að taka að sér börn í tímabundna vistun.

Fjölskyldan þarf að geta tekið á móti allt að þremur börnum á aldrinum 0 – 18 ára. Um er að ræða börn sem tímabundið geta ekki búið hjá foreldrum sínum og miðar vistunin að því að þau njóti traustra uppeldisskilyrða og öruggs heimilislífs.

**Við leitum að:**
- Fjölskyldum sem hafa reynslu af starfi með börnum.
- Fjölskyldum sem geta mætt þörfum ólíkra barna.
- Fjölskyldum þar sem a.m.k. annar aðilinn vinnur heima.

**Við bjóðum:**
- Faglegan stuðning við fjölskyldurnar.
- Aðgang að fræðslustarfi Félagsþjónustunnar.

**Greitt verður samkvæmt verktakasamningi.**

Allar nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir, forstöðumaður Vistheimilis barna Laugarásvegi 39 í síma 581-1024.

Umsóknir berist Félagsþjónustunni Síðumúla 39 merktar: **„GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN"**

# Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Árbæjarskóli, sími 567 2555 - Frá hausti 2005**
**Íslenskukennsla á unglingastigi.**
**Samfélagsfræðikennsla á unglingastigi.**
**Dönsku- og stærðfræðikennsla á unglingastigi.**
**Tölvukennsla í 1.-10. bekk.**

**Borgaskóli, sími 577 2900**
**Kennsla á yngsta stigi.** Tvær stöður lausar nú þegar.

**Breiðholtsskóli, 557 3000**
**Dönskukennsla.**

**Foldaskóli, sími 540 7600**
**Enskukennsla á unglingastigi** frá 15. ágúst til 15. nóv. Frekari forfallakennsla kemur svo til greina.

**Hagaskóli, sími 535 6500**
**Starfsmaður skóla.** Laust nú þegar.
**Starfsmaður skóla í mötuneyti skólans.** Laust nú þegar.

**Korpuskóli, sími 525 0600 - Frá hausti 2005**
**Þroskaþjálfi.**
**Matreiðslumaður til að sjá um mötuneyti skólans.**

**Seljaskóli, sími 557 7411 - Frá hausti 2005**
**Ensku- og dönskukennsla á unglingastigi.**
**Skólaliði í fullt starf**, staðan er laus nú þegar.

**Ölduselsskóli, sími 557 5522**
**Skólaliði, 50% staða.** Um framtíðar starf er að ræða og fullt starf frá og með 1. ágúst.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg    Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is

# Matfugl ehf.

Óskum eftir að ráða starfsmann til lager og útkeyrslustarfa. Meirapróf æskilegt.

**Upplýsingar í s: 660-9631 virka daga milli kl. 10-12.**

# Vanir smiðir óskast strax



ÞG-Verk vill ráða til starfa tuttugu vana smiði til vinnu.
Spennandi verkefnastaða og góður starfsandi.

Áhugasamir fylli út umsóknir á ***www.tgverk.is*** fyrir **15 apríl.**

Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

ÞG-VERK
Fossaleyni 16, 112 Rvk.
Sími: 5348400 / Fax: 5348401

## STARFSFÓLK Í VÖRUHÓTELI

*Vöruhótel Eimskips leitar að duglegum, ábyrgum og sjálfstæðum einstaklingum til starfa í Vöruhótelinu í Sundahöfn. Óskað er eftir starfsfólki við vörumóttöku og vörutiltekt. Æskilegt er að viðkomandi sé með lyftararéttindi. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg en ekki nauðsynleg.*

*Leitað er að öflugum, jákvæðum og stundvísum einstaklingum með góða þjónustulund og sem geta unnið undir álagi.*

*Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á dagvöktum og í vaktavinnu á tvískiptum vöktum á virkum dögum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.*

*Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir sérfræðingur í starfsþróun (hhd@eimskip.is). Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is, til og með 18. apríl 2005.*

*Nánari upplýsingar um starfið veita Einar Birgisson og Felix Sigurðsson þjónustustjórar í símum 825 7631 og 825 7641. Netföng: ebb@eimskip.is og fgs@eimskip.is.*

*Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.*

*Hjá Eimskip starfar úrvalshópur sem hefur gildi fyrirtækisins að leiðarljósi.*

- *ÁRANGUR*
- *SAMSTARF*
- *TRAUST*

*EIMSKIP • www.eimskip.is*
*Sími 525 7000 • Fax 525 7009*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

# Ræstingarstjóri



Vegna aukinna verkefna er í boði tvo störf ræstingarstjóra sem stýra og leiðbeina hópi fólks sem vinnur við ræstingar auk þess að annast tengsl við viðskiptavini.

Ræstingarstjóri gengur frá ráðningu starfsmanna, sér um kennslu og þjálfun þeirra og hefur umsjón með verkgæðum. Ræstingarstjóri vinnur mjög sjálfstætt og hefur frjálsan vinnutíma sem er verkefnatengdur. Starfinu fylgja heimsóknir í fyrirtæki og hefur hann bifreið og síma frá ISS til umráða.

Áhersla er lögð á sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð, þjónustuvilja, samskiptahæfni og snyrtimennsku.

ISS ÍSLAND

**Umsóknum sé skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf., Ármúla 40, 108 Reykjavík, merkt "Ræstingarstjóri", fyrir kl. 17:00, föstudaginn 15. apríl. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS Ísland, www.iss.is**

***ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, s.s. ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***

## *Snyrti- og naglafræðingar*

**Ert þú:**

- **Metnaðarfull**
- **Áhugasöm**
- **Þjónustulunduð**
- **Samviskusöm**
- **Félagslynd**
- **Ábyrgðarfull**
- **Með söluhæfileika**
- **Með reynslu**

Ef svo er þá erum við að leita af þér!
Þetta er þitt tækifæri til að vinna á líflegum, skemmtilegum og metnaðarfullum vinnustað.

*Nánari uppl. gefur Heiðdís í s: 517 7776 virka daga milli 9-18.*

SPA *fegurð*
Spa fegurð, Laugavegi 96, 101 Reykjavík, sími 511 6660

## Leikskólann Vinagerði
**Langagerði 1**

Vinagerði

Vantar deildarstjóra frá 1 maí til ágúst 2006 í fæðingarorlofi deildarstjóra, framtíðarstarf möguleiki eftir þann tíma.

Einnig vantar stuðning í þrjá tíma á dag fyrir lítinn dreng.

Aðeins kemur til greina að ráða leikskólakennara eða starfsmenn með sambærilega menntun.

Vinagerði hefur hugmyndafræði Reggio Emilio að leiðarljósi þar sem meginmarkmiðið í uppeldinu er að hvetja börnin til að nota öll skilningarvit sín, málin sín hundrað, og vinna að markvist að því að virkja frumlega og skapandi hugsun hjá börnunum.

**Áhugasamir hafi samband við Díönu leikskólastjóra í síma 553-8088 eða á póstfangið *vinagerði@simnet.is***

## Hótelrekstur á landsbyggðinni

Vopnafjarðarhreppur auglýsir rekstur **Hótels Tanga** á Vopnafirði til leigu. Unnið er að gagngerum endurbótum á hótelinu, sem lokið verður í júní nk. Leitað er eftir aðila, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur, hótels á Vopnafirði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi rekstrarmenntun eða reynslu á sviði hótels- og veitingareksturs.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps í síma 473-1300 eða á netfangi *steini@vopnafjardarhreppur.is*

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, fyrir 15. apríl n. k.

**-Vopnafjarðarhreppur**

Stjörnusól
*– kraftmesta sólin á Íslandi!*

## Starfsfólk óskast
### á sólbaðsstofu í Hafnarfirði.

Bæði er um er að ræða hlutastarf og fullt starf.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á staðnum.

**STJÖRNUSÓL, Fjarðargata 17.**




### LÍFEYRIS- OG TRYGGINGARÁÐGJÖF

Allianz leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingum til starfa við lífeyris- og tryggingaráðgjöf. Viðkomandi þarf að hafa til að bera hæfni í mannlegum samskiptum og reynslu af sölumennsku. Háskólamenntun æskileg. Umsóknir sendist til Allianz, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða á netfangið agust@allianz.is fyrir 20. apríl. Nánari upplýsingar veitir Ágúst í síma 595 3300.

### ALLIANZ

Tryggingafélagið Allianz var stofnað 5. febrúar 1890 og frá fyrsta degi hefur starfsemi félagsins verið samfelld sigurganga. Núna er Allianz stærsta tryggingasamsteypa veraldar með starfsemi í 77 löndum, um 180.000 starfsmenn og 60 milljón viðskiptavini. Allianz opnaði skrifstofu á Íslandi í nóvember 1994 og býður Íslendingum viðbótarlífeyrissparnað, líf- og slysatryggingar í gegnum Allianz Leben og Allianz Versicherung í Stuttgart. Íslendingar hafa tekið þjónustu Allianz fegins hendi enda koma þýsk lög og staðlar viðskiptavinum félagsins til góða.

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

**Allianz**
– stendur með þér

## INNFLUTNINGUR

**Óskum að ráða starfsmann til skrifstofustarfa.**

**MEÐAL HELSTU VERKEFNA**

- *Innflutningur*
- *Pantanir*
- *Tollskýrslugerð*
- *Viðskiptamannabókahald*
- *Önnur Skrifstofustörf*

**MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR**

- *Gott vald á ensku*
- *Góð tölvukunnátta*
- *Góð Excel kunnátta*
- *Skipulagning og nákvæmni*
- *Starfsreynsla*

Við leitum að ábyggilegum og traustum starfskrafti til framtíðarstarfa.

Upplýsingar um aldur, menntun og fyrri störf sendist fyrir 15. apríl á: oskar@rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24

## Leikskólinn Vinagerði

**Langagerði 1**

Vinagerði

Vantar deildarstjóra frá 1 maí til ágúst 2006 í fæðingarorlofi deildarstjóra, framtíðarstarf möguleiki eftir þann tíma.

Einnig vantar stuðning í þrjá tíma á dag fyrir lítinn dreng.

Aðeins kemur til greina að ráða leikskólakennara eða starfsmenn með sambærilega menntun.

Vinagerði hefur hugmyndafræði Reggio Emilio að leiðarljósi þar sem meginmarkmiðið í uppeldinu er að hvetja börnin til að nota öll skilningarvit sín, málin sín hundrað, og vinna að markvist að því að virkja frumlega og skapandi hugsun hjá börnunum.

**Áhugasamir hafi samband við Díönu leikskólastjóra í síma 553-8088 eða á póstfangið *vinagerði@simnet.is***

## Vesturbæjarskóli skólaárið 2005-2006

**Í Vesturbæjarskóla eru á fjórða hundrað nemendur í 1.-7. bekk og rúmlega 40 starfsmenn. Skólinn starfar samkvæmt sveigjanlegum starfsháttum þar sem lögð er áhersla á sveigjanlega stundakrá, einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda og mikið og náið samstarf kennara. Þá fer einnig fram einstaklingsmiðað og markmiðsbundið námsmat.**

Áhersla er lögð á áætlanagerð og val nemenda og samábyrgð þeirra á eigin námi í samvinnu við kennara og foreldra.

**Kennara vantar í eftirfarandi stöður skólaárið 2005-2006:**

- **Umsjónarkennsla** á miðstigi.
- **Íþróttakennsla** vegna forfalla.
- **Tónmenntarkennsla.**
- **Danskennsla.**

**Nánari upplýsingar um starf og stefnu skólans er að finna á heimasíðu hans www.vesturbaejarskoli.is Upplýsingar um starfið gefa skólastjórnendur í síma 562 2296, Kristín G. Andrésdóttir, skólastjóri og Málfríður Ragnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri. Umsóknir sendist í Vesturbæjarskóla, Sólvallagötu 67, 101 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 9. maí nk. Laun samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.**

Reykjavíkurborg — Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, www.grunnskolar.is
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is

MYLLAN

## ATVINNUAUGLÝSING

## Starfsfólk óskast.

Starfsfólk óskast til framtíðarstarfa í framleiðsludeild Myllunnar að Skeifunni 19, Reykjavík. Vinnutími 08:00-17:00. Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknum skal skila til Myllunnar, starfsmannaþjónustu eigi síðar en föstudaginn 15. apríl n.k. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á http://www.myllan.is/starfsfolk_umsokn.htm.

**Myllan**
Skeifan 19 • Reykjavík.

## Síld & Fiskur ehf. Dalshrauni 9b Hafnarfjörður.

Síld & Fiskur ehf. er 60 ára kjötiðnaðarfyrirtæki, sérhæft í vinnslu á svínakjöti.Í kjötvinnslu félgasins starfa um 60 þróttmiklir starfsmenn að framleiðslu hágæða matvæla.

**Óskum eftir að ráða starfsfólk í kjötskurð, pökkun og til almennra kjötvinnslustarfa.**

Nánari upplýsingar veitir Stefán í síma 555-4711 eða á netfanginu stefan@ali.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Leikskólar

### Álftasteinn

(s. 555 6155, *alfasteinn@hafnarfjordur.is*)

**Leikskólakennara eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar.**

Afleysingar í eldhús vantar frá 1. maí til 11. júlí.

### Tjarnarás

(s. 565 9710, *tjarnaras@hafnarfjordur.is*)

**Leikskólakennara eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar.**

Allar upplýsingar veita viðkomandi leikskólastjórar.
**Umsóknarfrestur er til 17. apríl.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## Leikskólinn Heklukot á Hellu auglýsir:

# Leikskólastjórar – Leikskólakennarar

Laus er til umsóknar staða leikskólastjóra við leikskólann Heklukot á Hellu. Heklukot er nú tveggja deilda leikskóli með aðstöðu fyrir rúmlega 40 börn.

Fyrirliggjandi er, að ráðist verður í þróun og uppbyggingu leikskólans á næstunni. Stækka þarf leikskólann vegna aukins fjölda barna á leikskólaaldri. Þetta er kjörið tækifæri fyrir framsækinn leikskólakennara til þess að takast á við spennandi verkefni við þróun og mótun leikskólastarfsins.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Boðin er aðstoð við útvegun húsnæðis. Í reglum sveitarfélagsins um hlunnindi starfsmanna, er heimild fyrir þátttöku stofnana þess í húsnæðiskostnaði starfsmanna.

Við röðun umsækjenda verður tekið mið af menntun, reynslu viðkomandi af stjórnun í leikskóla og umsagna og meðmæla frá núverandi og fyrri vinnuveitendum.

Einnig eru lausar stöður leikskólakennara. Sama gildir um laun, kjör og aðstoð vegna húsnæðis og áður er greint.

Hella er í 93 km. fjarlægð frá Reykjavík og býður þægindi þéttbýlisins um leið og byggðin er í nánu sambandi við dreifbýlið. Á Hellu er öll almenn þjónusta í 700 íbúa barnvænni byggð. Grunnskóli, leikskóli og sund- og önnur íþróttaaðstaða er í kjarna í miðju byggðarinnar sem þægilegt er að sækja. Hella er þéttbýliskjarni í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra þar sem búa 1450 íbúar.

Nánari upplýsingar veita sveitarstjórinn, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, á skrifstofu Rangárþings ytra, Laufskálum 2 á Hellu og í s. 487-5834 og formaður fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, Engilbert Olgeirsson, í s. 899-6514.

**Umsóknum þarf að skila fyrir 15. apríl 2005 til skrifstofu Rangárþings ytra.**

***Rangárþing ytra.***

## SKJÓL

Hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

**Sjúkraliðar.**
Sjúkraliðar óskast til starfa. Starfshlutfall samkomulag.

**Starfsfólk í aðhlynningu.**
Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra, í fulla vinnu svo og í hlutastörf.

**Sumarafleysingar.**
Starfsfólk vantar í afleysingar í sumar.
Vinna við hjúkrun og umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Góð starfsaðstaða.
Reyklaus vinnustaður.

**Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmsdóttir hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 522-5600**

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
# Leikskólar

**Álftasteinn**
(s. 555 6155, alfasteinn@hafnarfjordur.is)
**Leikskólakennara eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar.**

Afleysingar í eldhús vantar frá 1. maí til 11. júlí.

**Tjarnarás**
(s. 565 9710, tjarnaras@hafnarfjordur.is)
**Leikskólakennara eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar.**

Allar upplýsingar veita viðkomandi leikskólastjórar.
**Umsóknarfrestur er til 17. apríl.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## MENN&MÝS

Menn og Mýs er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar, selur og þjónustar afburðalausnir á sviði DNS og netumsjónar til margra af stærstu fyrirtækjum í heimi.

**Vegna stóraukinnar eftirspurnar leitum við að framúrskarandi einstaklingi til að ganga til liðs við árangursríka ráðgjafadeild okkar.**

## Ráðgjöf

Starfið felst m.a. í ferðalögum erlendis þar sem unnið er fyrir stærstu fyrirtæki í heimi við uppsetningar á vörum Manna og Músa og ráðgjöf í tengslum við rekstur stórra tölvuneta. Námskeiðahaldi erlendis á sviði DNS (BIND, Microsoft DNS) og Active Directory. Ráðgjafaverkefni á sviði DNS og DHCP og netuppsetninga.

**Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir réttan aðila.**

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- A.m.k. 3 ára háskólamenntun
- Mjög gott vald á ensku, skriflegri og munnlegri
- Þekking á netkerfum, s.s. DNS, DHCP
- Þekking á Microsoft AD æskileg
- Þekking á Unix æskileg
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum

MIXA • fít • 50583

*Allar frekari upplýsingar veitir Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is). Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu **Mannafls** og láta þá ítarlega starfsferilskrá fylgja með sem viðhengi. www.mannafl.is*

**www.menandmice.com**

## Áman

# Áman óskar eftir fólki með sölumannshæfileika til starfa.

Reynsla af sölustörfum og eða reynsla af víngerð æskileg en ekki skilyrði. Leitað er að vinnusömum og heiðarlegum einstaklingum, sem geta unnið sjálfstætt og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 30 ára og eldri. Umsókn sendist á ***doddi@aman.is*** merkt **„Sölumaður".**

áman **Skeifunni 11d** **Sími 533 1020**


# Bifröst breytti lífi mínu

***A. Agnes Gunnarsdóttir hefur eytt talsverðum hluta af lífi sínu á Viðskiptaháskólanum á Bifröst og líkar vel. Nú starfar hún þar sem verkefnisstjóri símenntunar og við kynningar og almannatengsl ásamt því að vera í meistaranámi við skólann.***

„Ég starfa jafnt við verkefnisstjórnun og kynningar og almannatengsl. Það er rosalega gaman og það er alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi. Ég er mikið í samskiptum við eldri nemendur, nýja nemendur og áhugasama nemendur þannig að ég er í raun alltaf að tala við fólk og það finnst mér frábært," segir Agnes.



Agnesi líkar rosalega vel á Bifröst og sér ekki eftir að hafa komið þangað.

„Verkefnisstjórastarfið felst í því að ég sé um öll námskeið á Bifröst sem og að þróa og móta ný námskeið. Mörg námskeiðin hafa auðvitað verið mótuð áður en ég kom til starfa en ég held áfram að þróa þau. Þegar ég er að móta námskeið lít ég aðallega á hvað skólinn stendur fyrir. Í 87 ár höfum við menntað fólk til stjórnunarstarfa og höfum við reynt að þróa stjórnunarnám fyrir sjómenn, bankamenn og konur í rekstri svo dæmi séu tekin. Ég reyni að fylgja stefnu skólans og fara ekki út fyrir hana," segir Agnes sem er þá væntanleg umkringd framtíðar ráðamönnum þjóðarinnar. „Jú, jú ég er umkringd framtíðarstjórnendum allan daginn. Sjálfur forsætisráðherra vor útskrifaðist úr gamla skólanum þannig að þetta er mikill fyrirmannaskóli," segir Agnes og hlær dátt.

Ekki má gleyma því að Agnes starfar líka við kynningar og almannatengsl og er það ekki síður mikilvægur þáttur af starfi skólans. „Ég fer í flesta framhaldsskóla landsins og kynni skólann. Síðan tek ég á móti alls kyns



Margir hafa fallið fyrir því fallega umhverfi sem umlykur Viðskiptaháskólann á Bifröst en skólinn er einnig mjög virtur.

félögum, hópum og eldri nemendum og tek þá í kynningartúr um skólann. Ég vil taka persónulega á móti fólki og sýna því staðinn. Síðan svara ég flestum fyrirspurnum sem koma frá fólki sem er áhugasamt um námið hér á Bifröst," segir Agnes, sem líkar vel á Bifröst. „Það hjálpast allir að hér og það eru forréttindi að fá að vinna þessa vinnu. Ráðamenn leyfa mér virkilega að reyna á mig og láta mig fá meiri ábyrgð þannig að ég kynnist eiginlega öllum hliðum skólans."

Líf Agnesar hefur svo sannarlega tekið stakkaskiptum eftir að hún steig fyrst fæti inn í skólahúsnæðið á Bifröst. „Ég kom hér inn sem einstaklingur árið 1999 og nú á ég mann og barn eftir dvölina hér. Þessi skóli er algjörlega búinn að breyta lífi mínu. Ég útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 2002 og fékk þá starf sem kynningar- og almannatengslafulltrúi með skóla. Þá var skólinn að stækka og um 120 nemendur skráðir. Nú eru hins vegar um 500 eða 600 í námi með fjarnámi og símenntun þannig að það þurfti að fjölga starfsmönnum. Árið 2003 fór í meistaranám með kynningar- og almannatengslastarfinu og síðasta haust bauðst mér tækifæri til að vera verkefnisstjóri og þáði það. Þetta er rosalega gott tækifæri og ég sé ekki eftir því að hafa þegið það."

lilja@frettabladid.is

Leikskólar Reykjavíkur



# Leikskólastjóri
## Bergi

**Staða leikskólastjóra er laus til umsóknar í leikskólanum Bergi.**
Berg er 2ja deilda leikskóli við sjávarsíðuna á Kjalarnesi og dvelja þar samtímis um 50 börn. Leikskólinn er nýr og umhverfisvænn þar sem sérstök áhersla er lögð á umhverfismennt og skapandi starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg
- Stjórnunarhæfni og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta og þekking á rekstri
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi

Laun eru skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 24. apríl næstkomandi. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur eða netfangið borgar.axelsson@reykjavik.is merkt „**Leikskólastjóri Bergi**".

**Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.**

**Upplýsingar um starfið veitir Bergur Felixson framkvæmdastjóri (bergur.felixson@reykjavik.is) eða Borgar Ævar Axelsson starfsráðgjafi (borgar.axelsson@reykjavik.is) í síma 563 5800. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is**

**Njóttu þín!**
**Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Liður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.**

Leikskólar Reykjavíkur



# Aðstoðarleikskólastjóri
## Nóaborg

**Staða aðstoðarleikskólastjóra er laus til umsóknar í leikskólanum Nóaborg.**
Nóaborg er 3ja deilda leikskóli og dvelja þar um 65 börn samtímis. Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á stærðfræðivinnu með börnum þar sem leitast er við að tengja stærðfræðina við nánasta umhverfi og dagleg störf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Laun eru skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 24. apríl næstkomandi og umsóknum skal skilað á skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur eða netfangið borgar.axelsson@reykjavik.is merkt „**Aðstoðarleikskólastjóri Nóaborg**".

**Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.**

**Upplýsingar um starfið veitir Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri í síma 562 9595 eða Borgar Ævar Axelsson starfsráðgjafi (borgar.axelsson@reykjavik.is) í síma 563 5800. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is**

**Njóttu þín!**
**Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Liður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.**

ÍSFELL
www.isfell.is

# Ísfell leitar að öflugum sölustjóra fyrir togveiðideild fyrirtækisins

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar og rekstrarvörur að Fiskislóð í Reykjavík og Óseyrarbraut í Hafnarfirði. Að auki rekur það veiðarfæragerðir á sjö stöðum á landinu undir nafninu Ísnet.

Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með yfirburða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar og rekstrarvörur.

**Velta Ísfells er um 1.500 milljónir**

**Helstu verkefni sölustjóra:**

- Sölustjórnun á togveiðivörum fyrirtækisins
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda
- Gerð markaðs- og söluáætlana
- Umsjón með innkaupum á togveiðivörum
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Sölustjóri situr í framkvæmdaráði fyritækisins

**Menntun- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á markaðs- og eða í viðskiptafræði
- Góð íslensku- og tungumálakunnátta
- Reynsla af sölumálum og sölustjórnun er æskileg
- Skipstjórnarreynsla er æskileg
- Góð tölvukunnátta og reynsla af Navision kerfum

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á Fiskislóð 14 101 Reykjavík merkt „sölustjóri" fyrir 20. apríl n.k.

# Staða skólastjóra við Grunnskólann á Flateyri

## Laus er staða skólastjóra frá og með 1. ágúst 2005.

Leitað er eftir faglegum, kraftmiklum stjórnanda með leiðtogahæfileika til að leiða þróttmikið skólastarf.

Umsóknir um stöðu skólastjóra skulu berast Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Grunnskólafulltrúi og forstöðumaður skrifstofunnar veita nánari upplýsingar í síma 456-8001 eða í tölvupósti: skolafjolsk@isafjordur.is

# Kennarar athugið
## Auglýsing frá Tálknafirði

Grunnskólann á Tálknafirði vantar kennara til starfa. Um er að ræða kennslu á öllum stigum skólans. Grunnskólinn á Tálknafirði er í samstarfi við Grunnskóla Vesturbyggðar um þróunarverkefni sem hefur hlotið nafnið **„Dreifmennt í Vestur Barðastrandarsýslu"** *www.dreifmenntun.is.* Verkefnið byggir á notkun nýjustu tölvu- og fjarskiptatækni til fjarkennslu á grunnskólastigi, t.d. fjarfundabúnað og Netskóla *www.netskoli.is/bard.* Einnig hafa skólarnir tekið þátt í Olweusarverkefni Menntamálaráðuneytisins gegn einelti. Grunnskólinn á Tálknafirði tekur um þessar mundir þátt í grænfánaverkefni Landverndar. Öll aðstaða í skólanum er með því besta sem gerist. Kennarar fá fartölvur til afnota vegna starfsins, auk þess sem nemendur hafa aðgang að fartölvuveri. Vinnuaðstaða kennara er til fyrirmyndar. Í húsnæði skólans er einnig starfræktur Tónlistarskóli. Kennarar fá greiddan flutningsstyrk auk þess sem húsaleigu er haldið í lágmarki.

**Ef þig kennari góður langar til að starfa í metnaðarfullum skóla við góðar aðstæður og góðan starfsanda þá er GT skólinn fyrir þig.**

*Tálknafjörður er skjólgóður, lygn og gróðursæll fjörður miðja vegu á milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar. Fjölbreytt mannlíf, gott félagslíf, íþróttamannvirki eins og þau gerast best og Pollurinn. Í kauptúninu búa um 350 manns. Kíktu á* ***www.talknafjordur.is***

**Allar frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Ingólfur Kjartansson**
Símar: 4562537 – 4562538 – 8976872
Netföng: *ingolfur@talknafjordur.is, grunnskolinn@talknafjordur.is*

Stjörnusól
*– kraftmesta sólin á Íslandi!*

# Starfsfólk óskast
## á sólbaðsstofu í Hafnarfirði.

Bæði er um er að ræða hlutastarf og fullt starf.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á staðnum.
**STJÖRNUSÓL, Fjarðargata 17.**

# Matfugl ehf.

Óskum eftir að ráða starfsmann til lager og útkeyrslustarfa. Meirapróf æskilegt.

**Upplýsingar í s: 660-9631 virka daga milli kl. 10-12.**

STEYPUSTÖÐIN

Góðann grillara, góðann pizzubakara. Hann eða hún þarf að hafa einhverja reynslu. Það sem uppá vantar þjálfum við þig í. Góð laun fyrir réttann aðlilla. uppl. í síma 565 2525 og á staðnum efir kl. 14, Hrói Höttur Hjallahrauni 13 Hafnarfirði.

Vantar handlaginn mann, vanan múrverki, til starfa við allskonar húsaviðgerðir ofl. S. 6161569.

## Viðskiptatækifæri

Vil gerast meðeigandi í litlu og arðvænlegu fyrirtæki. Er 41 árs menntaður vélstjóri og er með sendibíl í rekstri. Áhugasamir vinsamlegast hringi í síma 661 7585.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.






allt

Allt um hús og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.

Eiginmaður Karólínu prinsessu alvarlega veikur:

# Beðið milli vonar og ótta

Þrátt fyrir að hafa fæðst með silfurskeið í munni hefur Karólína prinsessa af Mónakó ekki farið varhluta af sorg og áföllum í lífinu. Nú þegar lík föður hennar, Rainiers fursta af Mónakó, stendur uppi og bíður greftrunar, hefur eiginmaður hennar, Ernst August prins af Hannover, verið lagður alvarlega veikur inn á sjúkrahús vegna enn óþekkts sjúkdóms í brisi. Ástand prinsins er talið alvarlegt og gengst hann undir víðtækar rannsóknir þar sem hann liggur á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Grace prinsessu í Mónakó.

Þjóðarsorg ríkir í Mónakó vegna andláts Rainiers fursta, sem verður jarðsunginn í næstu viku og fréttirnar um veikindi Ernst auka enn á sorg Mónakóbúa.

Ernst August er þriðji eiginmaður Karólínu, sem er elsta barn Rainiers fursta og Hollywood-stjörnunnar Grace Kelly. Þegar Grace leitaði Karólínu mannsefnis meðal kóngafólks í Evrópu var draumatengdasonurinn Ernst August af Hannover, með sitt kóngabláa blóð og göfugu ættir, sem Grace vonaði að hefði góð áhrif á óstýriláta dóttur sína. Meira en tveimur áratugum síðar, sem og tveimur hjónaböndum seinna, giftust þau Karólína, en áður var Karólína gift glaumgosanum Phillipe Junot og síðar Stefano Casiraghi, sem lést voveiflega árið 1990.

Ernst er skyldmenni Elísabetar Englandsdrottningar og langafabarn Vilhelms II, síðasta keisara Þýskalands. Hann þykir óheflaður í skapi og var í fyrra sektaður fyrir að beita hóteleiganda í Kenýa líkamsmeiðingum, auk þess sem hann bað almenning í Tyrklandi afsökunar á að kasta þvagi á tyrkneska sýningarskálann á heimssýningunni í Hannover árið 2000. Þau Karólína giftu sig í Mónakó 1999 og sex mánuðum síðar fæddist þeim dóttirin Alexandra, en saman áttu þau fyrir fimm börn úr fyrri hjónaböndum.

Læknar hafa ekki gefið upp hvers kyns veikindi prinsins eru, en tvær helstu ástæður sjúkdóma í brisi eru briskrabbamein og brádabólga í brisi. Krabbamein í brisi gerir jafnan ekki vart við sig svo skyndilega, þótt til séu undantekningar. Í tilvikum brisbólgu er ástæðan oftast vegna ofneyslu áfengis eða gallsteina, þótt sjaldgæf tilfelli orsakist einnig af meiðslum, lyfjum eða veirusýkingum. ■



**PRINS ERNST AUGUST AF HANNOVER OG KARÓLÍNA PRINSESSA AF MÓNAKÓ** Karólína og Ernst giftu sig 1999 en það var þriðja hjónaband Karólínu og annað hjónaband Ernst. Karólína missti eiginmann númer tvö af slysförum, frá þremur ungum börnum.



**11.9. 2001** Al-Kaída hryðjuverkahópurinn réttlætti árásirnar á Tvíburaturnana með tilvísun í hugtakið Jihad, þó að skilgreining Múhameðs á hugtakinu hafi bannað árásir á saklaust fólk.

BREYTTUR HEIMUR: TRÚ OG STRÍÐ

# Heilög stríð

Flestir jarðarbúar eru mótfallnir stríði. Mannskepnan kýs að lifa frekar í friði en í stríði. Stöku sinnum lítur hún þó þannig á að hún verði að verja umhverfi sitt, menningu og trú fyrir utanaðkomandi árásaraðilum. Það er rétt að mörg stríð hafa verið réttlætt með trúnni en þau hafa ekki öll verið heilög stríð.

Hugtakið jihad hefur verið samofið hugmyndinni um heilagt stríð á þessari öld sem og á þeirri síðustu. Hefur það þá í flestum tilvikum verið tengt við hryðjuverkamenn frá Mið-Austurlöndum sem hafa notað þetta hugtak til þess að réttlæta blóðsúthellingar og hryðjuverk.

Jihad þýðir þó ekki heilagt stríð heldur að „keppa að einhverju“. Spámaðurinn Múhameð útskýrði orðið á tvennan hátt, annars vegar það stríð sem hver múslimi á við sjálfan sig, það er að segja hið innra stríð, og hins vegar gegn sönnum óvinum íslams. Þegar spámaðurinn féll frá þóttu mörgum þessar skilgreiningar hans vera „losaralegar“. Þær voru síðar túlkaðar sem stríð gegn trúníðingum og hefur það síðar verið misnotað af múslimum til þess að réttlæta stríð hvers gegn öðrum. Múhameð spámaður setti mjög strangar reglur um hvernig jihad ætti að vera framkvæmt. Einungis mætti hefna fyrir þau sár sem hefðu verið veitt en aldrei mætti skaða þá sem ekki tækju þátt í stríðsátökunum; konur, börn eða þá sem eru veikir. Ekki mætti eyðileggja híbýli þeirra sem veittu enga mótspyrnu. Samkvæmt þessu útilokar íslam til að mynda hryðjuverk á óbreytta borgara.

Mikilvægast er þó að hafa í huga örlög þeirra sem taka þátt í heilögu stríði vegna þess að dauði í slíku stríði setur stríðsmanninn á hærri stall. Sá sem deyr í heilögu stríði verður píslarvottur og fer beint upp í hæstu hæðir paradísar. Þetta á ekki eingöngu við um múslima því krossfararnir „rændu“ þessari hugmynd. Þeir álitu sig vera að ná aftur „hinu heilaga landi“ úr hendi múslima auk þess sem það væri þeirra trúarlega skylda að bæta fyrir syndir sínar með því að berjast og deyja fyrir kristnina. ■

Innritun í tónlistarskóla í Reykjavík





Rafræn innritun í tónlistarskóla

Innritun í tónlistarskóla fer að þessu sinni eingöngu fram með rafrænum hætti í Rafrænni Reykjavík.

Innritunartímabil 1.-30. apríl 2005

Innritun nýnema: Nýnemar/forráðamenn skrá sig í Rafræna Reykjavík og sækja um þjónustugátt. Þegar henni hefur verið úthlutað er hægt að velja tónlistarskóla og sækja um skólavist. Tónlistarskólar vinna úr umsóknum og senda svar fyrir lok júnímánaðar. Skilaboð um stöðu umsókna eru send í þjónustugátt og á netfang viðkomandi.

Innritun eldri nemenda: Eldri nemendur sem ekki eru með þjónustugátt þurfa að sækja um hana og hafa samband við skrifstofu síns tónlistarskóla til að fá nánari upplýsingar um innritun.

Nánari upplýsingar eru veittar í tónlistarskólunum, á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, sími 535 5000 og í símanúmeri Reykjavíkurborgar, 411 11 11. Hægt er að komast inn á Rafræna Reykjavík á heimasíðum flestra tónlistarskólanna og á:

www.reykjavik.is
www.grunnskolar.is

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
411 11 11
Reykjavíkurborg



Félagsvísindi í þágu framfara

Spennandi kostir í framhaldsnámi

GÓÐAR AÐSTÆÐUR TIL NÁMS.
FJÖLBREYTNI OG SVEIGJANLEIKI.
STARFSTENGT RANNSÓKNARNÁM.
NÁM STUTT RANNSÓKNUM KENNARA.
NÁM MEÐ STARFI.

Allar upplýsingar: www.felags.is
Umsóknarfrestur er til 15. apríl

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

HORN / Haukur 1881



## Aðal frétt dagsins

**Baldur eftirsóttur**

Baldur Sigurðsson, sem er kominn í raðir Völsungs á nýjan leik eftir stutta viðdvöl hjá Þór, mun, ef að líkum lætur, ekki staldra lengi við á Húsavík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa FH, KR og Keflavík öll áhuga á því að fá Baldur í sínar raðir en hann hefur ekki enn gert upp hug sinn.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ HLYNI BÆRINGS

**Körfubolti er...** lífið.

**Morgunmatur?** Kaffi.

**Er glasið hálffullt eða hálftómt?** Það er í uppþvottavélinni.

**Átrúnaðargoð?** Charles Barkley og Tómas Holton.

**Þristur eða troðsla?** Þristur.

**Alvöru karlmenn...** spila póker.

**Bestur í heimi?** Eddie Vedder.

**LeBron James verður....** sá besti allra tíma.

**Hvað tekurðu í bekk?** 100 plús þegar ég prófaði síðast fyrir nokkrum árum.

**Snæfell er...** besta liðið á landinu.

**Keflavík er...** körfuboltastórveldi.

**Þórunn Antonía er...** skemmtikraftur.

**Torfi bróðir er ...** áhugaverður.

**Siggi Ingimundar eða Bárður Eyþórsson?** Honey Nut Cheerios og venjulegt Cheerios er jafn gott.

**Dómgæslan í úrslitaeinvíginu hefur verið ...** á öðru plani en leikur liðanna.

**Stuðningsmenn Keflavíkur eru ...** flottir töffarar.

## > Við hrósum ...



... sundkappanum Jakobi Jóhanni Sveinssyni en hann bar sigur úr býtum í 100 metra bringusundi á Amsterdam-mótinu sem hófst í gær. Anja Ríkey Jakobsdóttir hafnaði í þriðja sæti í 100 metra baksundi.

## > Við hrósum ...

... Magnúsi Gunnarssyni, stórskyttu Keflavíkurliðsins, sem hysjaði upp um sig buxurnar í fjórða leiknum gegn Snæfelli í gær eftir arfaslakan leik í Keflavík á undan þar sem hann skoraði ekkert stig. Magnús fór hamförum í gær og skoraði 29 stig, þar af sex þriggja stiga körfur.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin*

**BLACKBURN–SOUTHAMPTON 3–0**
1–0 Morten Gamst Pedersen (11.), 2–0 Andreas Jakobsson, sjálfsm. (48.), 3–0 Steven Reid (55.).

**BOLTON–FULHAM 3–1**
1–0 Jay-Jay Okocha, víti (13.), 2–0 Kevin Nolan (33.), 2–1 Luos Boa Morte (47.), 3–1 Stelios Giannakopoulus (54.).

**CHELSEA–BIRMINGHAM 1–1**
0–1 Walter Pandiani (65.), 1–1 Didier Drogba (82.).

**MAN. CITY–LIVERPOOL 1–0**
1–0 Kiki Musampa (89.).

**MIDDLESBROUGH–ARSENAL 0–1**
0–1 Robert Pires (73.)

**PORTSMOUTH–CHARLTON 4–2**
1–0 Aiyegbeni Yakubu (3.), 2–0 Steve Stone (20.), 2–1 Jonathan Fortune (22.), 2–2 Danny Murphy (45.), 3–2 Diomanzy Kamara (83.), 4–2 Lomana Tresor LuaLua (90.).

**NORWICH–MAN. UTD 2–0**
1–0 Dean Ashton (55.), 2–0 Leon McKenzie (66.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 32 | 25 | 6 | 1 | 62–12 | 81 |
| **ARSENAL** | **32** | **21** | **7** | **4** | **73–33** | **70** |
| MAN. UTD | 32 | 19 | 10 | 3 | 48–19 | 67 |
| **EVERTON** | **31** | **15** | **6** | **10** | **35–33** | **51** |
| LIVERPOOL | 32 | 15 | 5 | 12 | 44–32 | 50 |
| **BOLTON** | **32** | **14** | **7** | **11** | **41–36** | **49** |
| MIDDLESB. | 32 | 12 | 9 | 11 | 45–43 | 45 |
| **CHARLTON** | **32** | **12** | **8** | **12** | **39–48** | **44** |
| TOTTENH. | 31 | 12 | 7 | 12 | 38–35 | 43 |
| **A. VILLA** | **31** | **11** | **8** | **12** | **37–39** | **41** |
| MAN. CITY | 32 | 10 | 10 | 12 | 38–36 | 40 |
| **NEWCAST.** | **30** | **9** | **11** | **10** | **41–48** | **38** |
| BIRMINGH. | 32 | 9 | 10 | 13 | 32–38 | 37 |
| **BLACKB.** | **32** | **8** | **12** | **12** | **28–37** | **36** |
| PORTSM. | 32 | 9 | 7 | 16 | 37–51 | 34 |
| **FULHAM** | **31** | **9** | **6** | **16** | **37–51** | **33** |
| SOUTH. | 32 | 5 | 12 | 15 | 34–51 | 27 |
| **WBA** | **31** | **5** | **12** | **14** | **30–51** | **27** |
| C. PALACE | 31 | 6 | 8 | 17 | 33–50 | 26 |
| **NORWICH** | **32** | **4** | **11** | **17** | **32–63** | **23** |

**Heiðar Helguson** skoraði mark fyrir Watford sem tapaði fyrir Leeds, 2–1. **Brynjar Björn Gunnarsson** fór af velli á 79. mínútu.

**Gylfi Einarsson** sat allan tímann á varamannabekknum hjá Leeds í sama leik.

**Bjarni Guðjónsson** var ekki í leikmannahópi Plymouth vegna meiðsla.

**Jóhannes Karl Guðjónsson** spilaði allan leikinn fyrir Leicester sem gerði jafntefli, 1–1, gegn Brighton.

**Ívar Ingimarsson** fór af velli á 56. mínútu hjá Reading sem vann Sunderland, 2–1.



**MARTRÖÐ HJÁ UNITED** Tim Howard, markvröður Manchester United kemur ekki neinum vörnum við skoti frá Dean Ashton sem sést ekki á myndinni. Ashton skoraði fyrra mark Norwich sem vann mjög óvæntan sigur á United, 2–0.

# Kennslustund á Carrow Road

## Leikmenn Manchester United voru teknir í bakaríið af nýliðum Norwich, sem unnu einn óvæntasta sigur síðustu ára í ensku úrvalsdeildinni.

**FÓBOLTI** Sjö leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær. Óvæntustu úrslit dagsins litu dagsins ljós á Carrow Road þar sem nýliðar Norwich tóku Manchester United í kennslustund, 2-0. Didier Drogba bjargaði stigi fyrir Chelsea gegn Birmingham og Arsenal minnkaði forystu Eiðs Smára Guðjohnsen og félaga hans á toppi deildarinnar niður í ellefu stig með mikilvægum sigri á Middlesbrough á útivelli.

Norwich, sem situr í botnsæti ensku úrvalsdeildarinnar, vann einn óvæntasta sigur síðari ára í ensku úrvalsdeildinni þegar liðið bar sigurorð af Manchester United, 2-0. Dean Ashton og Leon McKenzie skoruðu mörk Norwich, sem eygir nú von um að bjarga sæti sínu í deildinni. Liðið er fjórum stigum frá fjórða neðsta sætinu en Nigel Worthington, stjóri liðsins, er samt bjartsýnn. „Ég trúi að við getum bjargað okkur. Það eru enn nokkrir leikir eftir og ef við spilum áfram eins og við gerðum í dag hef ég engar áhyggjur,“ sagði Worthington.

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, var fjúkandi illur eftir leikinn og neitaði að tala við alla, meira að segja sjónvarpsstöð félagsins.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, lét bæði Eið Smára Guðjohnsen og Didier Drogba byrja á bekknum gegn Birmingham en þeir komu báðir inn á í hálfleik. Eftir að Walter Pandiani hafði komið Birmingham óvænt yfir náði Didier Drogba að jafna metin níu mínútum fyrir leikslok og sá til þess að Chelsea-liðið lék sinn 23. leik í röð í úrvalsdeildinni án taps. Mourinho var sáttur eftir leikinn og sagði lífið vera frábært. „Við erum frábærir – gætum ekki verið betri. Við erum komnir með bikar, erum með ellefu stiga forystu í deildinni og unnum fyrri leikinn í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Ég er hamingjusamur,“ sagði Mourinho.

Franski knattspyrnustjórinn Alain Perrin fagnaði sigri í sínum fyrsta leik með Portsmouth en lærisveinar hans báru sigurorð af Charlton, 4-2. Perrin, sem þekkti ekkert til Charlton fyrir leikinn, tók áhættu sem borgaði sig undir lokin þegar hann spilaði með fjóra framherja. „Við verðum að spila með framherja ef við viljum vinna leiki, sérstaklega á heimavelli,“ sagði Perrin, sem er nú þegar orðinn hetja á meðal stuðningsmanna Portsmouth.

Liverpool náði ekki að fylgja eftir fræknum sigri á Juventus í Meistaradeildinni á þriðjudaginn og beið lægri hlut fyrir Manchester City, 1–0. Bolton vann hins vegar góðan sigur á Fulham og er nú aðeins einu stigi á eftir Liverpool.

Þessi tvö lið virðast ætla að berjast um fjórða sætið í úrvalsdeildinni, sæti sem gefur þátttökurétt í forkeppni meistaradeildarinnar, ásamt Everton sem getur náð fjögurra stiga forystu á Liverpool með því að leggja Crystal Palace að velli í dag.

**oskar@frettabladid.is**






Ólöf María Jónsdóttir á Tenerife-mótinu í gær:

# Lék þriðja hringinn á pari

**GOLF** Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbnum Keili, lék þriðja hringinn á Tenerife-mótinu á evrópsku kvennamótaröðinni í golfi á pari vallarins, 72 höggum. Hún hefur því leikið hringina þrjá á 218 höggum, tveimur höggum yfir pari.

Ólöf María spilaði tólf holur á pari vallarins, þrjár á fugli og þrjár á einu höggi yfir pari. Hún var lengi á einu höggi undir pari en fékk skolla á fimmtándu holu og endaði því á pari. Hún er í 32. til 40. sæti fyrir lokahringinn. Ludivine Kreutz frá Frakklandi er efst en hún hefur leikið holurnar 54 á níu höggum undir pari.

Ólöf María sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hún væri mjög sátt við spilamennsku sína síðustu tvo dagana. „Ég var búin að bíða síðan í nóvember eftir þessu móti og það hafði sín áhrif á leik minn fyrsta daginn. Síðan hef ég spilað vel og stefnan er að halda áfram á sömu braut,“ sagði Ólöf María, sem stefndi að því fyrir mótið að verða á meðal þrjátíu efstu á mótinu.

„Það þýðir ekkert fyrir mig að hugsa um að spila á ákveðnum höggafjölda. Það eina sem gildir er að reyna að fá fram stöðugleikann. Ef ég spila lokahringinn eins og ég hef spilað síðustu tvo verð ég hæstánægð.“

**oskar@frettabladid.is**



**ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR** Spilaði þriðja hringinn á pari og var ánægð.

VÍKURFRÉTTIR/VALUR



OPIÐ Í DAG Í BT SKEIFUNNI, EGILSSTÖÐUM, SELFOSSI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND FRÁ 13-17!
Opið í dag!
27"
...Mynd í mynd!
MEDION
10.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
131.988
STAÐGREITT
Heildarverð er 134.393 krónur.
Ótrúleg skerpa!
Á sjónvarpsborðið eða upp á vegg!
HDTV READY
ÖÖRRRRÞUNNT!
25.080
Bættu við 999 kr. aukalega á mánuði þegar þú kaupir JDV 27" LCD og þú færð skemmtipakkann í heilt ár.
digital ísland
FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI
*Gildir aðeins á höfuðborgar svæðinu
1280x720 upplausn!
Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundinn sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjónvarpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.
Mynd í mynd!
Tækið er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.
Tengdu við tölvuna!
Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 27" tæki.
Ótal tengimöguleikar!
Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilar, heimabíó eða afruglara. Einnig er tækið útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.
DVD tilboð!
Botn verð
999
HVER DISKUR
Tökuvél
Komin aftur!
MiniDv videóvél NVGS17B
Panasonic
BT
Bestu kaupin
Heildarverð er 41.528 krónur.
Klipptu sjálfur í tölvu
FireWire
WINDOWS MOVIE MAKER
3.299**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.588
STAÐGREITT
Klippistúdíó
Með heimilistölvunni og panasonic tökuvélinnni ertu komin með fullkomið klippistúdíó.
Snertiskjár
Hágæða 2,5" LCD snertiskjár með öllum aðgerðum. Þú stjórnar vélinni með litla fingri, svo einfalt er það!
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
NightView 0 LUX
Það skitpir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
PS2 tilboð
Vinsælasti DVD spilari í heimi
NET TENGI
DVD
COMPACT disc
DOLBY DIGITAL
CERTIFIED USB
Playstation2 vélin og Gran Turismo 4 á frábæru tilboði!
FYLGIR
5.299
14.999
PlayStation 2
GRAN TURISMO 4
BT
**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > ANNA MARÍA SVEINSDÓTTIR

# ÍSLANDSMEISTARI Í TÓLFTA SKIPTIÐ

**Anna María Sveinsdóttir varð Íslandsmeistari í körfubolta í 12. sinn á ferlinum með Keflavík í vikunni. Tveir lykilmenn liðsins voru ekki fæddir þegar Anna María varð fyrst meistari 1988.**

„Þegar ég kom heim eftir leikinn beið mín skeyti frá Jóni Kr. Gíslasyni. Þar stóð: Þú ert mesti sigurvegari hópíþróttar sem Ísland hefur alið. Mér fannst frábært að fá þetta frá mínum fyrsta þjálfara og er rosalega stolt yfir þessu,“ segir Anna María Sveinsdóttir, 35 ára körfuknattleikskona úr Keflavík sem á miðvikudaginn varð Íslandsmeistari í tólfta sinn á ferlinum.

**Tvær ekki fæddar**

Anna María hefur verið á toppnum með Keflavík allar götur síðan hún varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í apríl 1988, fyrir sautján árum síðan. Þær Bryndís Guðmundsdóttir og María Ben

**„Þar stóð: Þú ert mesti sigurvegari hópíþróttar sem Ísland hefur alið.**

Erlingsdóttir, sem í dag spila með Önnu Maríu inni í teig, voru hvorug fædd þegar Anna María varð fyrst meistari – fæddust báðar seinna það ár.

„Eftir að við unnum í Grindavík fannst mér þetta aldrei vera spurning lengur. Það sást líka strax í fyrsta leik hvort liðið var í betra formi. Það var mjög sterkt að klára annan leikinn í framlengingu. Þar vorum við að gera það sem við höfum verið að gera seinni hluta vetrar eða allar götur síðan Alex kom til okkar. Við höfum verið að vinna þessa jöfnu leiki. Við höfum verið mjög sterkar í slíkum kringumstæðum í vetur, sem er eitthvað sem við höfum ekki verið þekktar fyrir í gegnum árin,“ segir Anna María, sem hefur lagt mikið á sig til að halda sér í toppformi.

**Sjaldan verið í betra formi**

„Það hafa verið stífar og erfiðar æfingar hjá okkur í allan vetur og slíkt skilar sér. Ég hef sjaldan verið í betra formi en síðasta eina og hálfa árið og það eru lyftingarnar sem eru að skila þar heilmiklu. Þegar við stelpurnar fórum í lyftingasalinn í vetur horfðu þær bara á mig og trúðu því ekki að ég væri að gera þetta alltaf. Þeim fannst þetta vera mikið sem ég var að leggja á mig, því þær voru alveg búnar eftir þetta. Ég ætla að vona að þessar ungu stelpur taki mínum ráðleggingum og fari að lyfta meira sjálfar,“ segir Anna María, sem segir sigurinn í vetur vera einn þann sætasta á ferlinum.

**Misstu þrjá lykilmenn**

„Við misstum þrjá sterka landsliðsmenn í byrjun vetrar. Erlurnar fóru til Grindavíkur og svo meiðist Marín Rós Karlsdóttir strax í upphafi tímabils. Þessi vetur hefur sannað það enn og aftur að þú kaupir þér ekki titil eins og Grindavíkurliðið var að reyna að gera. Þær náðu engan veginn saman sem lið, þetta eru stelpur úr öllum áttum sem þurfa öruggglega meira en eitt ár til að ná saman.

Við erum hins vegar allar stilltar inn á sömu blaðsíðuna og auðvitað var sigurinn sætari af því að við misstum þrjá landsliðsmenn, vitandi það að ekkert annað lið hefði þolað það,“ segir Anna María, en liðsheildin í Keflavíkurliðinu er eins og hún gerist best.

**Engin með skotgræðgi**

„Það er engin í liðinu með neina skotgræðgi og það eru allar í liðinu tilbúnar að gefa sendinguna fyrir næsta auðvelda skot. Það skiptir okkur engu máli hver er með 20 stig og hver er með 10 stig. Sverrir hefur líka kennt okkur ýmislegt. Við lögðum mikla áherslu á að fá Sverri síðasta vor þegar við vissum að Siggi ætlaði að þjálfa karlana. Hann er gífurlega áhugasamur og metnaðarfullur þjálfari og ég held að við hefðum ekki getað verið heppnari,“ segir Anna María, sem lék mjög vel í úrslitaeinvíginu, skoraði 13,3 stig, tók 12,7 fráköst, stal 5 boltum og gaf 4,7 stoðsendingar að meðaltali í leik.

**Hlutverk hennar mikið breytt**

„Mitt hlutverk í liðinu hefur breyst mjög mikið. Ég er ekki lengur aðalskorarinn í liðinu. Fyrir nokkrum árum var maður alltaf stigahæsti leikmaðurinn í deildinni en það er löngu, löngu liðið. Ég sætti mig alveg við mitt nýja hlutverk. Það skiptir þannig ekki máli hvort ég skora eða skora ekki, bara ef ég hjálpa liðinu.

Mér finnst ég vera að skila mínu á öllum sviðum og veit að það er lykillinn að góðum árangri hvers liðs að allir leikmenn liðsins sætti sig við sitt hlutverk,“ segir




**TIL MINJA UM 500. LEIKINN** Eftir þriðja og síðasta leikinn fékk Anna María Sveinsdóttir sérstaka viðurkenningu fyrir að hafa spilað 500. leikinn fyrir Keflavík. Hér sést hún með uppskeru kvöldsins. Fréttablaðið/Víkurfréttir

Anna María, sem er ekkert búin að ákveða með framhaldið. „Ég ætla bara að halda mér í formi í líkamsræktinni og svo verður það bara að koma í ljós í haust hvort hungrið verði enn til staðar. Ég ætla ekki að spila með nema mig langi til.“

Anna María Sveinsdóttir hefur verið á toppnum sem leikmaður í öll þessi ár en hver er lykilinn?

„Þrotlausar æfingar og gífurlegur metnaður númer 1, 2 og 3,“ segir Anna María um lykilinn að velgengi sinni og bætir við.

**Aldrei neitt hálfkák**

„Ég hef alltaf lagt mig 100% fram í öllu sem ég tek mér fyrir hendur og aldrei farið á neina æfingu með einhverju hálfkáki. Ég hef fórnað öllu fyrir þetta og körfuboltinn hefur alltaf verið númer eitt. Svo eftir að ég eignaðist strákana eru það allir sem hjálpast að og fjölskylda mín hefur gert mér það kleift að halda áfram,“ segir Anna María, sem á tvo drengi með eiginmanni sínum Brynjari Hólm Sigurðssyni; Hafliða (12 ára) og Sigurð (4 ára), sem gerir sigurgöngu hennar að enn meira afreki.

Tólf Íslandsmeistaratitlar og tvö börn á 17 árum. Er hægt að hugsa sér meiri sigurvegara?

ooj@frettabladid.is

Evrópuhandboltinn:

## Stefán og Gunnar dæma ekki

**HANDBOLTI** Handknattleiksdómararnir Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson munu ekki dæma seinni undanúrslitaleik franska liðsins Montpellier og Ciudad Real, liðs Ólafs Stefánssonar, í meistaradeildinni í Frakklandi í dag eins og ráð var fyrir gert.

Gunnar hefur barist við veikindi að undanförnu og því hafa þeir félagar ekkert dæmt.

Ciudad Real vann fyrri leikinn með sex marka mun en Frakkarnir eru þekktir fyrir að vera sterkir á heimavelli. Leikurinn byrjar kl. 15 og er í beinni útsendingu á Sýn. ■

**EINAR LOGI VIGNISSON:** SKRIFAR UM BOLTANN Í SUÐUR-EVRÓPU Á HVERJUM SUNNUDEGI



## *Ný kynslóð spænskra slátrara*

Victor vinur minn er stoltur baski og aðdáandi Athletic Bilbao. Hann verður alltaf jafn sár þegar ég spyr hann hvað sé að frétta af slátraranum frá Bilbao, Andoni Goikoetxea. Bæði finnst honum svekkjandi að harðjaxlinn gamli sé eiginlega eini leikmaðurinn úr sögu Bilbæinga sem við útlendingarnir könnumst við og svo þekkir hann Goikoetxea persónulega og segir kappann séntilmenni sem óverðskuldað hafi fengið þetta blóðuga viðurnefni. En Goikoetxea var óneitanlega tákn síðustu kynslóðar hinna dæmigerðu suður-evrópsku slátrara ásamt Claudio Gentile, heimsmeistara með Ítölum 1982. Reglugerðarbreytingar hafa þrengt mjög að harðjöxlum og slátrarar eru deyjandi stétt. Þó ber svo til um þessar mundir að Spánverjar hafa eignast tvo nýja harðjaxla sem vekja upp minningar um gömlu slátrarana; miðvarðapar Sevilla-liðsins þá Javi Navarro og dr. Pablo Alfaro.



**Doktor dauði**

Rétt eins og Goikoetxea er dr. Pablo Alfaro mikið séntilmenni utan vallar, lærður kvensjúkdómalæknir og vinsæll fyrirlesari og viðmælandi í spjallþáttum. Á leikvelli er hann hins vegar grófasti leikmaður síðari ára og enginn núspilandi hefur af jafnmörgum rauðum spjöldum að státa. Alfaro er leikmaður sem jafnvel Madrídarjaxlinum Michel Salgado (sem af samherjanum David Beckham er sagður harðasti maður á plánetunni) þykir ganga lengra en sæmandi er. Á síðasta tímabili vann hann sér til frægðar að stinga fingri upp í endaþarm andstæðings sem svo skemmtilega vill til að ber nafnið Toché, en honum hefur eflaust mislíkað „tötsið“, jafnvel þótt þar færi fær læknir alvanur slíkum skoðunum. Toché karlinn fór alveg úr sambandi við þetta en Alfaro, sem ber viðurnefnið „Dr. dauði“ komst á forsíður allra helstu blaða. Bæjarpressan í Sevilla snerist gegn honum og hörmuðu að í stað hins fræga „rakara í Sevilla“ væri nú frægasti maður borgarinnar þessi nútíma arftaki Goikoetxea, „slátrarinn í Sevilla“. Doktorinn lét sér fátt um finnast og notaði tímann til að mennta lærlinginn Javi Navarro, sem á þessari leiktíð hefur farið langt fram úr lærimeistara sínum í fautaskap.

**Fleiri grófir**

Í leik gegn Real Mallorca nýverið braut Navarro svo illa á Venesúelamanninum Juan Arango að sá endaði á gjörgæsludeild í tvo sólarhringa með kjálkabrot og heilahristing og sauma þurfti 47 spor í andlit hans. Brotið var kannski ekki það grófasta sem sést hefur en Navarro fór ansi hraustlega í Arango og hefði verðskuldað eitthvað meira en gula spjaldið sem slakur dómari leiksins veifaði. Enda fór pressan á Spáni hamförum og endaði það með því að Navarro var dæmdur í nokkurra leikja bann. Arango hefur jafnað sig að mestu en á eftir að fara í nokkrar heimsóknir til lýtalækna.

Sevilla-menn hafa löngum gengist upp í að leika fast og þykir mörgum það miður, ekki síst í ljósi þess að liðið er léttleikandi og hefur náð stórgóðum árangri eins og sést á því að það berst nú um sæti í Meistaradeildinni. Fleiri lið eru svo sem þekkt fyrir að vera býsna föst fyrir, t.d. Valencia, en þar verður þó enginn af hinum grjóthörðu varnarmönnum sakaður um að vera grófur. Ásamt Sevilla-tvíeykinu hafa hins vegar skotið upp kollinum fleiri svartir sauðir nýverið. Pablo Garcia hjá Osasuna þykir allsvakalegur en tölfræðilega er Alberto Lopo hjá Espanyol verstur, með 17 gul spjöld og 4 rauð á síðasta tímabili, en hefur eitthvað róast þessa leiktíðina.

# LIÐIÐ MITT > ÓLAFUR JÓHANNESSON SETUR SAMAN ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ EINS OG HANN VILL SJÁ ÞAÐ



## Núverandi og fyrrverandi FH-ingar áberandi

**ÁRNI GAUTUR ARASON, Vålerenga:** Þarf að bæta úthlaup sín í teignum, en er engu að síður okkar besti markvörður.
**DAVÍÐ VIÐARSSON, Lillestrøm:** Ungur og góður leikmaður með gott hugarfar sem smitar frá sér á vellinum.
**SVERRIR GARÐARSSON, FH:** Öruggur og sterkur varnarmaður sem ég bind miklar vonir við í framtíðinni.
**HERMANN HREIÐARSSON, Charlton:** Duglegur og kraftmikill leikmaður. Einn af okkar bestu knattspyrnumönnum.
**AUÐUN HELGASON, FH:** Reynslumikill leikmaður sem hefur spilað um allan heim. Góður varnarmaður.
**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON, Leicester:** Kraftmikill, duglegur, fljótur og með góða sparktækni.
**BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON, Watford:** Duglegur leikmaður og besti varnartengiliður sem við eigum.
**EMIL HALLFREÐSSON, Tottenham:** Geysilega flinkur leikmaður með góðan leikskilning og baneitraðan vinstri fót.
**TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH:** Góður og markheppinn leikmaður með rétta skapið í þetta.
**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON, Stoke:** Topp fótboltamaður sem alltaf spilar vel í landsleikjum. Þyrfti bara smá leikæfingu.
**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN, Chelsea:** Eiður er einfaldlega einn af bestu framherjum í heiminum, það þarf ekki að fara mörgum orðum um það.




*„Þetta lið er ungt og hungrað og myndi skila boltanum vel frá sér.“*

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

7 8 9 **10** 11 12 13

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 13.00 **FH** og **ÍBV** mætast í Reykjaneshöllinni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 13.15 **KA** og **Þróttur** mætast í Boganum í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 17.00 **ÍBV** og **Fram** mætast í Vestmannaeyjum í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 08.00 **Bandaríska Masters-mótið í golfi** á Sýn. Útsending frá öðrum keppnisdegi á **bandaríska Masters-mótinu** í golfi.
- 11.05 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Miguel Antonio Barrera** og **Mzonke Fana**.
- 12.30 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Aston Villa** og **West Brom** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Udinese** og **Roma** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.



- 14.55 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Montpellier** og **Ciudad Real** í meistaradeildinni í handbolta.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Tottenham** og **Newcastle** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Real Madrid** og **Barcelona** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 18.50 **Bandaríska Masters-mótið í golfi** á Sýn. Bein útsending frá þriðja keppnisdegi á **bandaríska Masters-mótinu** í golfi.
- 21.40 **Helgarsportið** á RÚV.
- 23.00 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Montpellier** og **Ciudad Real** í meistaradeildinni í handbolta.
- 00.40 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Allt það besta frá bandarísku PGA-mótaröðinni í golfi á þessu ári.





Eitthvað alveg einstakt

Öll viljum við fá ólíka hluti út úr lífinu. Nýja BMW 1 línan er hönnuð fyrir þá sem leggja áherslu á frelsi sitt sem einstaklingar. Hönnunin sker sig úr á öllum sviðum, jafnt að utan sem að innan. Í tæknilegu tilliti er 1 línan, líkt öðrum línum frá BMW, í sérflokki og aksturseiginleikar eru framúrskarandi sem þakka má m.a. jafnri 50:50 þyngdardreifingu. Þá er úrval aukahluta og aukabúnaðar afar breitt, svo að persónulegi stílinn þinn fái notið sín. Aldrei áður hefur verið jafn einfalt að fá sér einstakan bíl.

BMW 1 lína frá kr. 2.340.000

| Gerð | Vél | Hestöfl | Verð |
|---|---|---|---|
| 116i | 1,6 | 115 | 2.340.000 |
| 118i | 2,0 | 129 | 2.530.000 |
| 120i | 2,0 | 150 | 2.730.000 |
| 118d | 2,0 | 122 | 2.610.000 |
| 120d | 2,0 | 163 | 2.820.000 |

1 línan staðalbúnaður m.a.
DSC stöðugleikastýring
DTC spyrnustýring
ABS aflhemlar með CBC og DBC
Akstursölva
ipod tengi
Starthnappur
5 eða 6 gírar
Runflat öryggisdekk

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 sími 575 1200 www.bl.is



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### DHL-deild karla

| VALUR–HK | 31–30 |
|---|---|

**Mörk Vals (skot):** Heimir Örn Árnason 6 (8), Bladvin Þorsteinsson 6 (9), Brendan Þorvaldsson 5 (5), Kristján Þór Karlsson 4(7), Sigurður Eggertsson 3 (4), Hjalti Þór Pálmason 3 (7), Elvar Friðirksson 2/2 (2/2), Vilhjálmur Halldórsson 2 (8),
**Varin skot:** Hlynur Jóhannesson 13/1, Pálmar Þór Pétursson 8.
**Mörk HK (skot):** Augustas Strazdas 7 (8), Elías Már Halldórsson 6 (6), Ólafur Víðir Ólafsson 5 (9), Valdimar Þórsson 4/4 (12/5), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (2), Tomas Eitutis 2 (6), Alexander Arnarson 1(1), Karl Grönvold 1 (3)
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 7, Hörður Flóki Ólafsson 8.

### Deildarbikar karla

| KEFLAVÍK–HK | 2–2 |
|---|---|

1–0 Hörður Sveinsson (37.), 2–0 Hörður Sveinsson (41.), 2–1 Hörður Már Magnússon (66.), 2–2 Stefán Jóhann Eggertsson (68.)

| ÞÓR AK.–FYLKIR | 1–0 |
|---|---|

1–0 Páll Viðar Gíslason (85.).

| VÖLSUNGUR–ÞRÓTTUR | 1–2 |
|---|---|

0–1 Daníel Hafliðason (55.), 0–2 Sævar Eyjólfsson (70.), 1–2 Guðmundur Steingrímsson (87.).

### Deildarbikar kvenna

| ÍBV–BREIÐABLIK | 2–1 |
|---|---|

1–0 Bryndís Jóhannesdóttir (9.), 2–0 Olga Færseth (25.), 2–1 Gréta Mjöll Samúelsdóttir (45.).

### Meistaradeildin í handbolta

| BARCELONA–CELJE | 31–26 |
|---|---|

**Barcelona** vann samanlagt, 62–60, og er komið í úrslit meistaradeildarinnar

### EHF-bikarinn í handbolta

| MAGDEBURG–GUMMERSBACH | 34–32 |
|---|---|

**Sigfús Sigurðsson** skoraði eitt mark fyrir Magdeburg sem vann samalagt, 78–77, og er komið úrslit EHF-bikarsins.

### Sænska úrvalsdeildin

| HELSINGBORG–HALMSTAD | 3–0 |
|---|---|

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** kom inn á sem varamaður á 72. mínútu í liði Halmstad.

# Áhyggjulaus yfir markaleysinu

**Brasilíski framherjinn Ronaldo segist ekki velta sér mikið upp úr þeirri staðreynd að hann hefur aðeins skorað eitt mark í síðustu ellefu leikjum Real.**

**FÓTBOLTI** Stórliðin Real Madrid og Barcelona mætast í dag á Santiago Bernabeau-leikvanginum í Madríd. Gríðarleg spenna ríkir fyrir þessum leik en Barcelona er með níu stiga forystu á Real Madrid á toppi deildarinnar. Það er því að duga eða drepast fyrir leikmenn Real Madrid, sem verða að vinna ætli þeir sér að eiga möguleika á titlinum.

Vanderley Luxemburgo, þjálfari Real Madrid, stendur frammi fyrir erfiðu vandamáli varðandi framherja sína. Raúl hefur verið skugginn af sjálfum sér þetta tímabilið og líklegt þykir að Luxemburgo láti Michael Owen, sem hefur þegar allt kemur til alls verið besti framherji Madridarliðsins á tímabilinu, byrja inni á við hliðina á Ronaldo.

Ronaldo hefur, líkt og Raúl, ekki náð sér á strik í vetur og aðeins skorað eitt mark í síðustu ellefu leikjum liðsins. Hann hefur þó ekki miklar áhyggjur af því og segir að mörkin muni koma á endanum.

„Ég hef skorað mörk allan minn feril og þegar þetta markaleysi er á enda held ég áfram að skora þau. Ég hef engar áhyggjur af þessu markaleysi. Það eru margir aðrir hlutir í heiminum sem ég hef meiri áhyggjur af. Þetta er bara íþrótt. Boltinn verður að fara yfir línuna og þegar það gerist hverfur öll pressan. Ég vona að það gerist fljótlega,“ sagði Ronaldo.




**BRASILÍSKI FRAMHERJINN RONALDO** Hefur aðeins skorað eitt mark fyrir Real Madrid í síðustu ellefu leikjum liðsins.

Ronaldinho, besti knattspyrnumaður heims á síðasta ári, verður að öllum líkindum með en hann hefur ekkert getað æft með Barcelona vegna magakveisu að undanförnu. Það mun mikið mæða á kamerúnska framherjanum Samuel Eto'o en hann var í eigu Real Madrid áður en Barcelona keypti hann.

„Ég hef engan áhuga á að hefna mín á Real Madrid. Ef ég hefði ekki verið seldur þaðan væri ég ekki hjá þessu frábæra félagi. Mér er nákvæmlega sama þótt ég skori ekki í leiknum svo framarlega sem við vinnum. Ég hlakka mikið til leiksins enda eru leikirnir á milli þessara liða alltaf mikil skemmtun,“ sagði Eto'o en hann var aðalmaðurinn á bak við sannfærandi 3–0 sigur Barcelona á Real Madrid fyrr í vetur.

Leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn og hefst kl. 17.

oskar@frettabladid.is



**BRENDAN ÞORVALDSSON** Átti frábæran leik með Valsmönnum í gær.

### DHL-deild karla í gær:

# Valsmenn áfram

**HANDBOLTI** Valsmenn eru komnir áfram í undanúrslit DHL-deildar karla í handbolta eftir sigur á HK, 31-30, í þriðja leik liðanna í átta liða úrslitum í Valsheimilinu í gær. Valsmenn mæta Haukum í undanúrslitum en Haukar lögðu FH-inga að velli í tveimur leikjum.

Valsmenn höfðu tögl og haldir nær allan leikinn og leiddu með átta mörkum í hálfleik, 21-13. Sama var uppi á teningnum fyrstu tuttugu mínútur síðari hálfleiks. Valsmenn leiddu með sjö mörkum, 30-23, og ekkert virtist geta komið í veg fyrir sigur þeirra. Þá settu HK-menn hins vegar í fluggír, lokuðu vörninni og söxuðu hressilega á forskot Valsmanna. Þeir skoruðu sex mörk í röð og náðu að minnka muninn niður í eitt mark, 30-29. Þeir komust hins vegar ekki nær og Valsmenn hrósuðu sigri eftir æsispennandi lokamínútur.

„Við spiluðum frábærlega í fyrri hálfleik en síðan náðum við ekki leysa vörnina hjá þeim í seinni hálfleik. Mér fannst þeir fá að spila allt of fast í vörninni,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, eftir leikinn.

- óhþ



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Intersportdeildin í körfu

**SNÆFELL–KEFLAVÍK 88–98**

**Stig Snæfells:** Mike Ames 21, Hlynur Bæringsson 18 (9 frák.), Calvin Clemmons 12 (13 frák.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12 (6 stoðs.), Helgi Reynir Guðmundsson 9, Sigurður Þorvaldsson 8, Magni Hafsteinsson 8.

**Stig Keflavíkur:** Magnús Þór Gunnarsson 29, Anthony Glover 23 (9 frák.), Nick Bradford 22 (13 frák., 10 stoðs.), Jón Nordal Hafsteinsson 18, Sverrrir Þór Sverrisson 6 (8 frák., 4 stoðs.).

Keflvíkingar sigruðu 3-1 í einvíginu og eru Íslandsmeistarar, þriðja árið í röð.

### Þýska 1. deildin

**B. LEVERKUSEN–B. DORTMUND 0–1**

0–1 Sebastian Kehl (88.).

**B. MÜNCHEN–GLADBACH 2–1**

0–1 Ivo Ulich (65.), 1–1 Mehmet Scholl (66.), 2–1 Michael Ballack (84.).

**BOCHUM–HANNOVER 1–0**

1–0 Steve Cherundolo, sjálfsm. (56.).

**HSV–WERDER BREMEN 1–2**

0–1 Miroslav Klose (9.), 1–1 Mehdi Mahdavikia (58.)1–2 Ivan Klasnic (70.).

**HERTHA BERLIN–FREIBURG 3–1**

1–0 Marcelo Marcelinho (6.), 2–0 Marcelo Marcelinho (21.), 2–1 Samuel Koejoe (71.), 3–1 Niko Kovac (90.).

**MAINZ–WOLFSBURG 0–2**

0–1 Thomas Brdaric (64.), 0–2 Stefan Schnoor (78.).

**STUTTGART–SCHALKE 3–0**

1–0 Kevin Kuranyi (16.), 2–0 Kevin Kuranyi (48.), 3–0 Kevin Kuranyi (65.).

### Spænska 1. deildin

**NUMANCIA–A. MADRID 1–0**

1–0 Miguel.

### Ítalska A–deildin

**AC MILAN–BRESCIA 1–1**

1–0 Manuel Rui Costa (15.), 1–1 Pierre Wome (87.).

**BOLOGNA–INTERNAZINALE 0–1**

0–1 Julio Cruz (4.).

**FIORENTINA–JUVENTUS 3–3**

1–0 Giampolo Pazzini (14.), 1–1 Alessandro Del Piero (21.), 2–1 Giorgio Chiellini (36.), 2–2 Zlatan Ibrahimovic (59.), 3–2 Dario Dainelli (75.), 3–3 Zlatan Ibrahimovic (82.).

# Keflavík meistari þriðja árið í röð

**Keflavík og Snæfell áttust við í fjórðu viðureign lokaúrslita Intersportdeildarinnar í körfuknattleik í Stykkishólmi í gær. Snæfell þurfti að leggja gestina að velli til að knýja fram oddaleik. Það gekk ekki eftir og Keflavík fagnaði sínum þriðja Íslandsmeistaratitli í röð.**



**KEFLVÍKINGAR MEISTARAR ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ** Keflvíkingar tryggðu sér í gær Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta þriðja árið í röð eftir að hafa borið sigurorð af Snæfelli, 98–88, í fjórða leik liðanna í Stykkishólmi. Keflavík vann einvígið 3–1. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KÖRFUBOLTI** Keflavík tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik þriðja árið í röð er liðið lagði Snæfell í fjórðu viðureign lokaúrslitanna í Stykkishólmi í gær. Lokatölur urðu 99-88 en Snæfell komst aðeins einu sinni yfir í leiknum.

Einvígið fór því 3-1 Keflavík í vil rétt eins og á síðasta ári þegar liðin mættust í úrslitunum. Snæfellingar þurfa því að bíta í það súra epli að tapa annað árið í röð fyrir hinu firnasterka liði Keflvíkinga. Magnús Þór Gunnarsson, sem átti afleitan leik í síðustu viðureign liðanna, skaut sig inn í leikinn strax í fyrstu sókn Keflvíkinga og var besti maður vallarins. Hann átti meðal annars tvær fjögurra stiga sóknir þar sem hann skoraði þriggja stiga körfu og fékk víti að auki. Keflavík var iðið í sóknarfráköstum og kláraði Snæfell með 16-2 áhlaupi snemma í þriðja fjórðungi.

„Þetta var sárt tap og mér fannst við eiga meira inni. En þeir voru bara gríðarlega ákveðnir í dag og unnu þetta verðskuldað. Í þessari seríu voru of margir af okkar leikmönnum sem voru ekki að sýna sitt besta. Við erum að spila á fáum mönnum og þegar við erum að spila á móti jafnsterku liði og Keflavík er verða allir okkar menn að eiga góðan dag. Kannski er það til of mikils ætlast af minni hálfu en það er það sem til þarf. Þetta er gríðarlega gott lið og þeir geta verið ánægðir með að ná titlinum,“ sagði Bárður Eyþórsson, þjálfari Snæfells.

„Við unnum þessa seríu og ég held að þetta hafi verið frábær körfubolti sem þessi tvö frábæru lið buðu upp á. Virkilega góð auglýsing fyrir körfuboltann og Snæfell á mikið hrós skilið enda stórkostlegt lið. Að vinna hér er nokkuð sem okkur finnst frábært því við erum að vinna mjög vel skipulagt og gott lið með frábærum leikmönnum. Við viljum bara þakka Snæfelli fyrir frábæran körfubolta og skemmtilega seríu,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, sigurreifur eftir leikinn.

**smari@frettabladid.is**








## STUÐ MILLI STRÍÐA | Lúgusjoppur

KRISTJÁN HJÁLMARSSON SPÁIR Í FRAMTÍÐINA.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Lúgusjoppumenning Íslendinga hefur tekið miklum framförum síðustu ár. Áður fyrr var kannski ein lúgusjoppa í hverju byggðarlagi en síðustu ár hafa þær sprottið upp eins og gorkúlur. Nú eru fleiri fyrirtæki jafnvel farin að bjóða upp á svipaða þjónustu. Landsbankinn var fyrstur banka til að bjóða upp á lúgubanka og nú er búið að opna lúguapótek í Kópavogi. Hvort sem um er að kenna leti Íslendinga eða ekki virðist sem framtíðin liggi í lúgusjoppum.

Áður en langt um líður verður búið að opna einhvers konar lúgu-„mall", það er verslunarmiðstöð þar sem allt fæst og öll viðskipti fara fram í gegnum lúgu. Og eins í öllum alvöru lúgusjoppum eru pantanir teknar niður í gegnum hátalarakerfi áður en að sjálfri lúgunni er komið. Þá færu viðskiptin fram einhvern veginn svona:

„Get ég aðstoðað?"

„Já, ég ætlaði að taka 90% húsnæðislán hjá þér, því ég ætla að kaupa mér 20 milljón króna hús í Hlíðunum."

„Ertu með alla pappíra?"

„Já, mamma og pabbi eru búin að skrifa undir. Þau veðsetja bæði húsin sín."

„Allt í lagi. Eitthvað fleira?"

„Já, ég er að bíða eftir lífeyrissjóðsláni fyrir útborgun á húsinu og var að spá hvort þú gætir nokkuð hækkað yfirdráttinn hjá mér um tvær milljónir. Bara í svona tvær til þrjár vikur."

„Ókei! Eitthvað fleira?"

„Já, ég þarf kannski eitt box af prósakki því greiðslubyrgðin af lánunum fer alveg með geðheilsuna."

„Viltu stóran skammt?"

„Já, kannski hundrað töflur."

„Er þá allt komið?"

„Jaaa...finnst ég er nú kominn í lúguna þá skellir þú kannski einu hamborgaratilboði með."

„Viltu kók með tilboðinu?"

„Já takk, en hafðu það diet, því ég er í megrun." ■




**Aðalsafnaðarfundur Árbæjarsóknar**

Aðalfundur Árbæjarsóknar verður haldinn sunnudaginn 17. apríl 2005 og hefst kl. 12.15 að lokinni messu kl. 11.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Sóknarnefnd


## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




STÖÐ 2-BÍÓ ER ALLTAF ÓKEYPIS FYRIR M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2

2 BÍÓ

Í OPINNI DAGSKRÁ Í KVÖLD

kl. 20 Mister Johnson
kl. 22 The Pledge



# Tregablandið, dansandi og villt hljómfall

„Hljómfallið er dansandi og villt og laglínurnar tregablandnar," segja þær Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari um tónlistina sem þær ætla að flytja á tónleikum í Salnum í kvöld.

Nýútkomin plata þeirra með verkum eftir Kodaly, Martinu, Enescu og Janacek hlaut nýlega íslensku tónlistarverðlaunin og munu þær spila sömu verk á þessum tónleikum, sem í raun eru síðbúnir útgáfutónleikar disksins.

Öll þessi verk eru frá hjarta Mið-Evrópu og tónskáldin frá Slóvakíu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Tékklandi. Þau voru öll uppi á tímum þjóðlegrar vakningar og sóttu innblástur í fjölbreytta alþýðutónlist landa sinna.

Þær Edda og Bryndís Halla eru í hópi virtustu tónlistarmanna þjóðarinnar. Bryndís Halla hlaut einnig íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins vegna frammistöðu sinnar á þessum diski.

Þær Edda og Bryndís Halla eiga langt og farsælt samstarf að baki og hafa leikið saman m.a. á Listahátíð í Reykjavík, á Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri, í Salnum, í Iðnó, í París og víðar í Frakklandi.

Bryndís Halla hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum og listahátíðum hérlendis, í Evrópu og í Asíu og hvarvetna fengið lof fyrir leik sinn. Hún er meðlimur í Tríó Nordica, Ethos-kvartettinum, Caput og kammerhópnum Le Grand Tango. Hún heldur einnig reglulega tónleika með Tríó Izumi Tateno.

Edda er búsett og starfandi í París en tekur um leið virkan þátt í tónlistarlífinu á Íslandi. Hún átti frumkvæðið og er listrænn stjórnandi Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri sem haldnir verða í fimmtánda sinn í sumar. Hún hefur haldið fjölmarga tónleika og tekið þátt í tónlistarhátíðum í flestum löndum Evrópu og einnig í Bandaríkjunum. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**BRYNDÍS HALLA OG EDDA** Þær hlutu nýverið íslensku tónlistarverðlaunin fyrir disk þar sem þær flytja verk eftir Kodaly, Martinu, Enescu og Janacek. Í kvöld ætla þær að flytja þessi sömu verk á síðbúnum útgáfutónleikum í Salnum.


**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Ævintýrabókin**
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

5. sýning Sunnud. 10.apríl kl. 14:00
6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1500,-**





Halaleikhópurinn sýnir
**Kirsuberjagarðinn**
eftir Anton Tsjekhov
Leikstjóri Guðjón Sigvaldason

7. sýn. 10. apr. Kl. 20.00
8. sýn. 15. apr. Uppselt
9. sýn. 17. apr. kl. 20.00
10. sýn. 22. apr. kl. 20.00

Miðasala í síma 552-9188 og
asahildur@internet.is
www.islandia.is/~jonei/halinn
Sýningar eru í Hátúni 12
105 Reykjavík
að norðanverðu






geggjað grínleikrit eftir DANIEL GUYTON
• Föstudag 15/4 kl 20 LAUS SÆTI
ALLRA SÍÐASTA SÝNING
**SÍÐUSTU SÝNINGAR**
**Ekki missa af þessari sýningu!**
Loftkastalinn • Seljavegi 2 • 101 Reykjavík • Miðasalan er opin frá 13-18
Loftkastalinn 10 ÁRA 2005
☎ 552 3000
www.loftkastalinn.is



**Apótekarinn** eftir Haydn
**Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar**

29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



**Tenórinn**

**Vegna fjölda áskorana**
**verða tvær aukasýningar**
Föstudaginn 15. apríl kl. 20 • Laugardaginn 23. apríl kl. 20

IÐNÓ *Miðasala í síma 562 9700* **www.idno.is**
Tjarnarbakkinn restaurant



| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur** | **21. apríl** | FRUMSÝNING **kl. 14.00** | |
| *- Sumardagurinn fyrsti* | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| *- Uppstigningardagur* | | | |
| Laugardagur | 7. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 8. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN** hefst **1. apríl**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**

**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**
**UPPSELT Í DAG!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Í dag sun. 10/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 17/4 kl. 14:00 **uppselt** og **aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.
**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4 **nokkur sæti laus**.
**Sýningum fer fækkandi.**
**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.
■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**
**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ **Litla sviðið kl. 20.00**
**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Frumsýning mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, fim. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 22/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**






...Ef horft er á í réttu ljósi
hve lífið er stutt og lukkan
svo hverful og smá.
Ef horft er á í réttu ljósi.
Hver dagur er gjöf,
svo margt sem að
hægt er að sjá.

Við syngjum saman.
Eitt fyrir alla-gengur
fyrir einn.
Einn fyrir alla og allir
fyrir einn.....

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is
Sunudagur 17. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 24. Apríl kl: 13:30
www.midi.is



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Í kvöld kl 20, Fi 14/4 kl 20,
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20,
Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20
*- **Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**VORSÝNING LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS**
Í dag kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Aðalæfing Fi 14/4 kl 20 - **kr. 1.000,-**
Frumsýning Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 17/4 kl. 20, Lau 23/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 14/4 kl 20 - **UPPS.,** Fö 15/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPS.,** Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20, Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**
**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga



> J.D. Salinger

„Ef þið raunverulega hafið einhvern áhuga á þessu, þá langar ykkur kannski fyrst að fá að vita, hvar ég fæddist, hvaða leiðindi voru í uppvextinum, hvað foreldrar mínir höfðu fyrir stafni og allt Davíð Kopperfíld-kjaftæðið.“

- Það er sláttur á Holden Caulfield í upphafi Bjargvættarins í grasinu eftir J.D. Salinger.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## *Fjósalykt og fiskifýla*

Töluvert hefur verið skrifað um bók Hallgríms Helgasonar, Höfundur Íslands, í þýskum fjölmiðlum undanfarið. Bókin kom nýverið út í Þýskalandi undir heitinu „Vom zweifelhaften Vergnügen, Tod zu Sein“, eða „Af þeirri vafasömu ánægju að vera dauður“. „Þótt stærðin á bókinni fæli ef til vill frá er bæði efniviðurinn og úrvinnsla hans heillandi,“ segir til dæmis Wolfgang Müller í grein sinni í Junge Welt. „Lesandinn kemst að því, svona í framhjáhlaupi, að afstæðiskenningin virkar ekki á Íslandi vegna þess að á þessu landi er frost einfaldlega frost,“ segir Müller enn fremur. Gagnrýnandi dagblaðsins Frankfurter Allgemeine Zeitung, Andreas Rosenfelder, skrifar einnig frábæran ritdóm sem sýnir mikið innsæi í íslenskar bókmenntir.

„Hinn 600 síðna doðrantur Höfundur Íslands er í öllum greinum fullkomin andstæða skáldsögunnar vinsælu 101 Reykjavík,“ segir Rosenfelder. „Hallgrímur fer hér í lopapeysuna og smitar textann með fjósalykt og fiskifýlu en það er ekki gert til að bregða lesendum sem eru orðnir vanir borgarsögum. Hér er heldur ekki á ferð menningarþreytt smáskáld sem predikar bókmenntalegt afturhvarf til náttúrunnar.“

Dómar hafa einnig birst í Der Spiegel og Neue Zürcher Zeitung, og hefur þýðing Karls-Ludwig Wetzig fengið mikið hrós. Hann hefur þegar hreppt verðlaun fyrir hana.



### > Bók vikunnar ...

**HEPPIN**
**eftir Alice Sebold**



*Þegar rithöfundurinn Alice Sebold var átján ára var hún barin og henni nauðgað. Hún rekur áleitnar minningar sínar af voðaverkinu í bókinni Heppin. Hún lýsir tilveru sinni fyrir og eftir nauðgunina og baráttu gegn einangrun, fordómum og fyrir réttlæti fyrir dómstólum. Henni var sagt að hún væri heppin að vera á lífi eftir árásina en hún hefur einnig vakið mikla athygli fyrir skáldsögu sína Svo fögur bein en þar fjallar hún um unga stúlku sem var ekki jafn heppin og var myrt eftir nauðgun.*




BJARGVÆTTURINN Í GRASINU: FLOSI ÓLAFSSON SÝNDI FRAM Á AÐ ÞESSI FRÆGA BÓK VÆRI EKKI ÓÞÝÐANLEG

# „Þessi bók á alltaf að vera til“

Árið 1951 kom út í Bandaríkjunum lítil skáldsaga um ungan pilt sem rekinn er úr skóla og slettir ærlega úr klaufunum í New York áður en hann fer heim til að horfast í augu við foreldra sína.

The Catcher in the Rye nefnist þessi bók sem fór sigurför um heiminn og höfundurinn, J.D. Salinger, komst fyrir vikið í hóp virtustu rithöfunda samtímans.

Árið 1975 kom þessi bók út í íslenskri þýðingu Flosa Ólafssonar og hét hún þá Bjargvætturinn í grasinu. Sú þýðing hefur verið ófáanleg í háa herrans tíð, en nú hefur verið úr því bætt, því bókaforlagið Skrudda hefur gefið bókina út á ný.

### Hvarf eins og dögg fyrir sólu

„Almenna bókafélagið hefur gefið þessa bók út tvisvar sinnum en hún hvarf eins og dögg fyrir sólu í bæði skiptin, enda má segja að þetta sé einhver merkasta bók sem út hafi komið á 20. öld og tæplega um það deilt,“ segir Flosi, sem þótti hafa unnið mikið afrek á sínum tíma þegar hann gerði sér litið fyrir og þýddi þessa bók, enda höfðu menn haldið því fram að hún væri hreinlega óþýðanleg yfir á íslenska tungu.

Flosi tók hins vegar fjálglegar yfirlýsingar um óþýðanleika bókarinnar sem persónulega áskorun um að sýna fram á hið gagnstæða. Hann gekk þegar í málin og segist ekki hafa verið neitt sérstaklega lengi að þýða bókina, enda hafði hún lengi verið í miklu uppáhaldi hjá honum.

### Eins og vitrun

„Hún lá ákaflega vel fyrir mér því ég var svo heillaður af bókinni. Mér fannst eins og ég væri þarna sjálfur upp dreginn eftir allt mitt basl við skólayfirvöld og annað slíkt, sem þá var tiltölulega afstaðið. Ég hef aldrei rekist vel í hópi og það má alveg segja að ég sé svolítið hreykinn af því að mér svipar svolítið til höfuðsnillingsins og aðalpersónunnar í bókinni, Holdens Caulfield.“



**FLOSI ÓLAFSSON** Þýðing hans á Bjargvættinum í grasinu, hinni frægu bók eftir J.D. Salinger, er nú loksins fáanleg á ný.

Bókin kom út árið 1951 og Flosi segist hafa lesið hana fljótlega eftir það.

„Sannleikurinn er sá að þegar ég las þessa bók var það eins og vitrun fyrir mig. Mikið voðalega ósköp var þetta merkileg lesning. Ég er alveg sammála útgefanda mínum um að þessi bók á alltaf að vera til. Þessi bók höfðar til allra sem hafa eitthvert hjarta í brjóstinu og eitthvert nef fyrir góðum bókmenntum. Hún ber með sér að þetta er afskaplega viðkvæmur maður og voðalega ósköp brothættur einhvern veginn. Hann talar svo fallega um það sem honum þykir vænt um, og hann er líka svo svakalega flottur íróniker.“

### Tilbúið slangur

Höfundurinn er nú kominn vel yfir áttrætt og hefur áratugum saman haldið sig fjarri kastljósi heimsins. Fyrir utan þessa einu skáldsögu hefur hann ekki sent frá sér annað en fáeinar smásögur, en þykir engu að síður með athyglisverðustu rithöfundum samtímans.

„Það skrýtna við þetta er að eiginlega hafa flestir sem ég hef rætt þessi mál við um Salinger haldið að þetta málfar sem er á bókinni sé einhvers konar slangur vestan úr Ameríku, en sannleikurinn er sá að Salinger bjó þetta málfar bókstaflega til. Það hefur hvergi nokkurs staðar verið talað nema kannski af þeim sem hafa orðið fyrir djúpum áhrifum af honum Salinger.“

**BÓKASKÁPURINN**

## Frelsið kostar sitt

Bandaríski rithöfundurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Saul Bellow lést í vikunni, og var þá orðinn 89 ára gamall. Hans er minnst sem eins af allra stærstu höfundum Bandaríkjanna á 20. öld og er hann þekktur fyrir skáldsögur á borð við Herzog og Humbolt's Gift.

Sögur hans fjölluðu gjarnan um einstaklinga sem takast á við breytingar í óstöðugum heimi. Þeir upplifa breytingarnar bæði sem frelsandi og hamlandi, enda eiga þeir jafnauðvelt með að láta allar skuldbindingar sínar lönd og leið eins og að hafa mikilvægi þessara sömu skuldbindinga í hávegum.

„Það er eitthvað skelfilega taugastrekkjandi við tilveruna í nútímanum,“ sagði hann í viðtali árið 1977. „Eins og til dæmis allt það sem við þurfum að hugsa og allt það sem við þurfum að leggja mat á. Þetta er gjaldið sem við þurfum að greiða fyrir frelsið: að fella dóma, að taka afstöðu.“

Ein af skáldsögum hans var kvikmynduð árið 1986. Það var Seize the Day, eða Dead Poets Society, með Robin Williams í aðalhlutverki. ■



**SVÍAKONUNGUR AFHENDIR BELLOW NÓBELINN** Saul Bellow hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1976.


Gæða handklæði á verði sem þú finnur ekki annars staðar
Fermani
handklæði
Þvottastykki 30x30 kr. 80.-
Gestahandklæði 40x60 kr. 190.-
Handklæði 50x100 kr. 390.-
Baðhandklæði 67x140 kr. 699.-
Baðhandklæði 90x150 kr. 990.-
ATH! Röndin skreppur ekki saman í þvotti
5 nýjir litir
Skemmtilegast að versla handklæði
GARDÍNUBÚÐIN
Þarabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677
Skipagötu 18 • Akureyri • Simi 461-7878
Opnunartími: mánud. - föstud. 10-18 • laugard. 11-14













# Út yfir öll mörk

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**



**ETT HÅL I MITT HJÄRTA (A HOLE IN MY HEART)**
SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI

**LEIKSTJÓRI:** LUKAS MOODYSSON
**AÐALHLUTVERK:** BJÖRN ALMROTH, SANNA BRÅDING, THORSTEN FLINCK, GORAN MARJANOVIC

**NIÐURSTAÐA:** Þetta er ein ljótasta og yfirgengilegasta mynd sem undirritaður hefur séð og það er varla hægt að mæla með henni við nokkurn mann með góðri samvisku en það breytir því ekki að þetta er stórmerkileg mynd sem hugsandi fólk ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Sænski leikstjórinn Lukas Moodysson er einn athyglisverðasti leikstjóri samtímans. Hann vakti fyrst athygli með hinni gráglettnu unglingamynd Fucking Åmål, hitti beint í mark með hippamyndinni dásamlegu Tillsammans og hristi svo hressilega upp í fólki með Lilja 4-ever, grimmilegri lýsingu á hræðilegum örlögum ungrar rússneskrar stúlku sem er seld mansali til Svíþjóðar.

Hafi Lilja 4-ever verið grimm og erfið mynd er ekki gott að segja hvað nýjasta verk hans, Ett hål i mitt hjärta, er. Moodysson er í það minnsta kominn óravegu frá Tillsammans þar sem þessi mynd er svo ljót, óvægin og yfirgengileg að það er tæpast hægt að lýsa áhrifum hennar með orðum.

Moodysson dvelur hér með fjórum ógæfusömum einstaklingum í ljótri íbúð. Þrjú þeirra hafa komist að þeirri niðurstöðu að leið þeirra til frægðar og betra lífs liggi í gegnum klámiðnaðinn og því taka þau upp á því að gera heimagerða klámmynd í stofusófanum.

Parið Tess og Geko gera mest af því að eðla sig fyrir framan myndavélina, sem íbúðareigandinn Rickard stjórnar, en á meðan lokar sonur hans, Eric, sig af inni í herbergi og einangrar sig með tónlist á meðan ósóminn er tekinn upp. Allt er þetta fólk stórbæklað á sálinni af einni eða annari ástæðu og það þarf auðvitað ekki að fjölyrða um hversu ömurleg áhrif það hefur á sálarlíf Erics að alast upp við þessar aðstæður.

Hópurinn er einangraður frá umhverfinu og ógæfufólkið spanar hvert annað upp í vitleysunni og einangruninni þannig að hegðan þess og gjörðir fara langt út fyrir öll mörk. Moodysson er heldur ekkert að fara fínt í það að troða óhugnaðnum og skelfingunni ofan í áhorfendur og það er í raun með mestu ólíkindum hvað hann fær leikarana til að gera og maður hlýtur að spyrja sig hvort fólkið hafi komist heilt frá gerð myndarinnar.

Þetta er ein ljótasta og yfirgengilegasta mynd sem undirritaður hefur séð og það er varla hægt að mæla með henni við nokkurn mann með góðri samvisku en það breytir því ekki að þetta er stórmerkileg mynd sem hugsandi fólk ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Ett hål i mitt hjärta ristir djúpt og gengur mjög nærri áhorfandanum og þessi mynd er þess eðlis að hún fylgir mani eftir löngu eftir að sýningu er lokið. Það er endalaust hægt að lesa í hana og hún verður betri og áleitnari eftir því sem frá líður. Þetta er hörð ádeila á klámiðnaðinn, raunveruleikasjónvarpsgeðveikina og frægðardrauma og það fer ekkert á milli mála að Moodysson er harður á því að klámbransinn þrífst á eymd og ógæfu. Annars er tilgangslaust að ætla að greina þessa mynd hér. Sjón er sögu ríkari ef þið þorið.

**Þórarinn Þórarinsson**




## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Lisa Snowdon**, kærasta **George Clooney**, er hrædd við að tala um samband þeirra vegna þess upplýsingar gætu endað í blöðunum. „Þegar ég á nýjan kærasta langar mig mest að fara til vina minna og segja: „Hei, veistu hvað hann gerði?“ en ég verð að passa mig að gera það ekki,“ sagði Snowdon.



## STÖÐ 2 BÍÓ



**The Full Monty. Nokkrir atvinnulausir stáliðjuverkamenn gerast nektardansarar. Aðalhlutverk leika Robert Carlyle, Tom Wilkinson, Mark Addy og Lesley Sharp.**

**6.00** Mister Johnson (Bönnuð börnum) **8.00** Black Knight **10.00** The Full Monty **12.00** Gideon **14.00** Black Knight **16.00** The Full Monty **18.00** Gideon **20.00** Mister Johnson (e) (Bönnuð börnum) **22.00** The Pledge (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Victor **2.00** In the Bedroom (Bönnuð börnum) **4.10** The Pledge (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **16.00** Bravó **18.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Van Wilder – Party Liason **22.15** Korter.

## OMEGA

**9.00** Robert S. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **15.00** Ron P. **15.30** Mack L. **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie F. **18.30** Dr. David **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Daglegur styrkur **23.00** Robert S.

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**MARISA LEIKUR Í IN THE BEDROOM Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 02.00 Í KVÖLD.**

## *Vildi losna við Brooklyn-hreiminn*



Marisa Tomei fæddist 4. desember árið 1964 í Brooklyn í New York. Móðir hennar, Patricia, er enskukennari og faðir hennar, Gary, er lögfræðingur. Marisa á líka bróður, Adam, sem er leikari. Sem barn vildi Marisa ekkert fremur en að tala ekki með Brooklyn-hreim. Hún nam við Edward R. Murrow-miðskólann og útskrifaðist árið 1982. Hún var búin að læra við Boston-háskóla í eitt ár þegar hún hætti til að leika í þáttunum As the World Turns. Það hlutverk ruddi brautina í kvikmyndir. Árið 1984 kom hún fyrst fram í kvikmynd í The Flamingo Kid en þremur árum seinna varð Marisa þekkt fyrir hlutverk sitt í gamanþáttunum A Different World.

Stóra tækifærið kom árið 1992 þegar hún lék á móti Joe Pesci í kvikmyndinni My Cousin Vinny og fyrir það hlutverk fékk hún Óskarinn sem besta leikkona í aukahlutverki, öllum að óvörum. Seinna það ár lék hún í Chaplin og fékk fljótt aðalhlutverk í Untamed Heart árið 1993.

Marisa lék ólétta eiginkonu Michael Keaton í The Paper árið 1994 og fékk hún góða dóma fyrir það. Hún stóð sig vel í Unhook the Stars árið 1996 og Welcome to Sarajevo árið 1997. Árið 2000 lék hún í What Women Want og 2002 fékk hún tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í In the Bedroom. Marisa er með húðflúr af auga egypska sólguðsins Ra á hægri fæti sem færir henni vernd og heppni.

Marisa hefur verið á föstu með leikaranum Dana Ashbrook síðan árið 1999.

**Þrjár bestu myndir Marisu:** **My Cousin Vinny** – 1992 **Four Rooms** – 1995 **Welcome to Sarajevo** – 1997.


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

STUÐMENN
Í ROYAL ALBERT HALL

Sjálfstætt fólk í kvöld kl. 20:05







▶ **20.00** *Fræðsla*

**Ísland – Eyjan sjóðandi. Hans Nick ferðaðist um Ísland á sjöunda áratug síðustu aldar og gerði heimildarkvikmynd**



▶ **22.10** *Spenna*

**Medical Investigations. Nýr myndaflokkur um Doktor Stephen Connor sem fer fyrir sérfræðingasveit.**



▶ **20.00** *Lífsstíll*

**Allt í drasli. Heiðar snyrtir og Margrét Sigfúsdóttir hjálpa fólki að taka til heima hjá sér.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin **8.02** Kátur **8.31** Fallega húsið mitt **8.38** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Teiknimyndir **9.32** Sögur úr Andabæ **9.58** Sammi brunavörður **10.11** Ketill **10.25** Andarteppa **11.00** Hönnunarkeppnin 2005 **11.30** Laugardagskvöld með Gísla Marteini

**12.20** Spaugstofan **12.45** Mósaík **13.25** Útlínur (5:5) **13.50** Regnhlífarnar í New York (10:10) **14.25** Páfi á Íslandi **15.25** Kraftaverkabörn **16.25** Leonardo (1:2) **17.20** Óp **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Elli eldfluga (1:6)** Íslenskur teiknimyndaflokkur eftir Kára Gunnarsson og Unni Maríu Sólmundardóttur. Leikstjórn og stjórn upptöku: Eggert Gunnarsson.

**18.35** **Sigurliðið** Leikin þýsk barnamynd.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljósið**

▶ **20.00** **Ísland – Eyjan sjóðandi** Svisslendingurinn og Íslandsvinurinn Hans Nick ferðaðist um Ísland á sjöunda áratug síðustu aldar og gerði heimildarkvikmynd sem hann kallaði Ísland – Eyjan sjóðandi. Mörg myndskeiðin eru meðal þeirra bestu sem tekin voru á Íslandi á þessum árum.

**20.45** **Króníkan** (Krøniken) Danskur myndaflokkur. Meðal leikenda eru Anne Louise Hassing, Ken Vedsegaard, Anders W. Berthelsen, Maibritt Saerens, Waage Sandø, Stina Ekblad og Pernille Højmark. Nánari upplýsingar á vefslóðinni http://www.dr.dk/kroeniken.

**21.45** **Helgarsportið**

**22.10** **Á báðum áttum** (Halbe Treppe) Þýsk bíómynd frá 2002 um tvenn hjón í smábæ í Austur-Þýskalandi og atvik sem setur líf þeirra úr skorðum. Leikstjóri er Andreas Dresen og meðal leikenda eru Steffi Kühnert, Gabriela Maria Schmeide, Thorsten Merten og Axel Prahl.

**0.00** Kastljósið **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok.

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Pingu, Litlir hnettir, Vaskir Vagnar, Kýrin Kolla, Litlu vélmennin, Véla Villi, Smá skrítnir foreldrar, As told by Ginger 1, Könnuðurinn Dóra, Batman, Hvað er nýtt Scooby Doo, WinxClub, Shin Chan, Lizzie McGuire, Yu Gi Oh, Froskaf)

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **15.15** American Idol 4 (26:41) **16.00** American Idol 4 (27:41) **16.25** Deep Purple **17.20** Whoopi (20:22) (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.15** **Home Improvement (11:22)** (Handlaginn heimilisfaðir 1)

**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?)

**20.05** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.

**20.40** **Cold Case 2 (12:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Bönnuð börnum.

**21.25** **Twenty Four 4 (12:24)** (24) Jack Bauer fær kaldar kveðjur þegar nýr yfirmaður er ráðinn til CTU. Bauer er látinn fjúka en fer til starfa hjá varnarmálaráðuneytinu. Leyniþjónustan getur samt ekki verið á hans lengi og kallar strax á kappann þegar hætta steðjar að. Stranglega bönnuð börnum.

▶ **22.10** **Medical Investigations (1:20)** (Læknagengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum og stöðva þarf plágur og smitsjúkdóma.

**22.55** **60 Minutes I 2004**

**23.40** Silfur Egils **1.10** Dreamcatcher (Stranglega bönnuð börnum) **3.20** The Cats Meow (Bönnuð börnum) **5.10** Fréttir Stöðvar 2 **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí.

## SKJÁREINN

**10.04** 2005 Sunnudagur **9.00** Malcolm In the Middle (e) **9.30** The King of Queens (e) **10.00** America's Next Top Model (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.30** Aston Villa – WBA **14.30** The Awful Truth (e) **15.00** Tottenham – Newcastle **17.10** Fólk – með Sirrý (e) **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00** **Pimp My Ride (e)**

**19.30** **The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar.

▶ **20.00** **Allt í drasli** Hver þáttur segir frá einstaklingi eða fjölskyldu, venjulegu fólki, sem hefur hreinlega gefist upp á því að þrífa í kringum sig. Stjórnendur þáttarins verða tveir, Heiðar Jónsson snyrtir og Margrét Sigfúsdóttir skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík.

**20.30** **Will & Grace** Jack er að útskrifast úr hjúkrunarfræði og biður Will að hjálpa sér að semja útskriftarræðu.

**21.00** **CSI: New York** Sem fyrr fær Réttarrannsóknardeildin, nú í New York, erfið sakamál til lausnar. Í farabroddi eru Gary Sinise og Melina Karakardes.

**21.50** **Revenge of the Pink Panther** Í gamanmyndum um Bleika pardusinn fylgjumst við með franska rannsóknarlögreglumanninum Clouseau, sem er leikinn af hinum frábæra Peter Sellers.

**23.30** C.S.I. (e) **0.15** Boston Legal (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (3/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist.

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** FIA World Touring Car Championship By LG: Monza **15.00** Cycling: UCI Protour Paris-Roubaix **15.45** Marathon: Paris France **16.30** FIA GT: Championship Monza **17.00** Tennis: WTA Tournament Amelia Island **18.30** Curling: World Men's Championship Canada **19.15** Motorsports: Motorsports Weekend **19.45** Champ Car: World Series Long Beach **22.00** Rally: World Championship New Zealand **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Boxing: International contest France

**BBC PRIME**
**12.00** Classic Eastenders **13.00** Eastenders Omnibus **15.00** Lost Crocodiles of the Pharaohs **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Yes Minister **17.00** A Place in France **17.30** Location, Location, Location **18.00** Popcorn **18.50** Living the Dream **19.40** Escape to the Country **20.40** Top Gear Xtra **21.40** The Human Mind **22.40** Wildlife ■ **23.10** Blood of the Vikings **0.00** Kill 'em All: American War Crimes in Korea **1.00** Make French Your Business **1.35** Mexico Vivo **2.00** The Money Programme

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **13.00** Wild Indonesia **14.00** Ultimate Killers **14.30** Predators **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Tsunami – Animal Instincts **19.00** Wild Indonesia **20.00** Gorilla, Gorilla **21.00** Jane Goodall's Return to Gombe **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Ultimate Killers **0.30** Predators

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill **13.00** The Real Zulu Dawn **14.00** Zulu Dawn **16.00** The Real Zulu Dawn **17.00** Gorillas From the Heart of Darkness **18.00** Asteroid – The Doomsday Rock **19.00** Megastructures **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Mission Mars – Year One **23.00** Megastructures **0.00** Explorations

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Mummy Autopsy **14.00** Blueprint for Disaster **15.00** Conspiracies on Trial **15.30** Storms of War **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Deadly Women **22.00** American Casino **23.00** Zero Hour **0.00** The Case of OJ Simpson

**MTV**
**12.00** Making the Video **13.00** J-Lo Weekend Music Mix **13.30** Diary of **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Wild Boyz **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Top 40 Most Famous **21.00** MTV at the Movies **21.30** VH1 Rocks **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Spectacular Spas **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** It's a Girl Thing **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** Great Gardens **0.00** Fashion House **0.30** Vegging Out

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Stunts **20.00** Jackie Collins Presents **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Stunts **0.00** Jackie Collins Presents **1.00** Stunts

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**12.10** Fatal Memories **13.45** X – 15 **15.30** Swamp Thing **17.00** High Tide **18.40** Visitors, the **20.10** What Happened Was... **21.40** Shatterbrain, the **23.25** Stitches **0.55** Exposed **2.35** Mosquito Squadron

**TCM**
**19.00** 2010 **21.00** Wise Guys **22.30** Zabriskie Point

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## SILFUR EGILS

*Stöð 2* **kl. 12.00**

***Þátturinn er í opinni dagskrá.***

### Silfrið sex ára

Silfur Egils er sex ára núna um helgina. Þátturinn fór fyrst í loftið 11. apríl 1999 á Skjá einum. Síðan þá eru þættirnir orðnir hátt í þrjú hundruð talsins en Silfrið hefur verið á Stöð 2 síðustu tvö árin Góðir gestir eru væntanlegir í þáttinn í dag. Þar má nefna eina helstu vonarstjörnu íslenskra stjórnmála, Ásdísi Höllu Bragadóttur bæjarstjóra í Garðabæ, Einar Odd Kristjánsson alþingismann og Össur Skarphéðinsson, sem nú á í hörðum formannsslag í Samfylkingunni.

Að vanda verður fjallað um þau pólitísku hitamál sem hæst ber um þessar mundir.



Egill Helgason, þáttarstjórnandi.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Oh good! My dog found the chainsaw!"**

**Svar:** Lilo úr kvikmyndinni Lilo & Stitch frá árinu 2002.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo í umsjón Ólafs B. Guðnasonar e. **10.03** Gullströndin – Umsjón Hallfríður Þórarinsdóttir og Þröstur Haraldsson. **11.00** Messufall með Önnu Kristine.

**12.10** Silfur Egils **13.40** Menningarþáttur með Rósu Björk Brynjólfsdóttur. **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna. **18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Af draumum **11.00** Guðsþjónusta í Lindaskóla í Kópavogi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Tordýfillinn flýgur í rökkrinu **14.05** Stofutónlist **15.00** Spegill tímans **16.10** Helgarvaktin **17.00** Í tónleikasal

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Seiður og hélog **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Íslenskt mál **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **22.30** Til allra átta

**23.00** Úr ævint. H. C. And. **23.10** Silungurinn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Sunnudagskaffi **21.15** Popp og ról **22.10** Hljómalind

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gæðatónlist á sunnudagsmorgni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róberts **16.00** Á tali hjá Hemma Gunn.

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **18.50** *Íþróttir*

**US Masters. Bein útsending frá bandarísku meistarakeppninni í golfi sem fer fram á Augustu National vellinum í Georgíu.**

## SÝN

**8.00** US Masters 2005 **11.05** Hnefaleikar (MA Barrera – Mzonke Fana)

**12.50** Ítalski boltinn. Bein útsending frá leik Udinese og Roma. **14.55** Meistaradeildin í handbolta. Bein útsending frá síðari leik Montpellier og Ciudad Real í undanúrslitum. **16.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá stórleik Real Madrid og Barcelona.

▶ **18.50 US Masters 2005** (Bandaríska meistarakeppnin) Bein útsending frá síðasta keppnisdegi bandarísku meistarakeppninnar í golfi, US Masters, en leikið er á Augusta National vellinum í Georgíu.

**23.00** Meistaradeildin í handbolta (Montpellier – Ciudad Real)**0.10** Fifth Gear **0.40** Bandaríska mótaröðin í golfi.

**0.25** From the Earth to the Moon **2.05** Knights of the Round Table

### HALLMARK

**12.45** Bridesmaids **14.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **16.00** I Do But I Don't **17.45** Just Cause **18.30** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771 **20.00** Gone But Not Forgotten **21.45** Reunion **23.15** Gone But Not Forgotten **1.00** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771

### BBC FOOD

**12.00** Forever Summer With Nigella **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Kitchen Invaders **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** A Cook On the Wild Side **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** James Martin: Yorkshire's Finest **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.05** OBS **12.10** Haven i Hune **12.40** Kissed by an Angel **14.20** Håndbold: Champions League **16.00** Sigurds Bj¢rnetime **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Sådan ligger landet **18.00** En Kongelig Familie **19.00** TV Avisen **19.15** S¢ndag **19.45** S¢ndagssporten med SAS liga **20.10** Boom Boom **21.10** OBS **21.15** Magtens billeder: K-Notatet **22.15** Fjendens Ansigt

### SV1

**13.00** Simhopp: Europacupen **15.00** Människans vägar **15.30** Skolakuten **16.00** BoliBompa **16.01** Karl Sundlöv **16.10** Känsliga bitar **16.15** Tv-huset **17.30** Rapport **18.00** Sixties **18.30** Sportspegeln **19.15** Stopptid **19.20** Agenda **20.15** Orden med Anna Charlotta **20.45** Vetenskap – Den gränslösa hjärnan **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** Orka! Orka! **22.10** Sändningar från SVT24


# Bækur mánaðarins

## 175 lykilhugmyndir

**Bók sem hristir rækilega upp í hugmyndum okkar um heiminn og breytir sýn okkar á lífið og tilveruna.**

Í líflegum texta og áhrifaríkum myndum er hér fjallað um 175 lykilhugmyndir sem hafa breytt heiminum frá árdögum til okkar daga. Fersk og sannfærandi sýn á ýmsa grundvallarþætti mannlífsins - allt frá dýpstu rökum tilverunnar til hversdagslegustu fyrirbæra.




Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

**Tilboðsverð 3.490 kr.** Fullt verð 4.990 kr.




## Algjör snilld

Sögurnar um Fandorin, slyngasta rannsóknarlögreglumann Rússlands, hafa farið sigurför um heiminn enda sameina þær á undraverðan hátt anda rússnesku meistaranna Dostojevskí og Tolstojs og spennuna sem einkennir glæpasögur nútímans.

„Þessar bækur eru **algjör snilld**."
*Örlygur Steinn Sigurjónsson, Mbl.*

Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

**Tilboðsverð 1.260 kr.** Fullt verð 1.799 kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Einu sinni var ...

**Glæsileg útgáfa á tólf af þekktustu og vinsælustu ævintýrum H.C. Andersens í nýrri þýðingu Sigrúnar Árnadóttur.**

„Sögur Hans hafa fylgt íslenskum börnum lengi og þessi **glæsilega útgáfa** ætti að tryggja ungum og eldri lesendum **yndislegar stundir** enn um hríð."
*- Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

Prinsessan á bauninni - Þumalína - Staðfasti tindátinn - Ljóti andarunginn - Svínahirðirinn - Litla stelpan með eldspýturnar - Nýju fötin keisarans - Eldfærin - Snjókarlinn - Grenitréð - Hans klaufi - Villtu svanirnir






Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

**Tilboðsverð 1.880 kr.** Fullt verð 2.690kr.



Penninn · Eymundsson · Bókabúðir Máls og menningar

Pöntunarnetfang: aubok@penninn.is / s. 511 1130



## HRÓSIÐ

*...fær Sportkafarafélag Íslands fyrir að halda hátíðlegan köfunardag í gær og bjóða almenningi upp á að reyna við sportið.*

# HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á HEIÐARI JÓNSSYNI, SNYRTI, SJÓNVARPSMANNI OG FLUGÞJÓNI**

## Konum finnst grenjuskjóður sætar

**Hvernig ertu núna?** Mér líður voða vel en hef ógurlega mikið að gera, sem fylgir kvíðablandin ánægjutilfinning.
**Augnlitur:** Blágrár.
**Starf:** Sköllótt flugfreyja og sjónvarpsuppistandari.
**Stjörnumerki:** Ljón.
**Hjúskaparstaða:** Fráskilinn.
**Hvaðan ertu?** Vestan af Snæfellsnesi.
**Helsta afrek:** Annað sætið í bringusundi á Lýsuhóli, 11 ára á eftir Valda á Fossi.
**Helstu veikleikar:** Ég er grenjuskjóða.
**Helstu kostir:** Grenjuskjóða. Konum finnst það sætt.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Allt í drasli.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Fréttir á gömlu gufunni.
**Uppáhaldsmatur:** Saltkjöt og baunir.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Ítalía.
**Uppáhaldsborg:** Rio de Janeiro og Nashville í Tennessee.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Að eignast ekki fleiri börn.
**Áhugamál:** Mannlíf, fegurð og ferðalög.
**Viltu vinna milljón?** Já, almáttugur!
**Jeppi eða sportbíll?** Jeppi. Ég þarf alltaf að fara yfir ár á fjöru þegar ég fer heim.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Ætlaði að verða frægur fatahönnuður, en varð fræg fyrirsæta með meiru.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Helga Braga.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Halla Bryndís Jónsdóttir, Ungfrú Ísland 1985.
**Trúir þú á drauga?** Já, bæði trúi og hef séð.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Lítill kjölturakki í eigu fegurðardísar í Hollywood.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Padda.
**Áttu gæludýr?** Ekki núna, en átti fimm ketti þegar ég var í hjónabandi.
**Besta kvikmynd í heimi:** The Longest Day um innrásina á Normandí.
**Besta bók í heimi:** Þrúgur reiðinnar eftir John Steinbeck.
**Næst á dagskrá:** Að fara til Leeds og fljúga.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**KARL BRETAPRINS OG KAMILLA** Í tilefni brúðkaupsins efndi Hið konunglega fjelag til kvæðakeppni.

Í tilefni brúðkaups krónprins breska heimsveldisins, Karl Filippussonar og Kamillu Parker Bowles efndi Hið konunglega fjelag til kvæðakeppni. Einar Kolbeinsson hlaut sigur úr býtum og fékk í verðlaun innrammaða mynd af brúðhjónunum, nema hvað.

**Prinsinn af Wales – Kveðja frá íslensku þjóðinni**

Norðan úr hafi hvar nákaldir vindar,
nauða við gluggann um síðkvöldin löng,
flytjum við dýrðar- og fagnaðarsöng,
því fljótlega marka skal endalok syndar.

Ástleitni mennina áfram mun teyma,
ofsögum þetta er tæplega sagt,
og nú verður brúðkaup með pompi og pragt,
en pínlegum ágalla skulum við gleyma.

Þjóðin leggst ekki í þvermóðsku og fýlu,
þó allir viti að staðan er sú,
að prinsinn sem eignast í alvöru frú,
aldrei mun ganga til drottningarhvílu.

Verðandi konungur heimsveldishirðar,
af hetjuskap sannlega axlar þær byrðar!

heilsa o.fl.
Á ÞRIÐJUDÖGUM
Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

ANDERS FOGH RASMUSSEN: HEILLAÐIST AF LAUNDROMAT CAFÉ

# Forsætisráðherra Dana hrifinn af Frikka

Friðrik Weisshappel virðist vera að slá í gegn með kaffihúsinu sínu Laundromat Café á Norðurbrú í Kaupmannahöfn. Á dögunum birtist grein í tímaritinu Time um kaffihúsaflóruna sem prýðir Norðurbrú og þau bestu tekin út, þar á meðal kaffihúsið hans Frikka.

Í Time segir meðal annars að Anders Fogh Rassmusen, forsætisráðherra Dana, hafi kallað kaffihúsið hans Frikka „það svalasta á Norðurbrú“ eða eins og segir í greininni „the coolest in Nørrebro“. Kate Poulsson, greinarhöfundur Time, virðist vera á sömu skoðun og forsætisráðherrann. Í greininni byrjar hún á því að lýsa staðnum og segir að þar sé hægt að þvo þvott eða velja sér notaða bók úr fjögur þúsund titlum sem þar eru til sölu.

Í viðtalinu segir Frikki að fólk hafi tekið staðnum vel „því í nútímasamfélögum er mikilvægt að nýta tímann vel. Hér geta gestir borðað hádegismat og sinnt daglegum heimilisstörfum“.

Höfundurinn endar síðan greinina á því að fjalla um Norðurbrú og segir að þar hafi kaffihúsaflóran þrifist vel ekki síst svokölluð fusion-kaffihús. Hugtakið vísar þó ekki til ólíkra rétta á matseðli, heldur sé hægt að blanda saman kaffidrykkju og mat við annars konar iðju, frá innkaupum til þvotta.

Frikki er enginn nýgræðingur þegar kemur að rekstri kaffihúsa. Hann opnaði og rak meðal annars Kaupfélagið við Laugaveg sem naut talsverðrar hylli sem og Kaffibarinn. Hann hannaði einnig Gráa köttinn við Hverfisgötu.

Frikki opnaði Laundromat Cafe ásamt þremur vinum sínum í fyrra. Kaffihúsið, sem líkist að mörgu leyti Kaupfélaginu, stendur við Elmegade sem er hliðargata af Nørrebrogade, einni skemmtilegustu götu Kaupmannahafnar. ■



**FRIKKI WEISSHAPPEL** Hann hefur heillað forsætisráðherra Dana upp úr skónum með kaffihúsinu sínu Laundromat Café.



**ANDERS FOGH** Er hrifinn af kaffihúsinu hans Frikka og kallaði staðinn meðal annars „það svalasta á Norðurbrú“.




# Skæruliðadiskó í 30 þúsund eintökum

Rapprokksveitin Quarashi hefur selt rúmlega 30 þúsund eintök af plötunni Guerilla Disco í Japan. Aðeins er rétt rúmur mánuður síðan platan kom út þar í landi en búið var að panta rúm 25 þúsund eintök fyrirfram.

Quarashi á stóran aðdáendahóp í Japan og hafa plötur sveitarinnar selst þar í um 100 þúsund eintökum. Einnig eru til japanskar aðdáendasíður sveitarinnar, þar á meðal quarashi.jp.

Japanska útgáfan af Guerilla Disco skartar breyttu umslagi sem Ómar Örn Swarez, liðsmaður sveitarinnar, hannaði. Auk þess fylgir hverri plötu frír Quarashiblekpenni sem er ýmsum góðum eiginleikum gæddur. ■



**QUARASHI** Rapprokkararnir njóta gríðarlegra vinsælda í Japan.

Jazz

HONDA
The Power of Dreams

# Jössuð frumsýning



Verðlaun
- Bíll ársins á Íslandi í sínum flokki árið 2003
- Hagkvæmasti bíllinn; Auto Express 2004
- “Best Supermini”; BBC Magazine Awards 2004
- “Best build Quality”; Auto Express 2004

HÉR & NÚ / SÍA

→ Vel búinn 1.4i LS, 5 dyra, 83hö, beinskiptur verð aðeins

**1.499.000** kr.

**15.659** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Þessi lipri og knái bíll frá Honda er svo rúmgóður og býður upp á svo mikla möguleika að hann er sannkallaður fjölnotabíll en á verði smábíls. Hvort sem þú snattast í innkaupum, ferjar fjölskylduna eða flytur vörur hentar Honda Jazz frábærlega. Honda Jazz býður jassaðan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Og verðið ... meiriháttar jassað. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum, kraftmikill og áreiðanlegur – sannkallaður jassgeggjari.
**Komdu og upplifðu þennan frábæra bíl.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Ath! 25% afsláttur! Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó

LAUGARÁS BÍÓ

ego Meira fyrir peninginn




BAKÞANKAR
STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

## Breyttur heimur

Veröldin er alltaf ný. Og það er ekki bara hvunndagur okkar hinna óbreyttu sem hefur breyst hratt og örugglega undanfarin ár og áratugi. Ótrúlegar breytingar hafa líka orðið hjá eðalbornu og tignu fólki úti í Evrópu, hjá þeim fjölskyldum sem reynt hafa eftir megni að standa óhaggaðar og sem fastast á gömlum gildum og jafnvel úreltum. Liðin vika hefur minnt á þetta.

**LÖGSKILNAÐUR** þeirra Jóakims Danaprins og Alexöndru fyrrum konu hans hans gekk í gegn í vikunni. Marta Noregsprinsessa eignaðist aðra dóttur sína, en ekki á fæðingardeild sjúkrahúss, nei það var heimafæðing í einu af sumarhúsum konungsfjölskyldunnar. Rainier fursti í Mónakó lést en það er svo sem meðal þess sem stendur óhaggað að við fæðumst og deyjum. Sonur furstans, Albert, hefur tekið við furstatigninni en honum hefur hvorki lánast að finna sér lífsförunaut né eignast erfingja og mál manna er að hann sé samkynhneigður.

**KARL BRETAPRINS** gekk í gær að eiga hina umdeildu heitkonu sína til ára eða áratuga, eftir því hvernig talið er, Camillu Parker Bowles, sem nú er hennar konunglega hátign hertogynjan af Cornwall. Að vísu varð að fresta brúðkaupinu vegna útfarar Jóhannesar Páls páfa en Camillu munaði sjálfsagt ekki um að bíða í einn sólarhring í viðbót við allan þann tíma sem hún hefur beðið eftir prinsinum sínum góða. Gestalisti brúðkaupsins var athyglisverður því þar virtust leikarar og annað frægðarfólk eiga sér fleiri fulltrúa en hin hefðbundnu fyrirmenni, sem vanalega eru uppistaðan í gestalistum konunglegra brúðkaupa, og móðir brúðgumans Bretadrottningin sá sér ekki fært að vera fullgildur þátttakandi í atburðum dagsins.

**ÚTFÖR PÁFANS** var vissulega stærsti viðburður vikunnar og þegar að viðburðum í Páfagarði kemur er breyttur heimur ekki það fyrsta sem upp í hugann kemur. Þegar að er gáð hefur þó mikið breyst frá því að páfi var síðast til grafar borinn og nýr valinn. Til dæmis hafa örugglega aldrei jafnmargir fylgst með útför nokkurs manns eins og þeir sem fylgdust með útför páfa um heim allan á föstudag. Hver veit svo nema ferskir vindar muni leika um Páfagarð á næstunni og frjálslyndur kardináli setjast í stól páfa. Og þó!


Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér

www.icelandexpress.is




NÚ ER EINFALT AÐ ELTA GÓÐA VEÐRIÐ!

**Veðurhorfur á landinu:** Norðlæg átt, víða 15–25 m/s en hægari norðvestan- og vestanlands. Á Suður- og Vesturlandi er snjókoma og slydda en él annars staðar. Frost 4 til 12 stig. Mundu að þú hefur val! Finndu besta veðrið í Evrópu og smelltu þér á icelandexpress.is! Tívolíið í Kaupmannahöfn skartar sínu fegursta á meðan Eye of London horfir letilega yfir London, en vorið er löngu komið í Frankfurt.

Munið frítt í fríið leikinn á icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

FÓTBOLTI – FRÁ 49.900 KR icelandexpress.is
FORMÚLA – FRÁ 64.900 KR icelandexpress.is
TÓNLEIKAR – FRÁ 49.900 KR icelandexpress.is
GOLF – FRÁ 47.900 KR icelandexpress.is

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600





NÝR SÝNINGARSALUR
í verslun okkar í **Smáralind.**
**Ódýrar, ósamsettar innréttingar** í eldhúsið, baðherbergið og svefnherbergið – beint af lager.

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ELDHÚSIÐ - BAÐHERBERGIÐ - FATASKÁPAR



NÝTT!
Settu það saman og notaðu afganginn í eldhústækin!
AEG heimilistæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.

HTH ORMSSON SMÁRALIND